

# ÓLI GOTT GIFTI SIG



„Ekki sjálfgefið að fá aftur tækifæri“

22. JÚNÍ 2018 / 24. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

## Kristín fann föður sinn á fimmtugsaldri

Ágætt að  
hann hét  
líka Jón



# DV



## Bill Murray MISSTI AF VEISLU HJÁ GUÐNA TH.

## AFBURÐANEMANDI SEM FÉKK EKKI HJÁLP



✚ Kristján Steinþórsson  
Fæddur 28.01.1992 Dáinn 09.06.2018

# JARÐ- SETTUR Í VIKUNNI

■ Hótaði að hoppa fram af svölunum og fékk svarið: „Já, það er þá bara þitt mál“



## Fjölskyldur á götunni vegna svika bæjarfulltrúa



## Á Alþingi og með alvarlegt krabbamein

■ „Svona áfall kemur  
ekki endilega fram í  
sálarlífinu strax“

Margar gerðir af  
**FARANGURSBOXUM**



Dráttarbeisli  
undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

# RECARO

Barnabílstólar í úrvali



SEAT  
FIX

AIR  
CIRCULATION  
SYSTEM

LIGHT  
WEIGHT

ECE  
NORM  
R 44/04

HERO


ISO  
FIX

ADVANCED  
((SIDE))  
PROTECTION

3POINT  
BELT

**BÍLASMIÐURINN HF**

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



**Lítt þekkt ættartengsl:**

## Íþróttafréttamaðurinn og rithöfundurinn

Mikið mæðir á íþróttafréttamönnum landsins á meðan Heimsmeistaramótið í knattspyrnu stendur yfir. Reyndar vorkenna fáir Íslendingar þessum

ágætu einstaklingum vegna vinnuálagsins enda líklega í besta starfi landsins

þessi dægrin. Einn af þeim sem stendur í eldlínunni er Haukur Harðarson, íþróttafréttamaður Ríkisútvarpsins. Færri vita að föðuramma Hauks er rithöfundurinn og fyrrverandi þingmaðurinn, Guðrún Helgadóttir, sem eflaust fylgist vel með barnabarninu í Rússlandi.



## Á þessum degi, 22. júní

**1633** – Kapólska kirkjan neyðir Galileo Galilei til þess að draga tilbaka yfirlýsingu sína um að sólin væri miðpunktur alheimsins en ekki jörðin.



**1783** – Eitruð aska frá eldgosi í Lakagígum berst til Le Havre í Frakklandi.



**1911** – Georg V. er útnefndur konungur Bretlands.

**1941** – Þjóðverjar hefja innrás sína inn í Sovétríkin.



**1986** – Diego Maradona skorar umdeilt mark gegn Englandi á HM sem kallað er „hönd guðs“.

# Bill Murray missti af veislu á Bessastöðum

■ Villuráfandi um Arnarhól ■ Lék á alls oddi í Hörpu

Einn af hápunktum Listahátíðar Reykjavíkur var sýningin New Worlds með stórstjórnuna Bill Murray í aðalhlutverki. Alls voru tvær sýningar á verkinu sýndar í Eldborgarsal Hörpu um síðustu helgi. Í verkinu tók Murray höndum saman við þrjá heimsþekktu hljóðfæraleikara og því var um að ræða skemmtilega blöndu af sígildri tónlist, úrvals bókmennta-textum og sönglögum í flutningi fjórmeninganna.

Sýningin féll vel í kramið hjá áhorfendum og að sjálfsgöðu vann Murray hug og hjörtu þeirra. En það var ekki síður utan tónlistarhallarinnar sem Murray sló í gegn. Hann setti mikinn svip á borgarlífið þessa daga sem hann dvaldi í Reykjavík og hafa blaðamenn DV heyrt allnokkrar sögur af kappanum.

Þannig átti Murray að mæta í hóf á Bessastöðum hjá Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, á þjóðhátíðardaginn. Hófið var til heiðurs þeim listamönnum sem tóku þátt í Listahátíðinni en óumdeilanlega var Hollywood-stjarnan aðalgesturinn. Það fór þó ekki svo að Murray nyti gestrisni forsetans því stjarnan missti af boðinu.

Kona ein rakst á leikarann vafrandi um Arnarhól. Murray heilsaði konunni kumpánlega og spurði hvar forseti Íslands byggi eiginlega því hann ætti að heimsækja hann kl. 18.00. Konan benti stórleikaranum þá á að forsetinn ætti heima á Álftanesi, þangað væri talsvert ferðalag og það væri slæmt í ljósi þess að aðeins væru fimm mínútur til stefnu. Murray leit þá á klukkuna, yppti öxlum og sagði: „Þá næ ég því ekki. Get ég gert eitthvað annað skemmtilegt hérna?“

Þá vakti hressileg innkoma Murray einnig athygli á skemmtistaðnum Pablo Discobar á föstudagskvöldið. Stórleikarinn var í góðum gír þegar hann gekk í gegnum troðfullt dansgólfið og að barborði skemmtistaðarins þar sem hann keypti drykk handa sér og meðreiðarsveinum sínum. Þá gekk upp að honum ungur maður



Hollywood-leikarinn Bill Murray heillaði Ragnheiði Sverrisdóttur upp úr skónum með kímniáfgu og vinalegri framkomu.

Murray heilsaði konunni kumpánlega og spurði hvar forseti Íslands byggi eiginlega því hann ætti að heimsækja hann kl. 18.00. Konan benti stórleikaranum þá á að forsetinn ætti heima á Álftanesi, þangað væri talsvert ferðalag og það væri slæmt í ljósi þess að aðeins væru fimm mínútur til stefnu.

ur og gerði sig líklegan til þess að heilsa upp á kempuna. Murray horfði vinalega á hann og mælti: „Mig langar ekki til þess að eiga samtal.“ Hrökkaðlist þá ungi maðurinn í burtu og fékk Murray að vera algjörlega í friði við barinn þar til að hann gekk út í nóttina.

Murray var öllu hressari eftir sýninguna á laugardeginum í Hörpunni. Þá kom hann inn í búningsherbergi sitt og hitti þar Ragnheiði J. Sverrisdóttur, starfsmann tónlistarhússins, sem var að gæta þess að stjarnan hefði allt til alls. Að sögn Ragnheiðar, sem ætíð er

kölluð Jonna, heilsaði stjarnan kumpánlega upp á hana. „Hæ, ég heiti Bill, hvað heitir þú?“ sagði leikarinn brosandí. Ragnheiður kynnti sig sem Jonnu og svaraði Murray því með orðunum „Aha, það er millinafnið mitt.“ Þau grínudust síðan enn meira með nafn Ragnheiðar sem Murray þótti frekar óþjálmt. Að endingu þakkaði hann henni kærlega fyrir að hugsa um herbergið og lét servíettu sem var krumpuð í eins konar bolta detta í hönd Jonnu. Hún hélt að þetta væri rusl og var við það að henda pappírnum þegar hún áttaði sig á því að um 5.000 króna peningaseðil var að ræða. „Þetta var skrytín en skemmtileg uppá-koma,“ segir Jonna. ■

## 5 sem gætu tekið við af Gylfa

Gylfi Arnbjörnsson gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu sem forseti Alþýðusambands Íslands. Nú er tækifæri fyrir fólk úr röðum VR, Eflingar og Sósíalistasflokks Íslands, sem og fyrrverandi stjórnmalamenn, til að láta ljós sitt skína. Af því tilefni tók DV saman lista yfir fimm einstaklinga sem gætu tekið við af Gylfa sem forseti ASÍ.



### Ögmundur Jónsson

Fyrrverandi ráðherra og formaður BSRB. Telur sig vera mann fólksins.



### Össur Skarphéðinsson

Annar fyrrverandi ráðherra sem vill ekki hverfa úr sviðsljósinu.



### Drífa Snædal

Framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, sagði sig úr Vinstri grænum vegna stjórnarsamstarfsins.



### Gunnar Smári Egilsson

Heilinn að baki Sósíalistasflokki Íslands. Yrði versta martröð Samtaka atvinnulífsins.

### Magdalena Kwiatkowska

Frambjóðandi til borgarstjórnar fyrir Sósíalista og gjaldkeri Eflingar. Einmitt, eins og venjuleg afgreiðslukona fengi að verða forseti ASÍ!





Fallegir gæðasófar á frábæru verði.

**20%**  
afsláttur af  
Mission sófum  
frá Eilersen\*



Skeifan 6 / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is



Áklæði	200x90cm	220x90cm	240x90cm	<b>Skemill</b>
<b>Pure Leður</b>	<b>606.000.-</b>	<b>656.000.-</b>	<b>706.000.-</b>	<b>149.000.-</b>
<b>Amdal/Modal</b>	<b>457.000.-</b>	<b>487.000.-</b>	<b>527.000.-</b>	<b>109.000.-</b>
<b>Tangent</b>	<b>397.000.-</b>	<b>437.000.-</b>	<b>477.000.-</b>	<b>91.000.-</b>



\* Gildir til 31. des 2018



## Skúli strætóbílstjóri vekur mikla athygli

Strætisvagnabílstjórinn Skúli Alexandersson hefur vakið mikla athygli undanfarið fyrir skrautlegt útlit sitt undir stýri og mynd af honum hefur meðal annars birst á Reddit. Það fer ekki fram hjá neinum að Skúli er dyggur stuðningsmaður íslenska knattspyrnulandsliðsins.

Skúli keyrir um á vagni skreyttum íslenska fánanum. Sjálfur er hann klæddur í íslenska treyju og buxur með Íslandsbótum, Íslandsfánabuff ber hann á höfði og er málður í framan. Treflar, svitabönd, armbönd allt merkt eldgamla Ísafold.

Þessi múndering Skúla hefur vakið mikla kátínu hjá farþegum Strætó, bæði útlendingum og Íslendingum og hefur hann varla undan við að láta mynda sig.

## Vissir þú...

Að lengsti tíminn milli fæðinga tvíbura eru 87 dagar.



Að fyrsta kvikmyndin þar sem leikari sést sturta niður úr klósetti var Psycho eftir Alfred Hitchcock.



Að elsti smokkurinn sem fundist hefur er tæplega 400 ára gamall. Hann var búinn til úr innnyflum fiska og dýra.



Að árið 1923 vann knapinn Frank Hayes veðreiðarkeppni í New York. Gallinn var sá að Frank naut ekki sigursins því hann fékk hjartaáfall í miðri keppinni og lést. A ótrúlegan hátt hélt lík Franks á baki reidina á enda.



Að Neil Armstrong var kannski fyrsti maðurinn til að stíga á tunglið en Buzz Aldrin var fyrsti maðurinn sem meig á tunglinu.

# Húsnæði bæjarfulltrúa rýmt vegna lögbrota

■ Aðstæður á vettvangi slæmar ■ Unnið er að því að koma leigjendum í hússaskjól

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson  
bjartmar@dv.is



**B**runavarnir Suðurnesja hafa rýmt húsnæði í eigu bæjarfulltrúans Magnúsar Sigfúsar Magnússonar, oddvita H-listans í sameinuðu sveitarfélagi Sandgerðis og Garðs, sem DV fjallaði um á dögunum. Ástæða rýmingarinnar var sú að stofnunin taldi húsnæðið ekki öruggt fyrir fólk að búa í. Samkvæmt heimildum DV var ástandið innandyrá slæmt. Magnús Sigfús, sem einnig er formaður Verkalýðs- og Sjómannafélags Sandgerðis, hefur um tíma leigt út íbúðarrými í ólögulegu iðnaðarhúsnæði og haft af því umtalsverðar tekjur. Þá hefur Magnús Sigfús viðurkennt að hafa veitt einstaklingi hússaskjól gegn því að hann ynni fyrir leigunni með skiptivinnu. Verkalýðshreyfingin háði harða baráttu til þess að útrýma slíkum viðskiptaháttum á árum áður. Í

samtali við DV segir Jón Guðlaugsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Suðurnesja, að starfsmenn stofnunarinnar hafi farið í eftirlitsferð í umrætt iðnaðarhúsnæði daginn eftir að blaðamaður hafi haft samband við hann vegna málsins. „Við fórum í skoðun þarna eftir að grein um þetta ákveðna húsnæði birtist og þetta leit alls ekki vel út. Eiganda var tilkynnt á staðnum að notkun á húsnæðinu til leigu sem íbúðarhúsnæði væri bönnuð og hann beðinn um að sjá til þess að húsnæðið yrði rýmt. Ég veit að það er í gangi að útvega fólki nýtt húsnæði og ég veit að að minnsta kosti ein fjöldskyldan sem var með börn þarna er komin út og í annað húsnæði.“ Jón hefur ekki fengið staðfest að allir séu farnir úr húsnæðinu en hann ætlar að sjá til þess

að það verði gert fyrir helgi. Þegar Jón var spurður úti hversu slæmt ástandið var út frá brunavörnum sagði hann: „Við máttum aðstæður með þeim hætti að það væri ekki hægt að líða það að það væri fólk búandi þarna“.

Þegar blaðamenn DV fóru á staðinn á sínum tíma var augljóst að húsnæðið sem Magnús Sigfús var að leigja út sem íbúðarhúsnæði stóðust litlar sem engar kröfur sem gerðar eru til slíks húsnæðis. Meðal annars voru engar brunavarnir til staðar. Þegar haft var samband við Jón Ben Einarsson, byggingarfulltrúa Sandgerðis og Garðs, og hann spurður úti hvort einhver vinna væri hafin við að skoða brot Magnúsar svaraði hann: „Nei, ég hef ekki brugðist neitt við þessu ennþá. Ég er al-


veg yfirhlaðinn og þetta er mál sem verður tekið fyrir á komandi misserum. Það er náttúrulega verið að bíða eftir nýrri bæjarstjórn og nefndum og svo framvegis.“ Spurður hvort það væri ekki hans hlutverk að bregðast við þessum málum innan bæjarfélagsins sagði hann: „Ég er ekki að fara í einhverjar eftirlitsferðir um sveitarfélagið að kanna hvernig aðstæður eru. Þetta er ekki forgangsmál“.

Þegar DV greindi frá málinu var H-listinn, sem Magnús Sigfús er í forsvari fyrir, í meirihlutaviðræðum við Sjálfstæðisflokkinn í hinu sameinaða sveitarfélagi. Upp úr þeim viðræðum slitnaði skömmu síðar. Þegar DV hafði samband við Magnús Sigfús Magnússon vegna málsins sagði hann: „No comment“ og skellti á blaðamann. ■



Magnús Sigfús Magnússon.

# ÍSLAND-NÍGERÍA





# ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR Í HALLGRÍMSKIRKJU

## THE INTERNATIONAL ORGAN SUMMER IN HALLGRÍMSKIRKJA

16. JÚNÍ – 19. ÁGÚST 2018 / JUNE 16 – AUGUST 19 2018

**Hádegistónleikar á miðvikudögum kl. 12**  
**Lunchtime concerts on Wednesdays at 12 noon**

### Schola cantorum

Schola cantorum, kammerkór Hallgrímskirkju, sem hlotið hefur ýmsar viðurkenningar og verðlaun fyrir tæran og vandaðan söng sinn, býður nú upp á sumartónleika sína í 10. sinn. Á efnisskrá Schola cantorum í sumar verða innlendar og erlendar kórperlur frá ýmsum tímum, m.a. eftir Mozart, Bruchner, Byrd og Mendelssohn. Hið tilkomumikla Klais-orgel mun stundum koma við sögu og af og til mun einsöngvari úr röðum kórfélaga hefja upp raust sína. Schola cantorum var valinn Tónlistarflytjandi ársins flokki sígildrar og samtímatónlistar á Íslensku tónlistarverðlaunum 2017. Stjórnandi kórsins frá upphafi er Hörður Áskelsson.

Schola Cantorum, the prize winning chamber choir of Hallgrímskirkja is celebrating it's 10th season of the popular Wednesdays Lunchtime Summer Concert this summer. The choir sings various beautiful music from their repertoire, both Icelandic choral pearls as well as famous choral works by Byrd, Bruchner, Mozart (Ave verum) and Mendelssohn, occasionally accompanied by the great Klais organ. Conductor is Hörður Áskelsson, Music Director of Hallgrímskirkja.




### Helgartónleikar

með alþjóðlegum konsertorganistum

### Weekend concerts


Saturday at 12 noon and Sunday at 5 pm  
with international concert organists



- 16<sup>th</sup> / 17<sup>th</sup> June Eyþór Franzson Wechner, Blönduós Church
- 23<sup>th</sup> / 24<sup>th</sup> June Björn Steinar Sólbergsson, Hallgrímskirkja, Reykjavík
- 30<sup>th</sup> / 1<sup>st</sup> July Irena Chřibková, St James Basilica, Prague, Czech Republic
- 7<sup>th</sup> / 8<sup>th</sup> July: Winfried Böinig, Cologne Cathedral, Germany
- 14<sup>th</sup> / 15<sup>th</sup> July: Loreto Aramendi, Santa María Basilica, San Sebastian, Spain
- 21<sup>st</sup> / 22<sup>nd</sup> July: Thierry Escaich, Saint-Etienne-du-Mont, Paris, France
- 28<sup>th</sup> / 29<sup>th</sup> July: Thierry Mechler, Cologne Philharmonics, Germany
- 4<sup>th</sup> / 5<sup>th</sup> August: Elke Eckerstorfer, St. Augustin Church, Vienna, Austria
- 11<sup>th</sup> / 12<sup>th</sup> August: Hans-Ola Ericsson, Organ professor at McGill in Monreal, Canada
- 19<sup>th</sup> August: Hannfried Lucke, Mozarteum University, Salzburg, Austria.

**Hádegistónleikar á fimmtudögum kl. 12**  
**Lunchtime concerts on Thursdays at 12 noon**

- 21<sup>st</sup> June Baldvin Oddsson trumpet and Steinar Logi Helgason organist of Háteigskirkja, Reykjavík
- 28<sup>th</sup> June Elísabet Þórðardóttir, organist at Kálfatjarnarkirkja, Hafnarfjörður
- 5<sup>th</sup> July Kitty Kovács, organist of Landakirkja, the Westmann Island
- 12<sup>th</sup> July Pamela Sensi flute, Steingrímur Þórhallsson organist of Nes Kirkja
- 19<sup>th</sup> July Þórunn Elín Pétursdóttir soprano and Lenka Mátéová organist of Kópavogskirkja, Kópavogur
- 26<sup>th</sup> July Lára Bryndís Eggertsdóttir, organist, Reykjavík
- 2<sup>nd</sup> August Kári Þormar, organist of Reykjavík Cathedral
- 9<sup>th</sup> August Friðrik Vignir Stefánsson, organist of Seltjarnarnes Church
- 16<sup>th</sup> August Jónas Þórir Jónasson, organist of Bústaðakirkja, Reykjavík





# Um 800 manns hafa framið sjálfsvíg á rúmum 20 árum

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson  
bjartmar@dv.is

**A**lls féllu 798 einstaklingar fyrir eigin hendi hér á landi á árunum 1996 til 2017 samkvæmt upp-

lýsingum frá Landlækniseimbættinu. Karlmenntu eru í miklum meirihluta, en af þeim 798 sem frömdu sjálfsvíg, voru 619 karl-

menn og 179 konur. Aðeins eru tekin til greina staðfest sjálfsvíg og því eru tölurnar eflaust enn hærra að sögn Salbjargar Bjarnadóttur, geðhjúkrunarfræðings hjá Landlækniseimbættinu. Að sögn Salbjargar hefur margt færst til betri vegar í málaflöknum á undanförunum árum og geðheilbrigðismál njóta sífellt meiri athygli hjá yfirvöldum. Landlækniseimbættið hefur sent velferðarráðuneytinu tillögu um að stofna sérstaka þróunarstofu sem myndi sinna eingöngu málefnum sem koma að sjálfsvígum og forvörnum gegn þeim. „Það má segja að þau úrræði sem séu í boði séu hingað og þangað í samfélaginu í dag og því er mikilvægt að fá allt undir einn hatt,“ segir Salbjörg.

Hjálparsími Rauða Krossins 1717 sinnir vandamálum af öllum stærðum og gerðum. Þangað hringja einstaklingar reglulega inn vegna sjálfsvígshugsana. „Við veitum sálrænan stuðning, við hlustum og við bendum þeim sem hringja inn til okkar á úrræði sem eru til staðar í samfélaginu. Það er því miður ekki um auðugan garð að gresja þar,“ segir Hanna Ólafsdóttir, verkefnafulltrúi hjá Hjálparsíma Rauða Krossins 1717. Að hennar mati vantar sárlega sálfræðinga inn á heilsugæslurnar þar sem það sé ekki á allra færi að borga fyrir tíma hjá sálfræðingi eða geðlækni á einkastofu. „Við vísam alvarlegustu tilfellum á bráðamóttökum og hvetjum fólk til þess að leita sér lækninga þar. Það er því miður mjög mikil aðsókn á bráðamóttökum og á sama tíma er krafa

um niðurskurð á þeim vettvangi,“ segir Hanna. Þá segir hún sumarlokani hinna ýmsu geðheilbrigðisdeilda bagalegar. „Við finnum fyrir mikilli þörf í samfélaginu fyrir góðu aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu,“ segir Hanna. Árið 2017 fékk Hjálparsíminn 1717 rúm 720 símtöl sem tengdust sjálfsvígshugsunum en samtals svöruðu sjálboðaliðar Hjálparsímans yfir 15.000 símtölum allt árið 2017.

Áður nefndar sumarlokani eru talsvert umfangsmiklar hjá geðheilbrigðisstofnunum þetta sumarið. Má þar nefna að móttökudeild fíknimeðferðar verður lokuð í tvo mánuði, endurhæfingardeildin í rúman mánuð, dagdeild Hvítabandsins einnig í rúman mánuð og svo verður dagdeild átröskunarteymis lokuð í rúma tvo mánuði í sumar. Allar þessar lokani eru vegna mannekle á þessum sviðum sem hefur verið mikið vandamál undanfarin ár á geðheilbrigðisstofnunum landsins. Talið er að allt að 500 hjúkrunarfræðinga vanti til starfa hjá Landspítalinum á öllum deildum. Það er því augljóst að þeir sem eiga við geðheilbrigðisvandamál að stríða þurfa að búa við mjög skerta þjónustu í sumar.

Hægt er að leita sér aðstoðar hjá Hjálparsíma Rauða krossins í síma 1717 allan sólarhringinn.

Næsti kafli hefst

HJÁ OKKUR

hafðu samband

**GIMLI**  
FASTEIGNASALA

Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík  
s. 570 4800 / gimli@gimli.is





GUIDELINE  
Wychwood



VATNSHELDUR RENNILÁS

3 LAGA NÆLON MED DWR

20000MM VATNSHELDNISSTUÐULL

— WYCHWOOD SOURCE  
**PAKKATILBOÐ**

**KR 24.950,-**

25000MM VATNSHELDNISSTUÐULL

— GUIDELINE ALTA  
**PAKKATILBOÐ**

**KR 83.500,-**

VATNSHELDUR TZIP RENNILÁS

ULTRA SONIC SAMSUDA

— ENGIR INNAN SAUMAR

4 LAGA NÆLON TASLAN

— GUIDELINE LAXÁ  
**PAKKATILBOÐ**

**KR 46.950,-**

NEOPRENE SANDHLÍFAR

— NEGLDIR GÚMMÍBOTNAR

VIBRAM SÓLAR

## GLÆSILEGIR VÖÐLUPAKKAR

Vöðlurnar frá Guideline og Wychwood eru traustar, þægilegar og slitsterkar. Ótrúlega léttar og stútfullar af allskyns eiginleikum svo stundir þínar á bakkanum verði sem ánægjulegastar. Mikil og góð vatnsheldni og öndun.  
- henta vel við allar íslenskar aðstæður.



DriftXL var valin í öðru sæti sem besta fluguveiðistöngin á eftir SAGE SALT HD á EFTTEX vörusýningunni árið 2017

VERÐ FRÁ

**KR 26.990,-**



Allir sem versla sér Drift eða DriftXL stöng eiga þess kost að fá sér hjól frá Alfa á 20% afslætti!

### VEIÐITÖSKUR Í ÚRVALI

Mikið úrval af veiðitöskum, bakpokum, sling bags, mittistöskum, og græjugeymslum!



BOATMAN

**KR 17.890,-**

### FLUGUBARINN

er stútfullur af ljúffengum flugum fyrir alla veiði  
VERÐ FRÁ 200 KR STK!



ÚTSKIPTANLEGIR  
BOTNAR

### UPPFÆRÐU PAKKANN MEÐ KORKERS

15% afsláttur af Korkers vöðluskóm ef þú uppfærir og breytir vöðlupakkanum með Korkers.

ÞETTA ER FYRIR ÞÁ SEM VILJA ÞAD ALLRA BESTA

VÖNDUÐU FLUGUVEIÐIVÖRUNAR - MÖGULEGA BESTA VERÐIÐ Í BÆNUM

GUIDELINE  
It's all about the experience

FULLINGMILL  
MAKING THE GAME

Wychwood

Korkers

UMPQUA

ALFA

HLÍÐASMÁRI 13  
201 KÓPAVOGUR  
SÍMAR: 833 6440 / 833 6441  
Opíð virka daga frá 16:00 til 20:00  
Laugardaga opíð frá 11:00 til 16:00

info@flugubullan.is  
http://www.flugubullan.is



facebook.com/flugubullan/



# LÉST EFTIR LANGA BARA VIÐ ÞUNGLYNDI OG KVÍ

■ Kerfið brást afburðanemandanum Kristjáni ■ Var ári á undan í skóla vegna náms

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



Þann 9. júní síðastliðinn fannst Kristján Steinþórsson, 26 ára, látinn í herberginu sínu sem hann hafði á leigu í Hafnarfirði. Kristján hafði glímt við þunglyndi og önnur andleg vandamál um langt skeið og hafði sokkið í mikla fíkniefnaneyslu. Á sínum yngri árum var hann afburðanemandi, sá besti í skólanum, og hafði allt til brunns að bera til að eiga gæfuríkt og gott líf en kerfið brást honum á öllum stigum. Þegar hann grátbað um aðstoð á sinni myrkustu stund mættu honum sinnuleysi og hroðvirknisleg vinnubrögð. Afleiðingin er sár, bæði fyrir fjölskyldu hans og vini og samfélagið allt.

## Mistök og skeytingarleysi í móttöku geðdeildar

„Kristján heiti ég og er fíkill. Ég mætti niður á geðdeild Landspítalans fimmtudaginn 3. maí í slæmu ástandi vegna vímu. Þá var mér tjáð að það væru engin laus pláss á deild 33a, þar sem ég sótti um að komast inn, en hringt yrði á mánudaginn 7. maí og mér boðin innlögn.“

Þetta eru orð Kristjáns Steinþórssonar, 26 ára, þegar hann var mjög langt niðri þann 15. maí síðastliðinn og sendi DV bréf. Kristján hafði glímt við þunglyndi, kvíða og félagsfærni um langt skeið og sautján ára fór hann að leita í fíkniefni til að deyfa sársaukann. Í kringum jólin árið 2017 var hann farinn að leita í harðari efni og sökk hratt niður í dýpi þunglyndis og fíkniefnaneyslu.

„Við biðum og biðum á mánuðeginum og ekkert kom símtalið, þannig að við ákváðum að fara aftur niður á bráðamóttöku. Þar var ekki tekið vel á móti okkur, en ekki illa heldur þannig séð, og okkur tjáð að sú sem tók á móti okkur á fimmtudeginum hefði sent beiðnina á vitlausan stað og ég var ekki kominn inn í kerfið.“

Í millitíðinni höfðum við samband við bæði Vog og Hlaðgerðarkot og ég fékk pláss á Hlaðgerðarkoti. Samningur er í gildi á milli Hlaðgerðarkots og geðdeildarinnar um að þeir sem eru með staðfest pláss þar gangi fyrir á biðlistanum á deild 33a.

Þá fórum við aftur á bráðamóttöku geðsviðs á miðvikudaginn og hjúkrunarfræðingurinn þar hafði aldrei heyrt um þann samning. Ég talaði við yfirlækni og hann staðfesti að ég ætti að ganga fyrir. Í dag var hringt og ekkert laust pláss fyrir mig og ég var ekki einu sinni kominn á biðlista til að kom-

„Ég hótaði þá að hoppa fram af svölunum og fékk aðeins svarið: „Já, það er þá bara þitt mál.““

ast á deild 33a. Ég hótaði þá að hoppa fram af svölunum og fékk aðeins svarið: „Já, það er þá bara þitt mál.“

Í hvert skipti sem ég þarf að mæta á bráðamóttökuna kostar það mig 6.400 krónur, og fyrir fíkillinn mig sem er með skuldir upp fyrir haus er það enginn smá peningur.“

## Fannst látinn eftir að hann komst ekki inn á Teig

Dagbjört Þráinsdóttir, móðir Kristjáns, og systir hennar Andrea sögðu blaðamönnum DV frá ævi Kristjáns og hvernig kerfið brást honum. Þær kenna engum einum um og eru ekki að leita að sökudólgi. En samkvæmt þeim er kerfið í rúst og eitthvað verður að gerast því annars verða fleiri aðstandendur í sömu sporum og þær. Dagbjört segir:

„Það voru gerð endalaus mistök á geðdeildinni. Kristján átti að fara á biðlista en hann var búinn að mæta þrisvar sinnum þegar það kom í ljós að það hafði aldrei verið gert og hann var alltaf sendur heim eftir það. Þennan dag áttu þeir að hafa samband við hann en þeir hringdu ekki þannig að hann

„Ég sagði við hann að nú gæti sú staða komið upp að hann yrði ekkert endilega hæstur í bekknum en hann gerði sér lítið fyrir og varð samt langhæstur þó hann hefði sleppt heilu ári.“

hringdi sjálfur. Þá fékk hann þær fréttir að hann þyrfti að bíða í einhverja daga til viðbótar.“

Andrea bætir við: „Þá var hann búinn að gefast upp og missa alla von. Hann vildi komast inn núna og sagði konunni sem hann talaði við að hann gæti ekki beðið lengur.“

Kristján komst loksins inn á geðdeild Landspítalans og var þar í eina viku. Eftir þá dvöl átti hann að komast í fíknimeðferð á Teig og var bjartsýnn á að komast þar inn. Taka átti einn hóp inn á Teig áður en sumarfríin hefðust og meðferðarheimilinu yrði lokað í heilan mánuð. En þegar honum var tjáð



Dagbjört og Kristján.



að hann hann kæmist ekki inn fyrir en í haust var það slíkur skellur að hann byrjaði aftur í harðri neyslu.

Andrea segir:

„Við vorum alveg vissar um að hann vildi hætta í neyslu því að



# ÁTTU ÞÁ

shæfileika sinna



„Hann þurfti ekkert að hafa fyrir því að læra. Sem dæmi þá sleppti hann áttunda bekknum. Þá vorum við búin að ræða mikið saman um þetta því hann var vanur því að vera langhæstur í bekknum. Ég sagði við hann að nú gæti sú staða komið upp að hann yrði ekkert endilega hæstur í bekknum en hann gerði sér lítið fyrir og varð samt langhæstur þó hann hefði sleppt heilu ári.“

Á unglingsárum Kristjáns bjó fjölskyldan í Vogum og Kristján sótti Stóru-Vogaskóla. Árið 2005 var hann með hæstu meðaleinkunina í sjöunda bekk, 2006 í þeim níunda og árið 2007 var hann verðlaunaður fyrir bestan árangur í tíunda bekk, bæði heilt yfir og í íslensku og stærðfræði.

Aðrir krakkar sóttust mikið eftir því að vera með honum en Kristján greindist snemma með félagsfælni og var tregur til að vera innan um fólk. Andrea segir:

„Öllum sem kynntust honum líkaði vel við hann strax við fyrstu kynni. Ég þekki ekki neinn sem var illa við hann. Krakkarnir vildu vera vinir hans og voru alltaf að reyna að hafa samband og reyna að fá hann með en hann vildi alltaf vera heima. Það eru mörg ár síðan hann lokaði sig frá umheiminum, hann hitti aldrei neina fyrir utan fjölskylduna og var meira að segja hættur að mæta í fjölskylduböð.“

Kristján sótti einn vetur í Menntaskólanum í Hamrahlíð og nokkrar annir í Fjölbrautaskóla Suðurnesja en flosnaði þá upp úr námi. Kerfið greip ekki inn í á neinum tímupunkti og greindi að þarna var drengur í miklum erfiðleikum. Þá fór að bera á þunglyndi og miklum kvíða. Í eitt skipti leitadi Dagbjört með hann til geðlæknis en lítið kom út úr þeirri heimsókn. Kristján lokaði sig af í herberginu sínu, hlustaði á tónlist og las mikið á netinu.

### Duglegur í vinnu og komst aldrei í kast við lögin

Um sautján ára aldur fór Kristján að nota fíkniefni til þess að deyfa sársaukann, fyrst kannabis og önnur vægari efni. Dagbjört segir:

„Hann var svo klár að hann var búinn að komast að því að magalyf sem hann þurfti að taka, Immodium, var hægt að misnota. Það er hægt að kaupa einn pakka í lausa-sölu, stundum eru afgreiddir tveir. Þegar hann talar fyrst um þetta við lækna þá trúðu þeir honum ekki því hann var sautján ára. Það er morfinskyt efni í þessu og ef þú tekur nógu mikið þá kemstu í vímu.“

Eftir að Kristján hætti í skólanum fór hann að vinna og starfaði lengi hjá Dominos í lagerstörfum. Hann var duglegur í vinnu og yfirmenn hans voru ánægðir með hann. Honum var treyst fyrir stöðu lagerstjóra í afleysingum.

En reglulega, um það bil einu sinni á ári, kom það fyrir að Kristján gat ekki unnið vegna þunglyndis sem leiddi til fíkniefnaneyslu. Aldrei komst hann í kast við lögin og aldrei var hann handtekinn. Andrea segir:

„Þó hann væri í neyslu þá var hann ekki að fara af heimilinu. Það var ekkert djamm á honum eða neitt svoleiðis.“

Með hverju árinu sökk Kristján dýpra og dýpra í þunglyndi án þess að fá faglega aðstoð. Undir lok ársins 2017 var hann kominn í harða fíkniefnaneyslu lyfseðilsskyldra lyfja á borð við Xanax og Oxycontin. Um tíma í vor náði hann að hætta neyslunni en neyslan var aðeins aukaafurð. Til að sigrast á henni þurfti hann að vinna bug á sínum andlegu veikindum sem voru orsök og þá brást kerfið honum. Dagbjört segir:

**Alltaf með bestu einkunnirnar**  
Kristján hafði allt til brunns að bera til að eiga gott og gæfuríkt líf. Hann átti fjölskyldu sem studdi hann, hann var afburðanemandi í skóla og vinsæll meðal allra sem kynntust honum. Dagbjört segir:

Þó hann væri í neyslu þá var hann ekki að fara af heimilinu. Það var ekkert djamm á honum eða neitt svoleiðis.

„Í raun finnst okkur viðmót starfsfólksins ekki vera aðfinnsluvert, nema í þetta eina skipti. Það voru skrýtin svör hjá fagaðila. Það þarf að gera meira í þessum málum því við erum að missa fleiri og fleiri. Það virðast ekki vera til úrræði fyrir þetta fólk. Það þarf að vera hægt að grípa fólk sem lendir í andlegri krísi áður en það fer að reyna að



Yfirburðarnemandi Tekur við verðlaunum í 10. bekk.

lækna sig sjálf með því að reykja gras og prófa hin og þessi efni til þess að deyfa sársaukann.“ ■

Hægt er að leyta sér aðstoðar í Hjálparsíma Rauða krossins í síma 1717 allan sólarhringinn.



## Skoðaðu þjónustu okkar á Xprent.is

- Inni- og útimerkingar
- Sandblástursfilmur
- Striga- og ljósmyndaprentun
- Bílamerkingar
- Gluggamerkingar
- Prentun á símahulstur
- Frágangur
- ... og margt fleira

# XPRENT

## Hönnun & Merkingar

SUNDABORG 1, REYKJAVÍK / SÍMI 777 2700 / XPRENT@XPRENT.IS

## LOKUM 20. JÚLÍ VEGNA FLUTNINGA

HLÖKKUM TIL AÐ TAKA Á MÓTI  
YKKUR 14. ÁGÚST AÐ GYLFAFLÖT 6-8





# Fanntófell

Gylfaflöt 6 - 8

# Kristín var rangfeðruð en fann föður sinn á fimmtugsaldri

■ „Ágætt að hann hét líka Jón“ ■ Þarf að fara í mál við Þjóðskrá til þess að fá faðernið viðurkennt

Björn Þorfinnsson  
bjornth@dv.is



Það sem kom fyrir mig getur hent alla þá sem undirgengust faðernispróf á Íslandi á áttunda áratuginum. Prófið sem var notað var meingallað og því fékk ég ranga niðurstöðu. Mér finnst því hróplegt óréttlæti að ég þurfi að fara fyrir dómstóla til þess að fá viðurkenningu á því hver sé raunverulega faðir minn," segir Kristín Jónsdóttir í samtali við DV. Kristín, sem er íslenskur ríkisborgari en hefur verið búsett utan landsteinanna bróðurpart lífsins, fann á dögnum líffræðilegan föður sinn í Texas í Bandaríkjunum. Hún freistar þess nú að fá hann skráðan á fæðingavottorð sitt en þarf að leita til íslenskra dómstóla þó að öll nauðsynleg gögn séu til staðar. Faðir hennar yrði ekki fyrsti karlmaðurinn sem yrði skráður á fæðingavottorð hennar en í tæpa þrjá ártugi var annar íslenskur maður skráður faðir Kristínar. Allt út af gölluðu faðernisprófi.

## Var 15 ára þegar hún hittir fyrst meintan föður sinn

Kristín, sem er skráð Jónsdóttir, fæddist á Íslandi árið 1970 en rúmum þremur árum síðar fluttist hún til Ottawa í Kanada ásamt móður sinni. „Mamma kynntist kanadískum stjúpfaðir mínum og giftist honum," segir Kristín. Þegar hún komst til vits og ára varð hún forvitin um hver blóðfaðir sinn væri og að endingu gaf móðursystir hennar upp nafn á íslenskum manni. Sá hét Jón en hann hafði undirgengist faðernispróf á Íslandi árið 1972 og var því skráður



Kristín bregður á leik ásamt föður sínum, Jon Lambert.

faðir Kristínar í fæðingavottorði hennar. „Mamma var ekki hrifin af því að ég væri að leita að föður mínum og hélt honum því leyndum fyrir mér. Ég hittir Jón fyrst árið

1985 þegar ég fluttist til Íslands til þess að búa hjá ömmu minni og afa um hríð. Ég vissi þá hvar hann vann og ég hótaði mömmu að ég myndi storma inn á vinnustað

hans og kynna mig þar nema að hún myndi koma mér í samband við hann," segir Kristín.

Móðir hennar ákvað því að hringja í Jón og í kjölfarið hittir Kristín meintan föður sinn og fjölskyldu hans. „Við fórum út að borða á Naustinu. Það gekk ágætlega til að byrja með en að lokum kom það í ljós að Jón og eiginkona hans höfðu miklar efasemdir um faðernisprófið og báðu mig um að fara í beinmergspróf," segir Kristín. Hún segist hafa verið skapmikill unglingur og ekki tekið því vel. Daginn eftir fór hún ein niður í Borgardóm og krafðist þess að fá upplýsingar um hvort faðernisprófið gæti verið gallað. „Skila-boðin voru þau að það væri útilokað," segir Kristín.

## Föðurlaus á fertugsaldri

Árin liðu og þrátt fyrir að Kristín byggi ekki á Íslandi þá heimsótti hún landið reglulega til þess að hitta ættingja, vini og föður sinn. Árið 2000 ákvað hún að hafa samband við Jón og bauð honum að undirgangast DNA-próf til þess að fá öyggjandi sannanir fyrir faðerninu. „Ég var búsett í Englandi á þessum tíma og hann kom því út til mín og við fórum í prófið. Hann var búinn að hjálpa mér mikið og mér fannst að hann ætti skilið að fá 100% úr þessu skorði. Þannig fengi hann hugarró," segir Kristín.

Niðurstöðurnar voru ótvíræðar, útilokað var að Jón væri faðir Kristínar og í kjölfarið var nafn hans fjarlæggt af fæðingavottorði hennar. „Þetta kom mér eðlilega í opna skjöldu enda hafði ég í 15 ár verið handviss um að hann væri

Það voru íslensk yfirvöld sem rangfeðruðu mig með gölluðu faðernisprófi á sínum tíma. Ég myndi helst vilja fá afsökunarbeiðni vegna þeirra óþæginda og að Þjóðskrá myndi afgreiða umsókn mína hratt og vel.

faðir minn. Sérstaklega í ljósi þess að prófið sem við tókum átti að vera öyggjandi," segir Kristín. Hún hafi í kjölfarið aflað sér upplýsinga um faðernisprófið sem meintur faðir hennar hafði undirgengist.

„Þá kom í ljós að aðeins blóðflokkur hans var skoðaður og niðurstöðurnar dregnar út frá því. Þannig hefðu um 25% íslenskra karlmanna fengið þá niðurstöðu að þeir væru feður mínir," segir Kristín. Hún segist eðlilega hafa orðið fokvond út í heilbrigðis- og dómsyfirvöld og upplifað að það hafi verið logið að henni í öll þessi ár. Á fertugsaldri stóð hún nú uppi föðurlaus. „Við fengum ekki neina afsökunarbeiðni frá yfirvöldum eða neitt. Ég held að Jón hafi ekki einu sinni fengið meðlagsgreiðslurnar endurgreiddar," segir Kristín.

„Ágætt að hann hét líka Jón“ Síðan þá hefur Kristín leynt og ljóst leitað að föður sínum. Hún



Saumastofa  
ÍSLANDS

Við erum flutt á Malarhöfða 2  
110 Reykjavík, 2. hæð

Fataviðgerðir & fatabreytingar

*JS Watch co.*  
REYKJAVIK



## ÁFRAM ÍSLAND

JS Watch Co. Reykjavík úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar. Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu [www.gilbert.is](http://www.gilbert.is) eða [www.jswatch.com](http://www.jswatch.com).

**SHOP OF THE YEAR**  
Njörður Award 2013  
[www.jswatch.com](http://www.jswatch.com)



**GILBERT**  
ÚRSMÍÐUR  
Laugavegi 62 - sími: 551-4100





Kristín ásamt Logan bróður sínum sem hún kynntist á dögnum.

„Eitt leiddi af öðru og á endanum fórum við í DNA-próf. Þá kom fram að 99,99% líkur voru á því að Jon væri faðir minn.“

var við það að gefa upp vonina þegar kraftaverkið átti sér stað. Nálin í heystakknunum fannst. „Ég skráði mig inn á síðu sem heitir MyHeritage.com og setti inn upplýsingar um mig. Nokkru síðar var ég svo heppin að fá skilaboð um að bandaríska maður væri líklega frændi minn eða hálfbróðir,“ segir Kristín. Hún setti sig í samband við manninn og skömmu síðar var hún komin í samband

við bróður hans, Jon. „Eitt leiddi af öðru og á endanum fórum við í DNA-próf. Þá kom fram að 99,99% líkur voru á því að Jon væri faðir minn,“ segir Kristín. Hún segir að tilfinningin hafi verið afar góð, að leitinni væri loks lokið. „Hann hafði verið í bandaríska hernum og var um tíma staðsettur í Þýskalandi. Hann hafði síðan verið fluttur yfir til Englands um tíma og þar kynntist hann mömmu

minni Þau voru þar um tíma en svo skildu leiðir, hann fór aftur til Þýskalands og þaðan til Víetnam en hún fór heim til Íslands. Hann hafði oft leitt hugann að því að hvað hefði orðið um móður mína en kom ekki til hugar að hann hefði getið með henni barn,“ segir Kristín.

Hún segist hlakka til að kynast föður sínum og fjölskyldu hans betur á næstu árum. „Ég hef

alltaf verið skráð sem Jónsdóttir og því er ágætt að hann heitir líka Jón,“ segir Kristín og hlær dátt.

#### Þarf að fara í mál við Þjóðskrá

Henni er þó ekki hlátur í huga varðandi viðskipti sín við Þjóðskrá Íslands. „Ég sendi þeim strax öll gögn til þess að fá það skráð að Jon væri faðir minn og að fæðingarskírteini mínu, því eina sem ég á, yrði breytt,“ segir Kristín. Þar sem móðir hennar er látin og hún ekki með lögheimili á Íslandi fékk hún þær köldu kveðjur að hún þyrfti að leita sér lögfræðiaðstoðar. „DNA-prófið frá Englandi dugði eitt og sér til þess að taka Jón af fæðingavottorði mínu en núna dugir ekki DNA-próf frá viðurkenndri rannsóknarstofu og yfirlýsing Jons um að hann sé faðir minn. Ég þarf að fara með málið fyrir dómstóla á Íslandi og mun væntanlega hljóta af þessu mikinn kostnað. Mér finnst það mjög ósanngjarnt. Það voru íslensk yfirvöld sem rangfeðruðu mig með gölluðu faðernisprófi á sínum tíma. Ég myndi helst vilja fá afsökunarbeiðni vegna þeirra óþæginda og að Þjóðskrá myndi afgreiða umsókn mína hratt og vel,“ segir Kristín.

Hún hvetur einnig alla þá sem hafa farið í faðernispróf á þessum árum til þess að endurskoða málið. „Á þessum árum var notuð gölluð aðferðafræði til þess að fá úr faðerni skorið. Það gætu því verið margir rangfeðraðir Íslendingar vegna þeirra,“ segir Kristín. ■

## Vandaðar innréttingar



Hjá Parka færðu hágæða SCHMIDT innréttingar, sérsniðnar að þínum óskum og þörfum.

Þjóðum aðeins það besta fyrir þig!

Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is

Parki  
INTERIORS



## Borgaði 20 milljónir króna í hraðasektir

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson  
bjartmar@dv.is

Anders Wiklöf, ríkasti maður Álandseyja var gripinn af lögreglunni á Maríuhöfn, höfuðstað Álandseyja, við of hraðan akstur á leið sinni á listasýningu. Það er nú ekki frásögu færandi, ef undan er skilin sektarupphæðin sem er í hærri kantinum. Þegar Wiklöf var stöðvaður á Rolls Royce-eðalvagni sínum var hann á 71 kílómetra hraða þar sem hámarkshraðinn er 50 kílómetrar á klukkustund. Löggjöfin á Álandseyjum, sem er hluti af Finnlandi, er á þá leið að hraðasektir eru tekjutengdar og því seildist dómskerfið í dígra sjóði Wiklöf. Sektin sem auðkíf-

„Ég vona að þetta komi að góðum notum hérna í Álandseyjum, kannski fer þetta í heilbrigðismál eða skólamál.“

ingurinn var dæmdur til að greiða hljóðar upp á 63.680 evrur eða það sem samsvarar 8 milljónum króna.

Þannig vill til að þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Anders Wiklöf kemst í kast við lögin og þarf að greiða háa sekt. Árið 2013 var hann tekinn við að keyra á 77

kílómetra hraða á sama vegi og þurfti hann þá að greiða fyrir það brot 95.000 evrur eða það sem samsvarar 12 milljónum króna. Samtals hefur hann því þurft að greiða fyrir þessi tvö akstursbrot sín rúmar 20 milljónir króna á nokkrum árum. Í samtali við Nya Áland sagðist Anders vona að fjármunirnir sem hann þurfti að greiða fyrir brot sín verði notaðir til góðs: „Ég vona að þetta komi að góðum notum hérna í Álandseyjum, kannski fer þetta í heilbrigðismál eða skólamál.“

Hefði Anders verið að keyra á vegi hérna á Íslandi hefði sekt hans fyrir bæði brotin verið uppá samtals 70.000 krónur í stað þeirra 20 milljóna króna sem hann þurfti að greiða. ■

# VERJUM VERÐIÐ!



## DAUÐAFÆRI Á RISASKJÁM GERIST EKKI BETRA

### UNITED

#### United LED65X18 / LED75X18

X18 sjónvarpið frá United er flott tæki fyrir þá sem vilja stóran skjá á viðráðanlegu verði. X18 er nýjasta kynslóð sjónvarps-tækja með 4K UHD 3840x2160 punkta upplausn og 3D Comb Filter ásamt 16W Virtual Surround hljóðkerfi. Með alla helstu tengimöguleika svo auðvelt er að tengja við heimabíó, leikjatölvur og fleira. Tryggðu þér eintak strax í dag.

United sjónvörp hafa verið seld í tugþúsundavís á Íslandi í yfir 20 ár. Aðalsmerki United er hagkvæm, einföld og endingargóð tæki á góðu verði.

#### United LED65X18

**TILBOÐ**

**79.995**

FULLT VERÐ 99.995

#### United LED75X18

**TILBOÐ**

**169.995**

FULLT VERÐ 199.995



**Heimplistæki** ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

# Matur og menning

■ Brjálað að gera frá fyrsta degi ■ Djúsí borgarar og freyðivín á krana

Margrét H. Gústavsdóttir  
margret@dv.is



**G**randi Mathöll hefur algerlega slegið í gegn frá því að staðurinn opnaði fyrir rétt um þremur vikum.

Þetta er nokkuð sérstakt því yfirleitt tekur það veitingastaði góðan tíma að koma sér á flug. Óhætt er þó að álykta að stemmningin


og fantagóð fæða séu meðal þess sem dregur gestina að – fyrir utan þá staðreynd að Grandinn er á margan hátt að verða eins og nýr Laugavegur. Þar iðar allt af kúltúr og mannlífi, langt fram á kvöld, alla daga vikunnar.

Ljósmyndari og blaðamaður DV litu við í Mathöllinni og forvitnuðust um hvað þar er á boðstólum. ■



## Micro Roast Te og Kaffi

Egill Sigurðsson, vaktstjóri á Micro Roast, var í góðum gir á korktappakollinum þegar Ljósmyndara og blaðamann bar að garði. Micro Roast er vínbar í eigu Te og Kaffi en þar er sérstök áhersla lögð á svokölluð náttúruvín sem Egill segir yfirleitt framkalla mikið minni höfuðverk daginn eftir en þessi hefðbundnu. Hversu gott er það?



## HAGBLIKK

Álpakrennur & niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt & dökkrautt



Þakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi  
Þær eru einfaldar í uppsetningu

## HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C  
202 Kópavogur

Sími 587 2202  
hagblikk@hagblikk.is


hagblikk.is



## Kore – uppselt

Feðginin Ylfa og Atli Snær voru í góðum filíng á Kore þó allt hefði selst upp í básnum þeirra áður en hádegis kláraðist.

Atli Snær, sem útskrifaðist sem matreiðslumaður frá Michelin staðnum Dill, býður framandi kóreanskan mat með íslensku yfirbragði en allra vinsælasti rétturinn þeirra heitir „Jæja Kimchi“. Svona líka vinsæll. Hann selst stundum upp.



# í Grandda Mathöll



## LAX – eins og fiskur og flugvöllur

Sindri Freyr Mooney var á „skítafloti“ (kokkamál) þegar við mættum að básnum hjá LAX en gaf sér samt smá tíma til að pósa fyrir okkur ásamt Agnesi Freyju Björnsdóttur servitrisu.

LAX er svalur staður, aðallega af þeirri ástæðu að þar er hægt að fá prosecco glas af krana fyrir aðeins 890 krónur. Þetta er sannarlega nýlunda hér á landi sem reikna má með að slái temmilega í gegn enda hefur neysla á prosecco færst gríðarlega í aukana hjá vestrænu millistéttinni síðustu misserin. Svo mikið að sumir vilja meina að nú sé „sjampóið“ úti en prosecco inni.



## Rabarbarinn – líka á Hlemmi

Sigrún Hauksdóttir og Sóley Lúðvíksdóttir standa vaktina á Rabarbarnum en sá staður er einnig með útibú á Hlemmi. Þar fæst lífrænt ræktað grænmeti, gómsætar súpur og sitthvað fleira fyrir heilsuboltana.



## GO/Cuon Vietnam

Karen Lien Thinguyen rekur vietnamska staðinn Go/Cuon og býður upp á mat frá heimalandinu.



## Fjárhúsin – fjáranlega djúsi



## Gastro Truck – ekki flókið

Gylfi Bergmann fordast að flækja málin. Á Gastro Truck er aðeins boðið upp á einn rétt. Afbragðs kjúkingaborgara með tilheyrandi kryddum og hrásalati. Þessum rétti er varla hægt að lýsa. Fólk verður bara að prófa sjálft, – og ef þú kannst ekki að meta kjúlla þá er reyndar hægt að fá grænmetisútgáfu af kjamsinu.



**Fatboy Original**

**fatboy®**

VERÐ 23.650 KR.

[www.sekkur.is](http://www.sekkur.is)

Verslun á horni Ármúla og Grensásvegur

Einnig hægt að greiða með Netgíró.

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955  
 rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

**rekkjan**  
 HEILSURÚM



# Fyrrverandi landsliðspjálfarar spá í spilin og stilla upp byrjunarliði

■ Ásgeir, Logi, Guðjón og Óli Jó gefa Heimi ráð ■ Við vinnum leikinn með einu marki

Ódinn Svan Óðinsson  
odinn@dv.is

Nígeríumenn eru næsti andstæðingar Íslands á heimsmeistaramótinu í Rússlandi. Leikurinn fer fram í borginni Volgograd. Verkefnið er erfitt, íslenska liðið þarf ekki aðeins að takast á við efni-lega leikmenn Nígeríu, hitinn er gríðarlegur og moskítóflugur taldar líklegar til að leggja til at-lögu við strákana okkar. Þá neyðist Heimir Hallgrímsson landsliðs-pjálfari til að gera breytingu á liðinu sem hélt aftur af stórstjörnum Argentínu en kantmaðurinn Jóhann Berg Guðmundsson verður ekki með íslenska liðinu vegna meiðsla. Jóhann er sá íslenski leikmaður sem stóð sig best á

erlendri grundu í vetur og erfitt verður að fylla skarð hans.

Skiptar skoðanir eru á því hvernig best sé að bregðast við fjarveru Jóhanns og sitt sýnist hverjum. DV setti sig í samband við nokkra fyrrverandi landsliðspjálfara sem höfðu misjafnar skoðanir á því hvernig Heimir ætti að bregðast við.

## Ásgeir Sigurvinsson

Ásgeir Sigurvinsson stjórnaði íslenska landsliðinu á árunum 2003 til 2005. Hann telur ekki þörf á því að breyta um leikaðferð og vill sjá Rúrik Gíslason koma inn í stöðu Jóhanns. „Hann er góður leikmaður sem hefur sýnt það þegar hann hefur fengið tækifæri. Hann getur sótt hratt og farið framhjá mönnum. Það er kannski ekki

„Það eru svo margar stelpur orðnar hrifnar af Rúrik að ég held að hann geti vel við unað.“

sama vinnsla og dugnaður í honum en ég hef fulla trú á honum,“ segir Ásgeir.

## Logi Ólafsson

Logi Ólafsson hefur starfað að þjálfun nær sleitulaust frá árinu 1987. Hann hefur tvisvar sinn-um stýrt íslenska landsliðinu og

hefur sterkar skoðanir á liðinu. Hann treystir Heimi fullkomlega fyrir því að velja rétta liðið en vill helst sjá Ara Frey Skúlason koma inn í liðið fyrir Jóhann. „Ég vil alls ekki breyta liðinu of mikið og myndi vilja sjá Ara fá sénsinn. Það eru svo margar stelpur orðnar hrifnar af Rúrik að ég held að hann geti vel við unað,“ segir Logi.

## Guðjón Þórðarson

Guðjón Þórðarson stýrði íslenska landsliðinu með góðum árangri frá 1997 til loka árs 1999. Guðjón segir mikilvægt að fara ekki of geyst af stað og telur öruggast að setja Rúrik inn í stað Jóhanns. „Við verðum að átta okkur að því að Nígería þarf að vinna leikinn og þá getur verið gott að vera

þéttir og gera litlar breytingar. Við getum þá frekar breytt og bætt við sóknarmanni ef leikurinn þróast þannig,“ segir Guðjón.

## Ólafur Jóhannesson

Ólafur Jóhannesson, núverandi þjálfari Íslandsmeistara Vals stýrði liði Íslands áður en Lars Lagerbäck tók við því árið 2011. Hann tekur í sama streng og Guðjón og vill sjá Rúrik koma inn í liðið fyrir Jóhann Berg. „Ég held að Gylfi muni ósjálfrátt fara aðeins ofar á völinn en ég held að liðið muni spila þétt eins og gegn Argentínu. Þetta lið er að standa sig frábærlega og ég hef fulla trú á því að þeir fari upp úr þessum riðli. Við vinnum þennan leik með einu marki,“ sagði Ólafur. ■

# NOKIA

## 8 SIROCCO

DUAL 12 MP MYNDAVÉL  
HVERSDAGSLEIKINN Á  
SKILIÐ ÓTRÚLEGAN  
SÍMA



ZEISS

androidone  
**NOKIA**

## Byrjunarlið þjálfaranna

### MARK

Hannes Þór Halldórsson

### VÖRN

Birkir Már Sævarsson, Ragnar Sigurðsson, Kári Árnason, Hörður Björgvin Magnússon

### MIDJA

Aron Einar Gunnarsson, Gylfi Þór Sigurðsson, Emil Hallfredsson, Birkir Bjarnason. Ásgeir, Guðjón og Ólafur vilja sjá Rúrik Gíslason en Logi velur Ara Frey Skúlason

### SÓKN

Alfred Finnbogason



**EVY**  
TECHNOLOGY

# Landsliðið á HM notar **EVY** sólarvörn

**UVA**  
5 stjörnur  
★★★★★  
ALLT AÐ 6 TÍMA  
SÓLARVÖRN

**Rúrik Gíslason**  
landsliðsmaður í knattspyrnu

19



www.evy.is | Fjöldi landsliða notar EVY sólarvörn.

Fæst í Apótekum, Hagkaup, Nettó, Frihöfninni og víðar.



**BÄST-i-TEST.se** 



# Kattamorðinginn lét aftur til skarar skríða í Hveragerði: „ÞETTA ER ÄNDSTYGGILEGT“



Yfir 50 kettir hafa drepist eða horfið á Suðurlandi undanfarin þrjú ár

Ari Brynjólfsson  
ari@dv.is



**M**innst tveir kettir hafa drepist úr frostlögseitrun í Hveragerði í vor. Magnús Þór Sigmundsson tónlistarmaður missti köttinn sinn úr frostlögseitrun fyrr í vor en sonur Magnúsar hefur misst tvo ketti úr sömu eitrun, þann síðasta í vikunni sem leið. Fyrri kötturinn drapst árið 2015 eftir að hafa étíð fisk sem var eittraður með frostlegi. Samkvæmt upplýsingum frá MAST var sá biti svo gegnsýrður af frostlegi að hann fraus ekki þegar hann var geymdur í frýsti yfir nótt. Í gær, fimmtudag, var staðfest að seinni kötturinn hefði einnig drepist úr samskonar eitrun.

„Það er hálfur bærinn að þæla í þessu, það veit samt enginn hvernig á að tækla þetta. Þú nærð ekkert þessum manni nema standa hann að verki held ég,“ segir Magnús. Að

Annar lifði í þrjá daga, hinn dó viku síðar. Við vorum að reyna að halda í honum lífinu með því að fara með hann á dýraspítala á hverjum degi og gefa honum vatn í æð, en það gekk ekki.

hans sögn fannst fiskur í Smjörva-boxi í bænum. „Þetta box fannst á svipuðum tíma og kettirnir veiktust og það var á mjög skrítnum stað á milli húsa. Einhver hefur þurft að hafa talsvert fyrir því að koma því þar fyrir. Það þarf að fara inn á lóðina og lauma því þangað. Þarna gengur enginn maður

um, nokkurn tímann, þetta er skot á milli húsa þar sem dýr komast í þetta.“

Eins og áður segir veiktust kettirnir á svipuðum tíma og boxið fannst. „Annar lifði í þrjá daga, hinn dó viku síðar. Við vorum að reyna að halda í honum lífinu með því að fara með hann á dýraspítala á hverjum degi og gefa honum vatn í æð, en það gekk ekki,“ segir Magnús Þór.

Gunnar Þorkelsson, héraðsdýralæknir á Suðurlandi, segir í samtali við DV að Smjörva-boxið og fiskurinn sem fannst í því hafi verið sent í greiningu og niðurstöður liggja ekki enn fyrir. Gunnar hefur fengið mörg slík mál inn á borð til sín undanfarin ár. „Þetta er alveg óþolandi, þetta er bæði mjög kvalafullur dauðdagi og svo eru það börn og eldra fólk sem eiga þessi dýr. Þetta er andstyggilegt,“ segir Gunnar.

Magnús segir þetta koma í veg

fyrir að eigendur í Hveragerði vilji tengjast dýrunum sínum. „Þetta hefur svo margar hliðar svona árá. Svo eru börn sem ganga um þetta port og eru að leika sér, það er stórhættulegt að hugsa til þess að einhver vitleysingur sé að eittra, án þess að fullyrða að þessi fiskur sem fannst hafi verið eittraður.“

Í febrúar síðastliðnum fjallaði DV ítarlega um þann fjölda katta sem hafa drepist eða horfið á Suðurlandi undanfarin ár. Alls hafa um fimmtíu kettir lent í þessum hörmulegu örlögum undanfarnið og eru margir kattareigendur í sárum vegna þess. Bergljót Davíðsdóttir er ein þeirra en hún hefur misst fjóra ketti á undanförunum fjórum árum. Hún lýsti ástandinu svona:

„Kattahvörfin og drápin á þeim hafa valdið fólki áhyggjum

og ég lít á þetta sem samfélagslegt vandamál sem ber að taka á af hálfu bæjaryfirvalda því þetta setur ljótan blett á þennan annars ágæta bæ. Ég hef rætt það við bæjarstjóra, Aldísi Hafsteinsdóttur, en hún er ekki sömu skoðunar. Mér finnst það alvarlegt mál, þegar fólk er farið að nefna nöfn á mönnum sem hugsanlegum kattaniðingum, án þess að geta nokkuð sannad. Það er líka alvarlegt mál ef saklaust fólk er nefnt í þessu sambandi og við það festist niðingsorð. Dæmi eru um að þeir sem misst hafa ketti sína hafa orðið svo reiðir að þeir hafi viljað lúskra á ákveðnum mönnum og heimsótt þá. Þess vegna er svo mikilvægt að taka á þessu máli af alvöru og uppræta það,“ sagði Bergljót. ■

## BOLTINN Í BEINNI Á CASTELLO

*Castello*  
PIZZERIA

ELDBAKAÐAR  
EÐAL PIZZUR

SÍMI 577 3333  
WWW.CASTELLO.IS





MYKIND BÆTIEFNALÍÑAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN,  
VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

*Þara það besta fyrir þig og Móður jörð!*



Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.

Gæði bætiefna skipta öllu máli.

Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líkleggra að líkaminn nái að nýta að fullu. Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín

*Allt lífrænt - allt vegan*

# Fólkið á bak við ve

Einar Þór Sigurðsson og Hörður Snævar Jónsson  
Skrifa frá Rússlandi



Það er ekki lítið umstangið sem fylgir því að fara með 23 manna leikmannahóp á HM í Rússlandi sem nú stendur yfir. Ótrúlegur fjöldi fólks hefur komið að verkefninu og með liðinu er um þrjátíu manna teymi sem sér til þess að strákarnir hafi það eins og best verður á kosið meðan á mótinu í Rússlandi stendur.

Strákarnir og þjálfarateymi landsliðsins hefur hrósað starfsliðinu í hástert enda ljóst að allir eru að gera sitt allra besta til að aðstoða liðið. DV varpar hér ljósi á fólkið á bak við tjöldin hjá landsliðinu, fólkið sem er alla jafna ekki mjög áberandi eða í sviðsljósinu en er samt svo mikilvægur og órjúfanlegur hluti af þeim góða árangri sem náðst hefur á undanförunum misserum. ■



## Heimir Hallgrímsson – Þjálfari

Þennan þarf varla að kynna til leiks, höfuðið á hernum og hefur komið sér í heimsfréttirnar fyrir þennan magnaða árangur sem hann hefur náð með liðinu.



## Helgi Kolviðsson – Aðstoðarþjálfari

Komst í kynni við landsliðið á EM í Frakklandi þegar hann kom með afar gott ísbað, var svo ráðinn sem aðstoðarþjálfari Heimis og hefur vaxið og dafnað í starfi.



## Guðmundur Hreiðarsson – Markmannsþjálfari

Guðmundur hefur lengi verið í kringum liðið og unnið gott starf, liggur yfir andstæðingum Íslands og hefur stórt hluverk í teymi Heimis.



## Sebastian Boxleitner – Styrktarþjálfari

Þýska stálið hóf störf eftir EM í Frakklandi, einn þáttur í því að bæta umgjörðina í kringum liðið var að fá inn öflugan styrktarþjálfara.



## Freyr Alexandersson – Yfirnjósnari

Hefur aðstoðað Heimi síðustu ár, hefur mikla þekkingu á leiknum og er góður í að lesa andstæðinga Íslands. Nú síðast Argentínu.



## Arnar Bill Gunnarsson – Njósnari

Sérsvið Arnars í þessari ferð í Rússlandi er að lesa Króatíu, við þekkjum þá vel en það gætu verið einhverjar áherslubreytingar sem Arnar mun þá lesa í.



## Roland Andersson – Njósnari

Sá sænski spilar stóra rullu, sér um að fara yfir lið Nígeríu en þar starfaði hann með Lars Lagerbäck. Leggur einnig sitt af mörkum á æfingasvæði Íslands.



## Davíð Snorri Jónasson – Njósnari

Davíð Snorri er í Rússlandi og er að elta bæði Sviss og Belgíu, það eru andstæðingar Íslands í Þjóðardeildinni næsta haust og undirbúningur fyrir það verkefni er farið af stað.



## Friðrik Ellert Jónsson – Sjúkraþjálfari

Friðrik Ellert er reynslumikill sjúkraþjálfari sem hefur haft í nógu að snúast í aðdraganda mótsins og á meðan á því hefur staðið. Hann var sjúkraþjálfari Vals á sínum tíma en starfar nú fyrir Stjörnuna. Frá árinu 2005 hefur hann verið viðriðinn íslenska landsliðið. Á æfingu landsliðsins í Gelendzhik á þriðjudag var hann með Gylfa Þór Sigurðsson á séræfingu.



## Haukur Björnsson – Læknir

Haukur er bæklunarlæknir og hefur hann víðtæka starfsreynslu, meðal annars við Sahlgrenska-sjúkrahúsið í Svíþjóð.



## Pétur Örn Gunnarsson – Sjúkraþjálfari

Pétur er einn fjögurra sjúkraþjálfara í íslenska teyminu en hans áhugamál í sjúkraþjálfun snúa einkum að bakmeiðslum með áherslu á mjóbak. Pétur hefur yfir 20 ára reynslu.

# Lengingni strákanna



**Rúnar Pálmarrsson – Sjúkraþjálfari**

Rúnar er öflugur sjúkraþjálfari sem hefur verið viðriðinn landsliðið í þó nokkurn tíma. Hann hefur starfað fyrir Hauka og fyrir körfubolta- og fót-boltalandsliðin. Hans sérsvið eru teipingar og endurhæfing eftir meiðsl og aðgerðir á ökklum og hnjám til dæmis.



**Stefán Stefánsson – Sjúkraþjálfari**

Stefán á yfir 20 ára starfsferil að baki og hefur hann meðal annars verið sjúkraþjálfari hjá meistaraflokki KR mörg undanfarin ár. Þá var hann yfirsjúkraþjálfari hjá enska liðinu Stoke á árunum 2000 til 2002. Hans áhugasvið eru einkum hásinavandamál og krónísk náravandamál.



**Bergur Konráðsson – Hnykkjari**

Bergur er kírópraktor landsliðsins og hefur mikla og langa reynslu. Hann útskrifaðist frá Bandaríkjunum, starfaði þar um tíma en hefur starfað á Íslandi frá árinu 1995.



**Sveinbjörn Brandsson – Læknir**

Sveinbjörn gegnir mikilvægu hlutverki í íslenska teyminu. Sveinbjörn er sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum, á að baki áratugareynslu og er af mörgum talinn einn færasti bæklunarlæknir landsins. Á leik Íslands gegn Argentínu sat hann á besta stað í stúkunnni með skjá fyrir framan sig og var í beinu sambandi við þjálfarateymi landsliðsins. Þetta er nýbreytni og á að vernda leikmenn betur ef þeir fá höfuðhögg.

**Kristinn Jóhannsson – Búningastjóri**

Aðstoðarmaður Sigga Dúlla auk þess sem hann hefur séð um að æfingavöllur liðsins sé í lagi enda er Kiddi vallarstjóri á Laugardalsvelli.



**Sigurður S. Þórðarson – Búningastjóri**

Siggi Dúlla er maðurinn sem allir elska í landsliðinu, léttur, ljúfur og kátur og sér til þess að allur fatnaður leikmanna sé klár hvar sem er, hvenær sem er.



**Jóhann Ó. Sigurðsson – Fjölmiðlafulltrúi**

Sér um að samfélagsmiðlar landsliðsins séu vel nýttir, þar hefur orðið mikil bót á hjá KSÍ eftir að Jóhann kom til starfa.



**Ómar Smáráson – Fjölmiðlafulltrúi**

Stýrir öllum blaðamannafundum af mikilli snilld, lét af störfum eftir EM en Heimir Hallgrímsson vildi fá Ómar aftur til starfa. Honum varð að ósk sinni enda reynsla Ómars dýrmæt á mótum sem þessu.



**Óskar Guðbrandsson – Fjölmiðlafulltrúi**

Óskar tók til starfa eftir EM og stýrir miklu um það hvernig og hvar viðtöl fara fram, hefur mikil samskipti við fjölmiðla út um allan heim.



**Rúnar Vífill Arnarson – Landsliðsnefnd**

Vífillinn, eins og sumir kalla hann, er alltaf í stuði, sér til þess að samskipti sem við aðrar þjóðir séu í lagi.



**Jóhannes Ólafsson – Landsliðsnefnd**

Jói Lögga er klettharður lögreglumaður frá Vestmannaeyjum sem kallar ekki allt ömmu sína. Hefur lengi verið í starfi hjá KSÍ.



**Magnús Gylfason – Landsliðsnefnd**

Magnús er hvers manns hugljúfi, á í einstöku sambandi við leikmenn liðsins og er alltaf tilbúinn til að rétta fram hjálparhönd. Sama hver verkefni eru.



**Ríkharður Daðason – Landsliðsnefnd**

Ríkharður er nýlega mættur í landsliðsnefndina og er duglegur að hjálpa til á æfingarsvæðinu, gera og græja það sem þarf svo að allt sé klárt fyrir strákana okkar.



**Kirill Dom Ter-Martirosov – Kokkur**

Kirill var kallaður til þegar í ljós kom að Rússar tala ekki svo mikla ensku, er frá Gelendzhik þar sem liðið dvelur en hefur lengi búið á Íslandi og starfar þar.



**Hinrik Ingi Guðbjargarson – Kokkur**

Hinni hefur um nokkurt skeið séð um að elda ofan í strákana okkar, ku vera afar fær í því að kokka frábæran mat.



**Dagur S. Dagbjartsson – Tæknimaður**

Dagur sér um að öll tæknimál séu í lagi, hjálpar til við að gera pepp-myndband fyrir hvern einasta leik. Hleypur síðan í öll störf ef þess er krafist.



**Gunnar Gylfason – Starfsmaður**

Gunnar hefur lengi verið hjá KSÍ og reynsla hans er dýrmæt, sér oft en ekki um að plana ferðalög leikmanna og liðsins.



**Víðir Reynisson – Öryggisfulltrúi**

Víðir sér til þess að ekkert vanti þegar kemur að öryggi leikmanna, sér til þess að strákarnir séu alltaf í öruggum höndum. Var nýverið ráðinn í fullt starf hjá KSÍ.



**Þorgrímur Þráinsson – Starfsmaður**

Þorgrímur er gríðarlega mikilvægur hluti af starfsliðinu, er sá maður sem leikmenn ræða oft en ekki við ef þeir þurfa að létta aðeins á sér. Er með gott eyra og á alltaf góð ráð í pokahorninu.



EIGUM MARGA  
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR  
& UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR  
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á  
mt.is og í s: 580 4500

**MÁLMTÆKNI**  
ÁL • STÁL • PLAST

## Sandkorn



## Hræðsla við Sósíalista

Það er fast skotið hjá Vinstri grænum og Samfylkingu í átt að Sósíalistum þessa dagana. Það mátti greinilega finna í taugaveikluðum skotum fulltrúa flokkanna að **Sönnu Magdalenu Mörtudóttur**, borgarfulltrúa Sósíalista, á borgarstjórnarfundi í vikunni fyrir að fara í samstarf með Sjálfstæðisflokknum við skipun í nefndir. Talar **Guðmundur Andri Thorsson**, þingmaður Samfylkingarinnar, um „svonefnda sósíalista“ vegna samstarfsins um að raða niður í nefndir. Það mætti halda að hvorki VG né Samfylkingin hafi setið í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum.



## Leki og lygar

Það varð nokkrum sinnum uppi fótur og fit á þessum sögulega borgarstjórnarfundi í vikunni. Fulltrúar meirihlutans neituðu að kalla minnihlutann „stjórnarandstöðu“ líkt og **Eyþór Arnalds**, oddviti Sjálfstæðisflokksins, bað um. Svo kom upp leki í stjórnsýslu Ráðhússins, stjórnarandstaðan hafði látið skrifstofu borgarstjórnar fá listann yfir fulltrúa sína í nefndir og listinn rataði til **Lífar** og **Dags**. Líf reyndi að ljúga því að hún hefði heyrt þetta á göngum Ráðhússins á meðan Dagur talaði um að þetta væru opinber gögn. Það skyldi þó aldrei vera að skrifstofan, sem er gegnsýrð af stuðningsfólki meirihlutans og samstarfsfólki Dags og Lífar í árarar, hafi látið þau vita hverja minnihlutinn ætlaði að tilnefna í nefndirnar?



## Stendur ykkur á sama?

## Leiðari

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



DV í dag er rakin saga Kristjáns Steinþórssonar, ungs manns sem barðist við þunglyndi og önnur andleg vandamál frá æsku. Kristján var afburðanemandi og vinsæll meðal skólafélanna en hvergi í skólakerfinu var gripið inn í þegar hann smátt og smátt sökk dýpra í þunglyndi og fíkniefnaneyslu sem afleiðingu af því. Hann flosnaði upp úr námi og datt út úr kerfinu. Þegar hann leit aði á náðir kerfisins aftur nokkrum árum síðar kom hann að lokuðum dyrum, mætti sinnuleysi og skætingi. Það var ekki pláss fyrir hann. Afleiðingin var sú að við misstum bráðgáfaðan dreng þann 9. júní, algerlega að óþörfu.

Hver sem er getur lent í svarta hundinum svokallaða sem tekur fleiri og fleiri líf á hverju ári. Ef velferðarkerfið bregst ekki við á fullnægjandi hátt leitar fólk í það að „lækna sig sjálf“, deyfa sársaukann með fíkniefnum sem nóg framboð er af. Sérstaklega hinu svokallaða læknaðopi, lyfseðilskyldum ópíóðum og öðrum mjög vandmeðförmum lyfjum.

Saga Kristjáns er ekki einstök,



hún er dæmigerð. Við þekkjum öll einhvern sem berst við andleg veikindi og sorglega margir þekkja einhvern sem hefur tekið eigið líf. Sjálfur á ég þrjá vini sem glímt hafa við þunglyndi, allir hafa þeir haft sjálfsvígshugsanir og tveir þeirra reynt að ganga alla leið. Þetta er svo viðkvæmt og það þarf svo lítið til að missa þetta verðmæta fólk. Einn slæmur niðurtúr, einar vondar fréttir, ein höfnun frá kerfinu og þetta er búið. Þess vegna verða þessi mál að vera hundrað prósent í lagi.

Þetta er ekki dulið vandamál, allir vita að geðheilbrigðismál eru í ólagi á Íslandi og þunginn í umræðunni hefur verið mikill í meira

en tvö ár. Stjórnvöld lofa öllu fögru og alls konar hópar, nefndir og ráð hafa verið skipuð. Árið 2016 setti Kristján Þór Júlíusson, þáverandi heilbrigðisráðherra, af stað aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum. Sama var uppi á teningnum ári síðar hjá Óttari Proppé, arftaka Kristjáns. Gera átti skurk í þessum málum en engu að síður gekk illa að veita auknu fjármagni í málaflokkinn. Þetta sumar, 2017, tóku fimm ungir menn í íslensku rokksenunni eigið líf og tveir menn sviptu sig lífi inni á geðdeild.

Það sama virðist ætla að vera uppi á teningnum núna. Nýr heilbrigðisráðherra, Svandís Svav-

„Einn slæmur niðurtúr, einar vondar fréttir, ein höfnun frá kerfinu og þetta er búið.“

arsdóttir, er tekin við og „geðheilbrigðisáætlun hrint í framkvæmd“. Kunnuglegt stef en ekkert virðist breytast. Biðlistarnir eru ennþá til staðar, bráðamóttaka geðsviðs er ennþá aðeins opin í sjö tíma á sólarhring, enn er mikill skortur á sálfræðingum víðs vegar í kerfinu og enn byrjar sumarið á því að við missum unga fólk okkar.

Ráðamenn verða að skilja að þetta er neyðarástand og það þýðir ekki að bregðast við þessu með orðunum einum saman. Það á enginn sem er í lífshættu að koma að lokuðum dyrum og það er vel hægt að bregðast við þessu. En það verður að vera pólitískur vilji til að það gangi eftir. Því spyr ég Svandísi Svavarsdóttur og alla ríkisstjórn Íslands: Stendur ykkur á sama? ■

## Spurning vikunnar

## Kemst Ísland upp úr riðlinum?



„Ég held að þeir komist í sextán líða, þetta verður erfitt en þeir spila vel saman sem heild.“

Íris Hildur Birgisdóttir




„Nei, ég held að það takist ekki. Það eru einfaldlega betri líð þarna.“

Sigurjón Arnarson



„Ég held að maður verði bara að trúá því.“

Sigurborg Jónsdóttir



„Auðvitað, því við erum bestir.“

Eyþór Pálmason



ÍSLENSK STEMNING MEÐ BANDARÍSKUM KEIM:

# Sætir snúðar á Frakkastígnnum

**K**anill er ekki bara kanill, vilja sannir bakarasnillingar meina. Það skiptir höfuðmáli hvernig hann er notaður í bakstur og hvernig meðhöndlun hans er háttað með tilliti til alls þess sem hann gefur frá sér. Þessari aðferðarfræði er Danival Örn Egilsson hjartanlega sammála, en hann er annar stofnandi matarvagnsins Sætir snúðar og segir verkefna á bakvið góðan bakstur vera margvíslega.

Þessi litli, blái bakkelsivagn stendur efst á Frakkastíg, við Hallgrímskirkju, í hjarta Reykjavíkur og býður upp á gómsæta, ferska og heita kanilsnúða, matreidda beint frá hjarta og ástriðu tveggja feðga. Saman reka þeir Danival Örn og Egill Helgi Lárusson, faðir Danivals, þennan matarvagn sem spratt upp úr áhuga þeirra fyrir ljúffengum mat, nýjungum, sjálfstæðum störfum og sameiginlegu verkefni sem hefur síðan sameinað þá feðga með nýjum hætti.

„Þetta gerðist í raun alveg óvart,“ segir Danival um tilurð vagnsins. „Við þabbi vorum saman í London árið 2016 og fórum á stað sem var með nýbakaða kanilsnúða sem kölluðu alveg til okkar. Stuttu eftir ferðina fer þabbi að spreyta sig í bakstri á snúðum og prófa ýmislegt með mjög góðum árangri.“

Áður en feðgarnir vissu af voru viðtökurnar fagnar fram úr björtustu vonum þeirra og þeir báðir farnir að framleiða kanilsnúða fyrir veislur og afmæli hjá vinum og ættingjum. „Viðbrögðin voru frábær,“ segir Danival. „Við vorum ekki að leitast eftir hrósi

„Við náum rosa-  
lega vel saman á  
öllum öðrum sviðum,  
þannig að af hverju  
ekki bara prófa að ná  
vel saman í rekstri?“

en fólk varð mjög opið með að vilja meira. Þá datt okkur í hug að vera með matarvagn með þessa sérþekkingu, nýbakaða og ferska kanilsnúða. Svona blanda af íslenskrí stemningu og bandarískum sjarma.“

#### Sterkir saman

Danival útskrifaðist úr Flensburg árið 2015 og hefur mikið ferðast um og hefur lengi haft metnað fyrir því að gera eitthvað sjálfur. Hann segir stefnu vagnsins hafa verið að taka ekki hugmyndina og ímyndina of alvarlega en samt heldur ekki fara of langt í hina áttina, heldur bara finna hinn gullna meðalveg. Þetta sést vel á skemmtilegum myndskreytingum sem prýða vagninn sjálfan og frumlegum nöfnum á snúðunum á borð við Jökullinn, Sebruna og Ítalann.

„Þabbi hefur alltaf verið mikill hobbýkarl og hellir sér í allt sem hann kemst í,“ segir Danival um ákvörðunina að leggja í þessa viðskiptahugmynd af fullum krafti, en þegar Egill stendur ekki vaktina með syni sínum

kennir hann viðskiptagreinar við Verslunarskóla Íslands.

„Þabbi hefur mikla reynslu í að gera deig og hefur lengi verið þekktur fyrir að gera gríðarlega góðar pitsur. Hann hafði þetta alveg í sér. Hann hefur þróað sig stöðugt áfram í uppskriftum,“ mælir Danival.

„Við töluðum lengi um að gera eitthvað saman. Við náum rosalega vel saman á öllum öðrum sviðum, þannig að af hverju ekki bara prufa að ná vel saman í rekstri?“

#### Jökullinn heitastur

„Það var margt sem þurfti að huga að þegar við byrjuðum á þessu. Hvernig er til dæmis hægt að tryggja það að þetta væri tilbúið á hverjum degi og koma því alltaf fersku til fólks,“ mælir Danival og segir það hafa komið sér á óvart hvað einfaldur rekstur eins og matavagn felur í sér margar hraðahindranir, en þeim tóku feðgarnir fagnandi.

„Okkur fannst ákveðinn skortur á þessu hér á landi. Auðvitað eru aðrir aðilar sem selja bakkelsi og svona en það eru ekki margir að selja bakkelsi í matarvögnum. Okkur fannst alveg vera pláss fyrir okkur á markaðinum. Hingað til hefur það gengið ágætlega hjá okkur.“

Þrátt fyrir að vagninn hafi ekki verið opin lengi segir Danival ekki fara á milli mála hvaða snúður hefur reynst vinsælastur. „Sá heitasti er Jökullinn. Að hluta til er það af því að hann er svona klassískur kanilsnúður í amerískum stíl en ekki svona eins og Íslendingar eru vanir, sem er meira í líkingu við skandinavískt sætabrauð.

Jökullinn hefur þetta upprunalega útlit sem kallar til fólks, en svo eru auðvitað aðrir sem sætta sig ekki við annað en Ítalann, og það er Nutellan sem kallar þar sterkt.“

#### Hugað að umhverfinu

Danival segir mörg íslensk fyrirtæki, sérstaklega í seinni tíð, vera fullmikið að einblína á alþjóðlegt heiti og vill hann meina að það ræni útlandsgana ákveðinni upplifun sem fylgir því að koma til Íslands. „Ef ég færi til Serbíu og fengi mér mat, þá vildi ég sjá eitthvað skilti sem ég skil ekki og þurfa að spyrja og hafa smá stemningu í því. Það var það sem við vildum alltaf gera. Þannig varð í rauninni nafnið okkar, Sætir snúðar, til,“ segir hann.

„Ég var með skýra stefnu í því að hafa nafnið á vagninum íslenskt. Í rauninni eru mörg fyrirtæki að fórna íslenskunni fyrir ensku til að höfða til ferðamannanna.“ Aðspurður hverju þeir feðgar svara erlendum ferðamönnum varðandi heiti vagnsins svarar Danival kátur: „Sweet buns.“

Að mati feðganna skiptir einnig gríðarlega miklu máli að huga að umhverfinu og leggja þeir þess vegna mikla vinnu í það. „Við erum nánast búnir að ná því markmiði,“ segir Danival. „Þó svo að við séum með plastlok á glösunum og plaströr á Kókómjólkinni, þá erum við fyrir utan það með trégafla, endurvinnanlegan pappír, bakka og pappu. Plastnotkun er auðvitað mjög heit umræða í dag og skiptir alla máli. Við viljum tryggja það að við séum eins umhverfisvænir og hægt er.“

## Atkvæðaskrá þingmanna

# Willum jákvæðastur og þorgerður skrópaði mest

**Björn Þorfinnsson**  
bjornth@dv.is



**A**lþingismenn eru komnir í sumarfrí og það eina sem huggar þjóðina er eitthvað knattspyrnumót í Rússlandi. Á heimasíðu Alþingis má nálgast atkvæðaskrá þingmanna frá því að þingið tók til starfa undir lok síðasta árs og þangað til sumarfríð skall á. Þar má sjá hvernig atkvæði þingmanna féllu, hvort þeir sátu hjá eða hreinlega skrópuðu í at-

kvæðagreiðsluna. Alls voru atkvæði greidd í 708 málum og gekk yfirgnæfandi meirihluti þeirra í gegn. Hafa ber í hug að margar tillögurnar eru í raun einföld smáatriði sem renna í gegn en síðan er það í stóru málum sem ríkisstjórnin fylkir iðulega saman liði og knýr vilja sinn í gegn. Þá er dýrt að vera fjarverandi við afgreiðslu fjárlaga því ógrynni atkvæðagreiðslna er í kringum þá vinnu og því hlaðast inn fjarvistir í atkvæðaskrá þingmanna. ■

### Stjórnarandstaða

#### Jákvæðasti þingmaðurinn

Oddný G. Harðardóttir, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, er jákvæðasti þingmaður stjórnarandstöðunnar. Í 708 atkvæðagreiðslum hefur hún 607 sinnum samþykkt tillöguna eða í 86% tilvika.

Aðrir mjög jákvæðir þingmenn stjórnarandstöðunnar eru Ólafur Ísleifsson og Karl Gauti Hjaltason, þingmenn Flokks fólksins, sem hafa 592 og 587 sinnum veitt samþykki



sitt sem og Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, sem hefur 591 sinni sagt „já“. Sá sem hefur sjaldnas sagt „já“, af þeim sem hafa átt að mæta í allar atkvæðagreiðslur, er Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, sem hefur kosid jákvætt í 409 skipti eða í 58% tilvika.



#### Neikvæðasti þingmaðurinn

Sá þingmaður sem er oftast á móti tillögum kollega sinna, að minnsta kosti hlutfallslega, er Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins. Sigmundur Davíð hefur í 39 skipti brýst á „nei“-hnappinn í þeim 548 atkvæðagreiðslum sem hann hefur tekið þátt í. Það þýðir að hann hefur svarað neitandi í 7,1% tilvika. Næstur í röðinni er vopnabróðir hans, Bergþór Ólason, sem hefur 39 sinnum kosid á móti málum í alls 626 atkvæðagreiðslum. Það er hlutfall uppá 6,2%.



#### Greiddu ekki atkvæði

Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, sat oftast hjá í atkvæðagreiðslum eða í 15,3% tilvika. Alls sat Jón Þór hjá í 108 atkvæðagreiðslum í þeim 708 sem hann átti rétt á að kjósa í. Þessi afstaða virðist hafa verið rík meðal þingmanna Pírata því Þórhildur Sunna (13,7%) og Björn Lévi (12,6%) voru skammt á eftir Jóni Þóri.

#### Skróparinn

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, var sá þingmaður stjórnarandstöðunnar sem missti af flestum atkvæðagreiðslum, alls 394 af 708. Það þýðir að þingmaðurinn mætti aðeins í 44% af atkvæðagreiðslum Alþingis. Þorgerður Katrín tilkynnti fjarvistir fyrirfram í 174 skipti en í 220 skipti lét hún starfsmenn Alþingis ekki vita.

#### Fyrirmyndar þingmaðurinn sem mætti alltaf

Björn Lévi Gunnarsson, þingmaður Pírata, var eini þingmaðurinn sem aldrei bóðaði forföll eða skrópaði í atkvæðagreiðslum á Alþingi.



### Ríkisstjórnin

#### Jákvæðasti þingmaðurinn

Willum Þór Þórssson, þingmaður Framsóknarflokksins, var jákvæðasti þingmaður ríkisstjórnarinnar. Alls samþykkti Willum, væntanlega með bros á vör, 627 tillögur af 708 mögulegum. Skammt undan voru gleðigjafarnir Bjarkey Olsen og Steingrímur J. Sigfússon með 626 og 623 jákvæð atkvæði.

#### Neikvæðasti þingmaðurinn

Eðli málsins samkvæmt stóð ríkisstjórnin þétt saman í mikilvægustu atkvæðagreiðslum. Þess vegna var heill hópur þingmanna sem greiddi 77 sinnum „nei“-atkvæði. Það sem sker úr um sigurveggarann var sú staðreynd að Páll Magnússon samþykkti fæst málin, aðeins 551, og því er hann útnefndur neikvæðasti þingmaðurinn.



#### Missti af flestum atkvæðagreiðslum

Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra var sá meðlimur ríkisstjórnarinnar sem missti af flestum atkvæðagreiðslum. Alls mætti Sigríður ekki í 275 atkvæðagreiðslur af 708. Þar með mætti ráðherrann aðeins í 61% af atkvæðagreiðslum Alþingis.



**DATTACA  
LABS**

Er þitt fyrirtæki  
tilbúið fyrir  
GDPR?

Skoðaðu málið á  
**Dattacalabs.com**



# ÁFRAM ÍSLAND

## Sækjum kraft

í íslenska náttúru

fyllum lungun af fjallalofti



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS  
www.fi.is

Astonbanki

IKEA

FJALLA  
KOFINN



**Maður fer  
í gegnum  
eiginlegt  
sorgarferli,  
afneitun,  
reiði og  
allan þann  
pakka**





„Í stað þess að fara í rífrildi, rökræður og leiðindi þá skildi ég þetta bara eftir og hélt áfram minn veg.“

nálgun á menntun. Varðandi framhaldsskólana, þá held ég að það sé ekki einu sinni til námskrá fyrir verknámið. Allt miðar að bóknámi en það er engin stefna varðandi annað.“

### Femínisti og jafnréttissinni í viðum skilningi

Anna Kolbrún er mikill jafnréttissinni og hefur gegnt trúnaðarstörfum á því sviði. Í Framsóknarflokknum var hún bæði jafnréttisfulltrúi og formaður Landsambands Framsóknarkvenna. Hún hefur verið formaður Jafnréttissjóðs síðan 2016 og á árunum 2013 til 2016 var hún skipaður formaður aðgerðahóps stjórnvalda og aðila vinnumarkaðsins um launajafnrétti á milli kynjanna.

„Við vorum að úthluta úr Jafnréttissjóði í gær og við höfum verið að reyna að láta hann ganga yfir landið allt svo hann endi ekki eins og fálkaorðan, alltaf í 101 Reykjavík,“ segir Anna Kolbrún og brosir.

#### Ertu femínisti?

„Ef femínisti er jafnréttissinni og ég held að hann sé það, þannig að já ég er femínisti. En ég er líka jafnréttissinni í þessu víða samhengi, ekki aðeins kynjajafnrétti því það er aðeins hluti af þessu öllu saman. Þarna undir er jafnrétti milli aldursþópa, jafnrétti fatlaðra og fleira. Ég held að við séum öll fylgjandi jafnrétti og enginn sé í raun og veru á móti því. En við þurfum að læra að hugsa um þessa hluti, það er svolítil æfing eða þjálfun.“

Í sjö manna þingflokki Miðflokksins er Anna Kolbrún eina konan en hún segir samstöðuna í þingflokknum hafa verið ákaflega gefandi á liðnum vetri.

„Við erum mjög ólík og ég finn



að strákarnir kunna svolítið að setja sig saman en þeir eru samt ekki allir á móti mér. En af því að ég er eina konan í flokknum verð ég að vera varamaður í öllum nefndum og ráðum sem ég er ekki í af því að það þarf alltaf að tilnefna bæði karl og konu.“

Anna Kolbrún telur samfélagið allt stefna í rétta átt þegar kemur að jafnréttismálum en þó sé margt sem ennþá er óunnið. Þegar hún er spurð hvar vanti mest upp á nefnir hún þann hóp sem mikið hefur verið í umræðunni undanfari ár.

„Það eru fordómar gegn geðsjúkum í samfélaginu og aðstæður þeirra til að taka þátt í atvinnulífinu eru erfiðar. Þó að við séum með vinnumarkað sem hefur hlutfallslega mikið af hlutastörfum þá er það ekki nóg því að við þurfum að mæta fólki þar sem það er. Til dæmis þunglyndir sem geta dottið út í ákveðinn tíma. Einnig er ég ekki hrifin af því að það séu til sérstakir verndaðir vinnustaðir. Hið opinbera á að vinna betur með fyrirtækjum til að koma því fólki víðar að.“

Nú hefur lengi verið talað um málefni geðsjúkra og allir virðast sammála um að aðgerða sé þörf. Af hverju lagast þessi mál ekkert?

„Það er svo sorglegt að upplifa það að sjá þingsályktun eftir þingsályktun um aukna sálfræðisþjónustu í framhaldsskólum, háskólum og á fleiri stöðum en einfalda lausnin er að breyta reglugerðum og setja þetta undir hatt Sjúkratrygginga Íslands,“ segir hún ákveðin.

„Ég hef verið að beita mér fyrir þessu og ekki aðeins eftir að ég kom inn á þing. Áður átti ég til dæmis samtál við Kristján Þór Júlíusson, þáverandi heilbrigðisráðherra, um þetta. Það vita allir að það er auðvelt að auka aðgengi fólks að sálfræðingum. En sumum finnst þetta kosta of mikið og geðsjúkir eru því alltaf látnir mæta afgangi, meira að segja í þessum blessaða nýja spítala við Hringbraut. Þeir eiga að vera áfram í gömlu húsunum sem eru hugsanlega ónýt.“

Missti vini úr Framsóknarflokknum Sigurður Ingi Jóhannsson sigraði Sigmund Davíð í formannslag Framsóknarflokksins á flokks-

þingi 2. október árið 2016 og í næstum því ár ríkti ógnarjafnvægi innan flokksins. Þegar boðað var til kosninga í október síðastliðnum og bæði Sigmundur Davíð og helsti bandamaður hans, Gunnar Bragi Sveinsson, fengu mótframbod í forvali, var ákveðið að kljúfa flokkinn og stofna nýjan, sem varð Miðflokkurinn. Anna Kolbrún var einn af stofnmeðlimum hans.

Hvernig var stemmingin í Framsóknarflokknum fyrir skilnaðinn?

„Hún var ekki góð og það var mikil tortryggni. Ef ég var í hóparstarfi einhvers staðar kom oft einhver frá skrifstofunni og passaði upp á hvað væri sagt og gert, og hvernig. Flokkurinn var ekki í lagi og það var eins og það væri verið að passa upp á einhverja gullkálfa.“

Undanfari Miðflokksins var Framfarafélagið sem Sigmundur stofnaði í maí árið 2017 og Anna Kolbrún var með í því. Samkvæmt henni var ekki ljóst þá að stofnaður yrði stjórnvaldaflokkur út frá því.

Var erfitt að skilja við Framsóknarflokkinn?

„Já og það kom mér á óvart hversu erfitt það var og mér finnst ennþá leitt hvernig fór. Þetta var eins og erfiður skilnaður og viðbrögðin eftir því. Þeir sem sátu eftir vildu helst ekki tala við okkur sem fórum yfir í Miðflokkinn og gjáin dýpkaði.“

Missti þú vini?

„Já, ég missti vini. En það er ekki endilega þeirra sök, ég valdi að fara. Í stað þess að fara í rífrildi, rökræður og leiðindi þá skildi ég þetta bara eftir og hélt áfram minn veg.“

Það berast fregnir af hita milli Framsóknarmanna og Miðflokksmanna í þinginu. Hvernig upplifir þú þetta?

„Það eru hörð orðaskipti milli manna í þingsalnum, til dæmis varðandi spítalamálið og húsnæðisliðinn í verðtryggingunni. Utan þingsals halda stjórnarliðarnir mikið saman og eru ekki mikið að tala við okkur.“

### Ekkert endilega slæmt að vera í minnihluta

Miðflokkurinn hefur nú unnið tvo góða sigra á stuttum tíma og er kominn með öflugan þingflokk og marga sveitarstjórnarfulltrúa út um allt land. Engu að síðu komst flokkurinn aðeins í meirihluta á einum stað, í Árborg.

Er fólk hrætt við að vinna með ykkur?

„Það getur verið. Kannski af því að við hvikum ekki frá prinsippunum en við vorum líka með glænýja oddvita á mörgum stöðum og þeir eru ekki endilega búnir að læra á hvernig allt virkar. En það er ekkert endilega slæmt að vera í minnihluta því að röddin er komin inn. Miðflokkurinn er að ná því að verða settlegur flokkur. Við erum að koma deildum á víðs vegar um landið og uppbyggingin mun halda áfram í haust þegar við komum saman. Mér finnst mikilvægt að þetta fái að taka þann tíma sem þarf, okkur liggur ekki tími á. Við höfum náð mjög miklum árangri nú þegar.“

Hvaða málum munt þú helst berjast fyrir?

„Nú er ég helst að berjast fyrir aðgengi að heilbrigðisþjónustu, númer 1, 2 og 3. Jafnréttismálin og menntamálin skipta mig einnig miklu máli en þau eru snúnari vegna samspils milli ríkis og sveitarfélaga,“ segir Anna Kolbrún sem fer keik inn í sumarið. ■

Gerid gæða- og verðsamanburð
ÁFRAM ÍSLAND



## UM FJÓRÐUNGUR

LANDSMANNA SOFA Á HEILSUDÝNU  
FRÁ SVEFN & HEILSU Skv. Gallup



Mikið úrval af stillanlegum rúmum




Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00



Umboðsaðilar: | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Bara snilld ehf. - Egilsstöðum

# Norðausturland

22. júní 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sverrisson / agustb@dv.is





SKÚLAGARÐUR:

# Gisting og veitingar í nálægð við ægífagrar náttúruperlur


**G**istihúsið Skúlagarður er staðsett í Kelduhverfi, við Þjóðveginn, um 45 km frá Húsavík. Í næsta nágrenni eru nokkrar af helstu náttúruperlum landsins, Dettifoss, Vatnajökulsþjóðgarður, Ásbyrgi og Hljóðaklettur – náttúruperlur sem eru þessu virði að verja góðum tíma í að upplifa og njóta. Vinsælar gönguleiðir á svæðinu geta tekið marga daga að fara þó að sumir kjósi styttri göngu.

„Það eru skipulagðar gönguferðir á vegum þjóðgarðsins en svo er líka hægt að notast við kort hér og ganga á eigin vegum,“ segir Helga Sturludóttir í Skúlagarði en hún nýtur þess að starfa í þessu ægífagra umhverfi og eiga samskipti við ferðamenn frá öllum heimshornum.

Skúlagarður er afar heppilegur gististaður fyrir þá sem vilja taka sér tíma til að njóta þeirrar stórkostlegu og fjölskrúðugu náttúrufegurðar sem þetta svæði býður upp á. Gistihúsið er opið frá 1. maí til 31. október. Sautján tveggja manna herbergi eru í gistihúsinu og tekur það því 34 gesti í einu. Einnig er hægt að bæta við aukarúmi fyrir börn í sumum herbergjunum.

„Við lokum yfir veturinn vegna þess að enn sem komið er kallar markaðurinn bara eftir þessum tíma. Við erum öll að biða eftir nýja Dettifossveginum, þá verður þetta einn hringur þar sem hægt verður að keyra frá Mývatnssveit hingað niður í Kelduhverfi framhjá Dettifossi og í gegnum þjóðgarðinn og svo um Tjörnes til Húsavíkur,“ segir Helga.

Meirihluti gesta í Skúlagarði eru erlendir ferðamenn sem gjarnan bóka í hópum á bókunarsíðum á netinu. Skúlagarður er þó engu síður



heppilegur gistikostur fyrir Íslendinga sem vilja njóta þess besta sem íslensk náttúra býður upp á.


Skúlagarður býður einnig upp á góða fundaraðstöðu með skjávarpa sem margskonar hópar nýta sér. Ennfremur er góð veisluaðstaða á staðnum sem mörg fyrirtæki nýta sér fyrir starfsmannaskemmtanir, hvataferðir og árshátíðir.

#### Frábær matur úr héraði

Veitingastaðurinn í Skúlagarði er öllum opin og kjörið fyrir þá sem eiga leið um svæðið að stoppa þar í mat eða kaffi og eiga góða stund.

Morgunverður fylgir gistingu og í hádeginu eru það mest ferðahópar sem fylla matsalinn. Síðdegis er gott að stoppa í kaffibolla og vöflu eða köksneid. Eldhúsið er síðan opnað aftur kl. 18 og er opið til 21. Lögð er áhersla á ferskt hráefni úr héraðinu, til dæmis lambakjöt, bleikju og grænmeti.

Hægt er að bóka á [booking.com](http://booking.com) og gistihúsið Skúlagarður er einnig á síðunni Hey Iceland og er með Facebook síðu undir nafninu Gistihúsið Skúlagarður. Einnig er hægt að bóka í gegnum netfangið [skulagardur@hotmail.com](mailto:skulagardur@hotmail.com).





LYNGHOLT:

# Kaffihús og gistiheimili með sál og sjarma

**L**augardaginn 23. júní verður Kaffihúsið í Lyngholti á Þórshöfn opnað í annað sinn en kaffihúsareksturinn fékk góðar viðtökur þorpsbúa og ferðamanna síðasta sumar. „Við byrjuðum á þessu síðasta sumar vegna þess að sjoppa hérna á staðnum brann til kaldra kola og var þá engin sjoppa á staðnum. Okkur langaði að prófa þetta og setja eitthvað upp fyrir heimamenn og gesti, það vantaði svona stað,” segir Karen Rut Konráðsdóttir sem hefur rekið Gistiheimilið Lyngholt ásamt Ólafi Birgi Vigfússyni frá árinu 1999.

„Hér er allt að verða klárt, kaffivélin er komin í hús og bakstur kominn á fullt. Við gerum bakkelsið sjálf og eitt af því sem féll í kramið síðasta sumar var rabarbarabaka með rjóma og verður hún klárlega áfram á matseðlinum,” segir Karen og bætir við að kaffihúsið í Lyngholti sé vafalaust eitt af minnstu kaffihúsum landsins, það tekur aðeins um tíu manns í sæti inni. „Hins vegar erum við með finan pall hér fyrir utan og mikið af garðhúsgögnum og treystum því nokkuð á gott veður.”

Kaffihúsið verður að öllu jöfnu opið kl. 15-18 alla daga vikunnar en þegar vel viðrar má gera ráð fyrir að opið verði lengur. Haldnir verða Bryggjudegar á Þórshöfn helgina 21.-23. júlí og þá verður klárlega opið lengur á kaffihúsinu auk þess sem pylsur verða grillaðar á pallinum.

## Kaffihúsálambið

Eins og áður segir er rabarbarabaka og annað heimagert bakkelsi eitt helsta einkenni kaffihússins en annað er klárlega kaffihúsálambið sem gerði mikla lukku síðasta sumar og verður á sínum stað eitthvað fram eftir sumri. „Lambið, sem hefur fengið nafnið Latte, er núna bara heima með bleiu og bíður eftir að við opnum kaffihúsið. Þetta er móðurlaus gimbur sem var eitt af síðustu lömbunum sem fædd-


ust í vor og engin kind eftir sem hægt var að venja lambið undir. Þá endar það stundum þannig að dætur mínar koma heim með þannig lömb og hafa inni. Gestir á kaffihúsinu mega gefa lambinu pela og var mjög gaman að sjá svipinn á nokkrum ferðamönnum þegar þeir mættu lambi með bleiu á pallinum. Þetta verður að öllum líkindum árlegt hjá okkur þar sem við erum sauðfjárbændur sem rekum kaffihús,” segir Karen.

Lambið gefur staðnum skemmtilegan blæ og gerir kaffihúsið óneitanlega mjög fjölskylduvænt. Fjölskyldufólk á ferðinni ætti því klárlega að stoppa í Lyngholti og leyfa börnunum að hitta lambið um leið og fjölskyldan fær sér hressingu.

„Ásamt gisti- og kaffihúsarekstrinum rekum við skólamötuneyti yfir vetrartímann og erum þetta sumar að prófa okkur áfram með að bjóða upp á hádegisverð og erum með þessa aðstöðu í félagsheimili staðarins.”

## „Ég ætla að eignast þetta hús þegar ég verð stór”

Sem fyrr segir opnuðu þau Karen og Ólafur gistiheimilið Lyngholt árið 1999. „Við keyptum þetta gamla hús,



Lyngholt, og gerðum upp sem gistiheimili. Afí minn og amma byggðu þetta hús árið 1958 og þegar ég var lítil sagðist ég ætla að eignast þetta hús þegar ég yrði stór,” segir Karen. „Við byrjuðum á að búa sjálf á neðri hæðinni og leigðum út 4 herbergi uppi. Reksturinn hefur á þessum árum vaxið hægt og bitandi og eru núna um 30 gistipláss í Lyngholti og þremur öðrum húsum sem við höfum bætt við okkur á undanförunum árum. Við erum að klára titið og krúttlegt hús þessa dagana sem verður vonandi komið í notkun um næstu helgi. Og framundan er svo að gera upp húsið við hliðina á Lyngholti sem við festum nýlega kaup á. Það er mikil áskorun í því þar sem húsið er mjög illa farið en það

var byggt árið 1931. Þar er stefnan að vera með fjórar litlar stúdíóbúðir, allar með sér inngangi. Fyrstu árin okkar í rekstrinum voru Íslendingar í miklum meirihluta gesta en síðustu árin eru erlendir ferðamenn í meirihluta. Lausattraffíki þekkist varla lengur, erlendir ferðamenn skipuleggja sín ferðalög með margra mánaða fyrirvara. Norðurland er spennandi kostur fyrir þá sem vilja komast í rólegheitin og fallega náttúru. Litlu þorpin við sjóinn hafa ákeðinn sjarma og íða af mannlífi á sumrin.”

Lyngholt er klárlega áhugaverður gistikostur fyrir íslenska ferðamenn á leið um landshlutann og yfirleitt eru einhver pláss laus fyrir sumarið. Best er að bóka á síðunni [lyngholt.is](http://lyngholt.is) eða einfaldlega hringja í Karen í síma 897 5064 og fá í leiðinni upplýsingar um afþreyingarmöguleika á svæðinu.

Sjá nánar á [lyngholt.is](http://lyngholt.is) og Facebook-síðunni Lyngholt.



VOGAFJÓS VIÐ MÝVATN:

# Íslenskt í hávegum haft

**Þ**ú ert það sem þú borðar er leiðarljósið í okkar nálgun. Við leggjum áherslu á að gestirnir viti hvaðan maturinn kemur og á meðan okkur þykir gaman að taka á móti gestum sem eru langt að komnir þá viljum við gjarnan að maturinn ferðist eins stutta leið og hægt er," segir Ólöf Hallgrímsdóttir, sem rekur veitinga- og gistihúsið Vogafjós í Mývatnssveit. Að auki er þar hefðbundinn búskapur, bæði eru kýr og kindur á bænum.

Vogafjós tekur um 75 matargesti í sæti og um 15 í viðbót í huggulegu biðplássi þar sem hægt er að fá sér drykk á meðan beðið er eftir borði. Meðal veitinga eru reyktur silungur, hangikjöt, heimagerðir ostar og kjöt frá Vogabúinu sjálfu. Einnig er heimabakað brauð og kökur í miklu úrvali, meðal annars hverabrauð eða „Geysir bread“ eins og það er kynnt fyrir erlendum gestum.

„Við erum aðilar að samtökunum Beint frá býli og tökum einnig þátt í verkefninu „Þjóðlegir réttir á okkar veg“ sem Matarauður Íslands stendur fyrir. Út úr þeirri hugmyndavinnu kom meðal annars rétturinn „Creme Brulé brauðsúpa“ sem verður fljótlega á boðstólum í Vogafjosi. Hráefni í hana er hverabrauð sem við bökum hérna í „neðanjarðarbakariinu“ okkar, eins og við köllum það," segir Ólöf og undirstrikar að í Vogafjosi sé íslenskt í hávegum haft. Við reynum eftir því sem hægt er að bjóða upp á íslenskar, svæðisbundnar og heimagerðar afurðir. Við leggjum t.d. mikið á okkur til að verða okkur úti um

ferskt, íslenskt grænmeti yfir vetrartímamann. Yfir sumartímamann er hægt um vik að fá úrvalsgott salat, tómata og gúrkur frá næsta grænmetisbónda í nágrenninu en yfir vetrartímamann, þegar minna úrval er hér fyrir norðan, þá sækjum við það til sunnlensku gróðurstöðvanna."

## Upplifun við Mývatn

„Þetta er ekki bara veitingastaður sem býður upp á góðan mat úr úrvalshráefni heldur viljum við líka veita gestum okkar upplifun," segir Ólöf og vísar til þess að Vogafjosið er fjós, eins og nafnið gefur til kynna; hinum megin við gluggann í veitingasalnum er eiginlegt fjós þar sem kýr eru á bás og kálfar til að klappa. Hægt er að fá að fylgjast með mjóltum og smakka volga kúamjólk á mjaltatíma. „Við búum til osta úr okkar mjólk sem við notum með nánast öllum réttum á matseðli," segir Ólöf.

Frá veitingasalnum er einnig fráþætt útsýni yfir Mývatn og suður yfir fjöllin.

Gisting við Mývatn er mikil upplifun. Gist er í tveimur bjálkahúsum og einu timburhúsi sem staðsett eru í hrauninu skammt frá veitingastaðnum. Herbergin eru rúmgóð og hægt að velja á milli 2ja, 3ja og 4ja manna herbergja sem öll eru með sérbaðherbergjum. Morgunverður er innifalinn og framreiddur á veitingastaðnum í Vogafjosi. Herbergin eru fallega innréttuð og höfuðmarkmiðið er að gestum líði vel og geti slappað af eftir langan dag. „Við reynum að vanda til verka í því sem við tökum



okkur fyrir hendur og teljum að það sé hluti af því að vera meðlimir í VAKANUM, sem er umhverfis- og gæðakerfi ferðapjónustunnar á Íslandi," segir Ólöf að lokum.

Nánari upplýsingar um gistingu veitir gestamóttakan í Vogafjosi í síma 464 3800 eða í gegnum netfangið vogafjos@vogafjos.is.

Sjá nánar á vefsíðunni vogafjos.is og Facebook-síðunni Vogafjós.







## SÍREKSSTAÐIR:

# Sveitagisting, heillandi gönguleiðir og hversdagsmatur í sparibúningi

Síreksstaðir er sveitabýli í riflega 20 km fjarlægð frá Vopnafirði. Þar er dýrlegt útsýni yfir tún, fjöll og dali og heillandi gönguleiðir í nágrenninu, meðal annars út á Langanes. Svo heppilega vill til að á Síreksstöðum er rekið myndarlegt gistiheimili og veitingastaður sem býður upp á prýðilegan mat úr fersku úrvals hráefni. Því er gott að dvelja á Síreksstöðum, hvort sem er eina bjarta kvöldstund að sumri eða í lengri tíma og njóta fegurðar og lystisemda sveitarinnar. Opinn landbúnaður er á Síreksstöðum og býðst gestum að kíkja við í fjárhúsin á vorin þegar sauðburður stendur yfir og einnig á haustin þegar á smalamennsku stendur – þá getur verið mikið fjör.

Veitingastaðurinn á Síreksstöðum er opinn frá byrjun júní og út sept-

ember frá kl. 18 til 21. „Við leggjum mikla áherslu á okkar eigið lambakjöt frá sauðfjárbúinu okkar á staðnum. En almennt er það stefna okkar að bjóða eingöngu upp á nýtt og ferskt hráefni. Við ræktum mikið okkar eigið grænmeti, fáum silung veiddan úr Nykurvatni uppi á Bustarfelli og þorskaupum við af trillukörlum á Vopnafirði. Matargerð okkar má gjarnan kalla heimilismat í sparibúningi því við bjóðum upp á hefðbundinn heimilismat sem við gerum finan,“ segir Karen Hlín Halldórsdóttir, ábúandi og rekstraraðili á Síreksstöðum. Vinveitingaleyfi er á veitingastaðnum og boðið upp á léttvín, bjór og nokkrar tegundir af sterku áfengi.

„Við getum boðið upp á akstur fyrir 4-5 í lengri ferðir, hvort sem er fyrir okkar gesti eða aðra sem eiga

leið um, en það þarf að panta með smá fyrirvara svo allt gangi upp. Einnig eru margar fallegar gönguleiðir í kringum okkur, bæði í nánasta umhverfi og annars staðar í Vopnafirði sem við getum einnig leidsagt okkar gestum um ef þess er óskað.“

Gott er fyrir þá sem hafa áhuga á að gista á Síreksstöðum í sumar að panta gistingu fljótlega því alltaf eru að tínast inn bókanir en nokkur pláss eru laus. Annars vegar eru á staðnum tvö litil sumarhús sem rúma ágætlega 4-5 manneskjur hvort um



sig. Heitur pottur er fyrir utan annað sumarhúsið. Hins vegar er á staðnum gistiheimili fyrir 15 manns með alls sjö herbergjum og sameiginlegri salernis- og baðaðstöðu.

„Veidimenn eru líka velkomnir þar sem við erum nálægt hreindýra- og gæsaslóðum, því eru Síreksstaðir mjög vel staðsettir fyrir þá,“ segir Karen.

Gistingu er hægt að panta á vefsíðunni [sireksstadir.is](http://sireksstadir.is) eða með skilaboðum á Facebook-síðunni Farm holiday Síreksstaðir. Einnig má hafa samband í síma 869 7461 eða með tölvupósti á netfangið [sirek@simnet.is](mailto:sirek@simnet.is).



VEITINGASTAÐURINN BÁRAN OG ÞÓRSHÖFN KAYAK:


# Fyrir góðar stundir á Norðausturlandi

**B**áran er eini veitingastaðurinn á Þórshöfn og einn allra helsti veitingastaðurinn á stórum hluta Norðausturlands. Á sama stað er rekið fyrirtækið Þórshöfn Kayak sem býður upp á kayakleigu og kayakferðir um nágrenni Þórshafnar og Langaness.

Maðurinn á bak við þetta skemmtilega framtak er af erlendu bergi brotinn, Nikola Zdenko Peros heitir hann og er fæddur í New York, hann er bandarískur í móðurættina og króatískur í föðurættina. Nik, eins og hann er oftast kallaður, kom fyrst til Íslands árið 1992 sem skiptinemi í Stykkishólmi og stofnaði þá til tengsla við Íslendinga sem ekki hafa rofnað síðan.

Nik hefur starfað mikið að mál-efnum skiptinema og komið þeim í kynni við Ísland. Sú viðleitni leiddi til þess að hann festi rætur á Þórshöfn og opnaði veitingastaðinn Báruna.

Báran er staðsett við Eyrarveg 3 á Þórshöfn. Hún er í senn notalegt kaffihús og hinn fullkomni staður fyrir góða máltíð. Mikil áhersla er lögð á að notast við ferskt hráefni úr héraði og er meðal annars boðið uppá lambakjöt, nautakjöt og fisk úr nágrenninu. Ævintýragjarnir matargestir geta prófað hvalkjöt og lunda. Boðið er upp á handgerða hamborgara og pitsur bakaðar í eldfni.



að kíkja í morgunmat. Það eru líka allir velkomnir í hádegismat, gott er að tylla sér inn á Báruna í eftirmiðdaginn til að fá sér kaffi og kökur, og kvöldverðurinn svikur engan.

Staðurinn er staðsettur við höfnina

Báran er opnuð kl. 8 á morgnana og þá er tilvalið


og má fylgjast með hafnarliferu úr matsalnum. Ef veður leyfir er hægt að sitja úti á verönd. Á kvöldin er barinn opinn og oft er lifandi tónlist eða aðrar skemmtilegar upptakomur.

Kayakferðirnar og Kayakleiga eru í boði í allt sumar og alveg út september. Allur nauðsynlegur öryggisbúnaður er útvegaður og blautbúningur er innifalinn í verði ferðarinnar. Siglt

er að sveitabænum

Sætúni og aftur til baka. Fjölbreytt fugla- og dýralíf Norðausturlands ber fyrir augu í ferðinni og möguleiki er á því að sjá seli.

Upplýsingar og pantanir í þessar ferðir eru á vefsíðunni [baran.is](http://baran.is) og þar eru einnig allar upplýsingar um veitingastaðinn.





YTRA LÓN FARM LODGE:

# Heillandi sveitagisting og ægífegurð Langaness

Langanesið býr yfir mikilli náttúrufergurð sem heillar bæði innlenda og erlenda ferðamenn. Gistiheimilið Ytra Lón Farm Lodge er vel í sveit sett fyrir slíka ferðalanga en það er staðsett á miðju Langanesinu og um 15 km frá Þórshöfn. Mirjam Blekkenhorst er hollensk kona sem búið hefur á Íslandi í 30 ár og talar hún reiprennandi íslensku. Hún og maður hennar, Sverrir Möller, hafa selt gistingu á Ytra Lóni síðan árið 1998.

Ad sögn Mirjam eru erlendir ferðamenn í meirihluta gesta á Ytra Lóni en Íslendingum fer þó töluvert fjölgandi:

„Hingað koma margir sem búa á Húsavík, Akureyri og Egilsstöðum í helgarferðir til að skoða Langanesið. Einnig koma gönguhópar hingað, kannski hópar sem ganga á Hornstrandir eitt árið og á Langanesið það næsta. Þá geri ég þeim gjarnan hagstæð tilboð. Auk gistingar og veitinga er leiðsögn í boði og sumir hópar þiggja leiðsögn einn dag en eru að öðru leyti á eigin vegum,” segir Mirjam.

Í boði eru ferðir á Land Rover bíl um Langanesið sem einnig geta hentað ferðalöngum sem gista ekki. En gönguferðir með leiðsögn eru

partur af gistipakkanum. Ad sögn Mirjam er oftast hægt að panta gistingu á Ytra Lóni með frekar litlum fyrirvara. Veitingar eru innifaldar fyrir þá sem það vilja en margir komast af án þeirra.

„Þetta eru alls níu stúdíóbúðir sem hver um sig rúmar ágætlega 2-4 manneskjur, t.d. þar eða fjögurra manna fjölskyldu. Í hverri íbúð er baðherbergi og lítið eldhús. Því hefur fólk allt til alls og margir kjósa að elda bara sjálfir og vera út af fyrir sig, þá getur verið gaman að kaupa lambakjötið frá Ytra Lóni og grilla,” segir Mirjam. Stutt er í

matvöruverslun og aðra þjónustu á Þórshöfn.

Mirjam og Sverrir reka sauðfjárbú á staðnum en auk sauðfjárins eru á bænum hestar, hænur, köttur og fjórir til fimm Border Collie hundar sem hjálpa til við alla vinnu við féð. Dýralífið kryddar dvölinna á Ytra Lóni og er gestum til yndis.

Fram hjá bænum rennur vinsæl silungsá, Lónsá, en veiðileyfi í hana eru pöntuð á [veiditorg.is](http://veiditorg.is).

Hægt er að panta gistingu eða afla sér frekari upplýsinga á vefnum [ytralón.is](http://ytralón.is) en einnig með tölvupósti á [netfangið@ytralón.is](mailto:netfangið@ytralón.is) eða í síma 846 6448. Þess má geta að enn eru nokkur laus pláss í Langanesferðina 1.-5. júlí næstkomandi. Það er gönguferð um friðsæla byggð sem var og eyðiborp með mikla sögu, um líflæg fuglabjörg og út á ysta odda Langaness. Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband og tryggja sér pláss.



HJÁLEIGAN – KAFFIHÚS:

# Ekta íslenskt kaffibrauð og húsdýr í garðinum

Hjáleigan er einstaklega huggulegt sveitakaffihús, staðsett við Minjasafnið á Bustarfelli, í Hofsdalnum, skammt frá Vopnafirði. Þetta fallega hús tekur um 25-30 manns í sæti en auk þess er veitingasvæði á verönd fyrir utan sem er vinsælt þegar vel viðrar.

Hjáleigan er opin frá 1. júní til 10. september frá kl. 10 til 17 alla daga vikunnar. Rekstraraðilar eru Petra Jörgensdóttir og Hörður Sigurjónsson og eitt helsta einkenni veitinga

staðarins er heimabakað brauð úr ofni Petru. Eingöngu er í boði íslenskt heimabakað brauðmeti á staðnum og mikið af því er séríslenskt kaffibrauð á borð við kleinur, skonsur, flatkökur, vöflur, formkökur og alls konar tertur. Kaffibrauðið á Hjäleigunni er rómað víða og gestir hæla því yfirleitt í hástert. Einnig eru í boði tvær tegundir af heimagerðum ís.

Meðal drykkja í boði eru kaffi, kakó og te.

Litill húsdýragarður og Bustarfellsdagurinn

Eitt aðdráttarafi Hjäleigunnar – sem gerir staðinn mjög fjölskylduvænan – er visir að húsdýragerði fyrir utan kaffihúsið og er ókeypis aðgangur að honum. Þarna eru nú litill kálfur, tvö litil lömb og kanína. Þá eru geitur væntanlegar í garðinn.

Bustarfellsdagurinn verður haldinn hátíðlegur sunnudaginn 8. júlí og



Börnin skemmta sér alltaf vel á Bustarfellsdeginum



þá verða fleiri dýr flutt í garðinn frá bæjum í héraðinu. Þannig dag verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá og meðal annars verða gamlar verkhefðir sýndar.

Nánari upplýsingar um Hjäleiguna kaffihús er að finna á Facebook-síðunni Hjäleigan Kaffihús.

# HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum  
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir  
íbúðir í skammtímaleigu



# Sumarhlaup

22. júní 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sverrisson / agustb@dv.is



HREPPSLAUGARHLAUPIÐ:

# Upplifun í náttúrufegurð og einni elstu laug landsins

**H**reppslaugarhlaupið verður haldið fimmtudaginn 28. júní við Hreppslaug í Skorradal og hefst kl. 18. Að hlaupi loknu er keppendum boðið í sund í hinni gömlu og margrómuðu Hrepps-laug en hún er næstelsta steinsteypa 25 metra laugin á landinu, vígð árið 1928. Hrepps-laug er nú friðlýst af Minjastofnun, „á grundvelli staðbundins menningarsögulegs gildis og fágætis“, eins og segir í umsögn Minjastofnunar. Heitt vatn rennur sífellt í laugina úr nærliggjandi uppsprettum.

Hlaupnar eru þrjár vegalengdir í Hrepps-laugarhlaupinu, 3 km, 7 km og 14,2 km. Drykkjarstöð er í lengsta hlaupinu. Hámarksfjöldi hlaupara er 100 og verður lokað fyrir skráningar þegar sá fjöldi næst. Því er vissara að skrá sig tímanlega á hlaup.is.

Þátttaka í Hrepps-laugarhlaupinu þykir heillandi upplifun, annars vegar vegna hinnar



miklu náttúrufegurðar sem hvarvetna blasir við hlaupurum og hins vegar vegna Hreppslaugarinnar en einstakt



er að hvíla lúin bein í lauginni að hlaupi loknu. Hægt er að kaupa súpu og heitar samlokur að hlaupi loknu.

Ungmennafélagið Íslendingur stendur að Hreppslaugarhlaupinu og rekstri Hreppslaugar. Þetta er fámennt félag með um 200 félags-

menn og byggir reksturinn á þrotlausri sjálfböðavinnu.

Nánari upplýsingar um hlaupið og skráning eru á hlaup.is. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið runa@aknet.is.

Kort af hlaupaleiðum eru á [www.facebook.com/hreppslaug](http://www.facebook.com/hreppslaug).



BLÁSKÓGASKOKK HSK:

## Eitt elsta hlaup landsins

**B**láskógaskokkið er áreiðanlega með elstu hlaupum landsins því það hefur verið haldið árlega allar götur frá árinu 1972. Á þeim tíma var skokk ekki sú almenningsiðja sem það er í dag en fyrsta Bláskóga-hlaupið vakti mikla athygli og tóku yfir 300 manns þátt í því.

Skipuleggjandi hlaupsins í dag, Ingvar Garðarsson, tók þátt í einu af fyrstu hlaupunum þá unglíngur að aldri. Hann segir að í allra fyrsta hlaupinu hafi margir skokkað hægt eða gengið með.

Bláskógaskokkið fer að þessu sinni fram laugardaginn 23. júní og verður ræst kl. 11. Hlaupið hefst við Gjá-bakkaveg, sem er gamli þjóðvegurinn, austan Þingvallvatns. Hlaupið er eftir gamla Gjá-bakkavegi til Laugarvatns og komið í mark hjá heilsulindinni Fontana við Laugarvatn.

Keppendur þurfa að mæta við Fontana á Laugarvatni þar sem þeir geta skráð sig, staðfest forskráningu, sem er á hlaup.is og fengið afhent keppnisnúmer frá kl. 9:00 á keppnisdag. Hlaupurum er síðan boðið

í heilsulindina Fontana að hlaupi loknu. Sérstök athygli er vakin á því að Fontana ætlar að bjóða hlaupurum frítt inn að hlaupi loknu. Almennt gjald á mann í Fontana er 3.800 kr. Hlauparar eru því að fá talsvert fyrir 2.000 kr. þátttökugjald.

Vegalengdin er nákvæmlega 10 mílur eða 16,09 km. „Þetta er nokkuð hæðótt leið og er mestmegnis á mól. Mörgum þykir mikill kostur að það er engin bilaumferð eftir veginum,“ segir Ingvar sem þarf að eyða púðrinu í að skipuleggja hlaupið og getur ekki tekið

þátt en hann hefur oft hlaupið þessa leið.

Hlaupaleiðin þykir skemmtileg og falleg enda um að ræða eitt af fallegri svæðum landsins. Að sögn Ingvars eru töluvert færri þátttakendur í Bláskógaskokkinu núorðið en voru fyrstu árin og má búast við a.m.k. 40 keppendum að þessu sinni. Aldursdreifingin er hins vegar mikil, alveg niður í unglíngum og upp í eldri borgara.

Sjá nánar á hlaup.is.

**ecotrail®**

82k. 42k. 22k. 12k. Reykjavík

EcoTrail Reykjavík

**“Flottasta utanvegahlaup í Evrópu verður 6.júlí”**  
Þetta er álit Zuzana Hofova sem var fyrst kvenna árið 2017  
Valið eitt af 6 bestu maraþonhlaupum í Skandinavíu af Rad Season  
Vegalengdir við allra hæfi, 12km \* 22km \* 42km \* 82km.  
[Nánari upplýsingar og skráning á www.hlaup.is](http://www.hlaup.is)

**Hlaupið í kvöldbirtunni,  
sólsetur, sólarupprás!**

Þú gætir unnið Brooks hlaupaskó og hlaupagreiningu frá versluninni Eins og fætur toga ef þú skráir þig fyrir 1.júlí á [hlaup.is](http://hlaup.is)



**HREYFIFERÐIR.is**

Í samvinnu við  
**Heimsferðir**



**Tenerife**



**Sikiley**

HLAUPAFERÐ TIL LISSABON 12-16.október 2018.



Heil flugvél fyrir hlaupaglaða einstaklinga og hlaupahópa. Beint flug. Flott hótél. Gleði og fjör.

EDP Lisbon maraþon er vel skipulagður viðburður með vegalengdum við allra hæfi, maraþon, hálf maraþon og 8,5km.

Lissabon er skemmtileg og lifandi borg.



**Gran Kanarí**

**Ferðumst lifandi lífinu!**

Nokkrar ferðir í haust og vetur:

- \* Hjólaferð til Mallorca með Þóru og Daða. 16-23.september. 4 laus sæti vegna forfalla.
  - \* Hreyfiferð til Sikileyjar með Hjördísi Ýr. 8-18.október. Kr. 188.567,-
  - \* Hlaupaferð til Lissabon 12-16.október. Verð frá kr. 109.900,- Hlaupaferð ársins!
  - \* Hreyfiferðir til Gran Kanarí og Tenerife í vetur.
- M.a. Gran Kanarí í janúar með þátttöku í Gran Canaria hlaupaveislu. Tenerife hreyfiferðin sem alltaf selst upp í lok febrúar 2019.  
Nánari upplýsingar: [ivar@komaso.is](mailto:ivar@komaso.is) Farsími: 8242266

HJÓLAFERÐIR HLAUPAFERÐIR LÍFSSTÍLL





HLAUPAHÁTÍÐ Á VESTFJÖRÐUM:

# Hlaup, sjósund, hjólreiðar og fjölskyldu- skemmtun í náttúrufegurð Vestfjarða

**Þ**að er dýrt að ferðast um landið og margir eru ekki tilbúnir til að fara langa vegalengd til að taka þátt í einu hlaupi. Þetta upplifðu skipuleggjendur Óshlíðarhlaupsins og það varð til þess að fólk tók sig saman og skipulagði glæsilega fjögurra daga íþróttahátíð, Hlaupaátíð á Vestfjörðum, sem í ár fer fram dagana 12. til 15. júlí. Þar eru hlaupnar hinar ýmsu vegalengdir, keppt í sjósundi og hjólreiðum og ýmislegt fleira sér til gamans gert.

„Það eru ótrúlega margir sem taka þátt í fleiri en einni keppni hér,“ segir Guðbjörg Rós Sigurðardóttir, einn af skipuleggjendum mótsins, og bendir meðal annars á þríþrautina: Hún hefst á 500 metra sjósundi á föstudeginum, á laugardeginum eru 55 km fjallahjólreiðar, sem eru jafnframt Íslandsmótið í maraþonfjallahjólreiðum, og á sunnudeginum er 24 km hlaup.

Fyrsta atriði hátíðarinnar er Skálavíkurhlaupið en það hlaup hefst í Skálavík og endar í Bolungarvík. Á föstudeginum er 500 m og 1.500 m sjósund við Ísafjörð og um kvöldið er Arnarneshlaupið sem er tvískipt í 10 km og 21 km hlaup.

„Á laugardeginum erum við með dagskrá fyrir börn þar sem við bjóðum upp á 2 km og 4 km skemmtiskokk og 8 km fjallahjólreiðar fyrir krakka. Þá verður líka útjýga og vöfflubakstur,“ segir Guðbjörg en auk þess verður áður nefnd maraþonhjólreiðakeppni haldin þá.



Myndir: Gusti.is



Á sunnudeginum eru hlaupnar samtals þrjár vegalengdir, 10 km, 24 km og 45 km eftir hinn svokölluðu Vesturgötu, en það er vegur sem liggur frá Arnarfirði yfir í Dýrafjörð. „Á leiðinni er hlaupið í fjörunni og undir klettabjörgum. Þetta er vegur sem ýtustjórninn Elís Kjaran lagði einn á sínum tíma, þetta er ekki góður akvegur þó að hann sé fær og lítil umferð á leiðinni,“ segir Guðbjörg.

Hlaupahátíð á Vestfjörðum er óneitanlega fjölskrúðug og forvitnileg hátíð fyrir alla langhlaupara og í raun fyrir alla sem njóta þess að hreyfa sig úti í fallegri náttúru. Nánari upplýsingar og skráning í hvern viðburð fyrir sig eru á síðunni hlaupahatid.is.







FJÖGURRA SKÓGA HLAUPIÐ:

# Náttúrufegurð og veðursæld

**F**jögurra skóga hlaupið hefur verið haldið frá árinu 2011 en það fer fram í suðurhluta Fnjóskadals laugardaginn 28. júlí. Hlaupið er fjóröflunarleið fyrir björgunarsveitina Þingey og hefur lukkast afskaplega vel í gegnum tíðina. Þátttakendum hefur farið fjölgandi hægt og rólega og búast má við rúmlega 100 manns í hlaupið að þessu sinni.

Hlaupið er í gegnum fjóra skóga: Vaglaskóg, Lundskóg, Þórðarstaðaskóg og Reykjaskóg. Náttúrufegurð er mikil á svæðinu og ekki spillir fyrir að mikil veðursæld er í Fnjóskadal:

„Við höfum alltaf fengið gott veður, það hefur aldrei rignit á okkur, einu sinni var sólarlaust en oftast hefur verið sól og stundum 20 stiga hiti,“ segir Steinar Karl Friðriksson, formaður björgunarsveitarinnar Þingey. Steinar segir að enginn stórgróði sé af hlaupinu en það komi alltaf út í plús og sé því nokkur styrkur fyrir björgunarsveitina.

„Hlauparar sækja í góða veðrið og náttúrufegurðina hérna og við höf-

um fengið mjög góðar umsagnir um hlaupið,“ segir Steinar Karl en árið 2014 var Fjögurra skóga hlaupið valið besta utanvegahlaupið.

Mjög fjölbreyttur hópur þátttakenda er í hlaupinu: „Þetta er allt frá krökkum hérna í sveitinni í skemmtiskokkinu og upp í margfalda Íslandsmeistara,“ segir Steinar Karl.

Keppt er í fjórum vegalengdum: 4,3 km skemmtiskokki, 10,3 km, 17,6 km og 30,6 km.

Allir keppendur fá þátttökupening og verðlaun verða veitt fyrir þrjú efstu sætin í karla- og kvennaflokki í hverri vegalengd.

Keppendur eru fluttir á upphafsstaði, drykkir verða á stöðvum, tímatökunúmer, brautarkerkingar og öryggisgæsla eru á leiðinni. Boðið verður upp á hressingu á leiðarenda.

Gæsla verður við hlaupið og munu félagar úr björgunarsveitinni Þingey fylgja keppendum eftir. Þátttakendum skal þó bent á að þeir hlaupa á eigin ábyrgð.

Nánari upplýsingar og skráning á hlaup.is.





# Dyrfjallahlaup

## 21. júlí 2018



DYRFJALLAHLAUP:

## Heillandi utanvegahlaup í náttúrufegurð Borgarfjarðar eystri

**D**yrfjallahlaup er utanvegahlaup um Dyrfjöll og Stóruð með endamark á Borgarfirði eystri. Fer það fram laugardaginn 21. júlí og hefst kl. 11. Ungmennafélag Borgarfjarðar stendur fyrir hlaupinu.

Afar mikil náttúrufegurð er á svæðinu sem er hlaupurum mikil upplifun. Hlaupið er 23 km langt og hefst við Hólaland í innsveit Borgarfjarðar. Þaðan er til að byrja með hlaupið upp eftir gömlum raflínuslóða sem liggur að Sandaskörðum. Þegar komið er langleiðina upp í Sandaskörð er beygt til hægri á merka gönguleið sem liggur að Eiríksdalsvarpi. Frá varpinu er hlaupið um Tröllabotna, yfir Lambamúla, áleiðis að Urðardal þar sem Stóruð liggur undir dyrum Dyrfjalla. Úr Stóruð er hlaupið upp bratta brekku í átt að Mjóadalsvarpi. Á krossgötum ofan Stóruðar er beygt til hægri og hlaupið eftir grófri slóð undir hömrum Dyrfjalla, ofan Njarðvíkur og Dyrfjalladals. Leiðin

liggur að Grjótdalsvarpi og þaðan er hlaupið að mestu á grónu landi að Brandsbalarétt sem er rétt fyrir innan þorpið Bakkagerði í Borgarfirði. Síðustu 700 metrana er hlaupið á malbiki að fótboltavelli UMFB þar sem hlaupið endar.

Drykkjarstöðvar eru á þremur stöðum á leiðinni, eftir 6 km, 12 km og 18 km, þar sem boðið er upp á vatn og orkudrykki.

Allir þátttakendur frá þátttökuþening er þeir koma í mark og verðlaun verða veit fyrir þrjú efstu sætin í karla- og kvennaflokki.

Sem fyrr segir er það Ungmennafélag Borgarfjarðar sem heldur Dyrfjallahlaupið en hlaupið fór fyrst fram í fyrra, á 100 ára afmæli félagsins. Afar vel tókst til og stefnt er að því að Dyrfjallahlaupið verði árlegur viðburður hér eftir enda um að ræða mjög spennandi utanvegahlaup.

Nánari upplýsingar eru á [hlaup.is](http://hlaup.is) og [ingafanney.com/dyrfjallahlaup](http://ingafanney.com/dyrfjallahlaup).





SNÆFELLSJÖKULSHLAUPIÐ:

# Einstaklega falleg hlaupaleið

**S**næfellsjökulshlaupið verður haldið í áttunda sinn þann 30. júní næstkomandi. Hlaupin er 22 km leið frá Arnarstapa, eftir Snæfellsjökli og inn á Ólafsvík þar sem hlaupið endar í miðbænum. Ólafsvík er í þægilegri, tveggja og hálf klukkustundar akstursfjarlægð frá Reykjavík og undanfarin ár hafa margir hlauparar úr höfuðborginni, sem og víða annars staðar af landinu, spreytt sig á Snæfellsjökulshlaupinu, enda er það mikil upplifun með dýrlegu útsýni.

Hjónin Rán Kristinsdóttir og Fannar Baldursson stofnuðu hlaupið fyrir átta árum og segir Rán að þetta hafi bara verið hugmynd sem kviknaði hjá þeim, umhverfið þarna sé mjög heillandi og sjálf hafi þau hlaupið töluvert um ævina.

„Vinsældir hlaupsins hafa farið stigvaxandi. Fyrsta árið voru þátttakendur um 50 en í fyrra voru þeir komnir upp í 211,“ segir Rán, en fyrir marga er þetta hlaup töluvert áskorun á meðan vanir hlauparar fara kannski þokkalega létt í gegnum það.

Hlaupatími hjá flestum er 2–3 klukkutímar en tíminn er að jafnaði lakari en í götuhlaupi, þar sem undirlagið er erfiðara. „Þetta byrjar í upphækkun og þannig eru fyrstu sjö kílómetrarnir. Þetta er 800 metra hækkun. Þá geta allt að sex kílómetrar verið í snjó og eitthvað jafnvel í drullu, þannig að þetta tekur á,“ segir Rán. Margir hlauparar hafa hins vegar gaman af að kljást við svo fjölbreytt undirlag. Stór hluti hlaupaleiðarinnar er á mól og lokaspölurinn á malbiki.

Ræst verður klukkan 12 á hádegi laugardaginn 30. júní. Rán segir að hingað til hafi þau haft opið fyrir skráningu alveg fram að keppnisdegi en ef fjöldinn verður mjög mikill núna gætu þau þurft að loka fyrir skráningu fyrir. Einnig er boðið upp á rútuferð frá Ólafsvík að Arnarstapa sem stór hluti keppenda nýtir sér og þarf að skrá sig í rútna fyrirfram. Yfirleitt þarf 2–3 rútur til að ferja þann hluta keppenda sem velur þennan kost.

Rán segir að þau hafi verið mjög



heppin með veður í hlaupinu hingað til og vonar hún innilega að sú verði raunin líka að þessu sinni. „Ef það er tært yfir jöklinum þá er útsýnið alveg geggið og þetta er meiriháttar upplifun enda hlaupaleiðin afskaplega falleg.“

Nánari upplýsingar og skráning eru á [hlaup.is](http://hlaup.is)

**BUFF KYNNIR**

# HEEN ULTRA

CO



**CINTAMANI**

**COMPRESSPORT**  
USING MUSCULAR COMPRESSION TECHNOLOGY

**GARMIN**

**POWER ADE**

**nettó**

# HENGILL TRAIL

CONQUER THE VOLCANO



**HENGILL**  
**ULTRA TRAIL**

**8. SEPTEMBER 2018**

ÞÚ GETUR VALIÐ ÚR 6 VEGALENGDUM

**MINOR  
TRAIL**  
5 KM


**HALF  
TRAIL**  
10 KM

**TRAIL**  
25 KM

**ULTRA  
TRAIL**  
50 KM

**BODHLAUP**  
100 KM  
4x25 KM

**ULTRA  
TRAIL+**  
100 KM





## SÚLUR VERTICAL:

# Besta utanvegahlaupið 2017

**U**tanvegahlaupið Súlur Vertical mun loka hlaupasumrinu í ár og raunar fer hlaupið fram í haust. Var því frestað frá 25. ágúst til 13. október. Því er óhætt að kalla hlaupið glæsilegan endapunktur hlaupasumarsins enda völdu lesendur hlaup.is Súlur Vertical besta utanvegahlaupið árið 2017.

Tvær vegalengdir eru í boði, sú lengri er 28 km með um 1.400 m hækkun upp fjallið Súlur, sem er bæjarfjall Akureyrar. Styttri vegalengdin er 18 km með 450 m hækkun og þá er ekki farið upp fjallið.

Súlur Vertical gefur ITRA stig og 2 punkta og hefur fengið vottunina „Qualifying race 2018“.

### Heimsfrægur þátttakandi

Í ár mun Hayden Hawks mæta til leiks í Súlur Vertical. Það er mikill heiður að fá Hayden í þetta hlaup því hann er einn besti ofurhlaupari heims (hlauparar sem hlaupa lengra en maraþon) og er nr. 4 á alheimslista ITRA. Fyrir utan að vera einn besti ofurhlaupari heims þá á hann tímann 28.53 í 10 km á braut og 13.51 í 5.000 m brautarhlaupi. Hann vann CCC í fyrra með yfirburðum en það er mjög sterkt hlaup hringinn í kringum Mont Blanc, alls 101 km með 6.100 m hækkun. Í ár er hann skráður í UTMB sem er 171 km hlaup með 10.300 m hækkun í kringum Mont Blanc þannig að hér er á ferðinni einn sá allra besti.

### Hlaupaleiðin

Hlaupið hefst á tjaldstæðinu á Hömrum, þaðan er farið í Kjarna og svo sem leið liggur upp í Gamla. Frá skálanum Gamla er hlaupið upp í Fálkafell og síðan að Súlubilastæði. Frá Súlubilastæði er hlaupið upp stikuðu gönguleiðina upp á topp Ytri-Súlu (að 1.170 m hárrí vörðu); þar er snúningspunktur og sama leið síðan hlaupin til baka niður á bílastæði. Frá Súlubilastæði er stysta leið hlaupin niður að MS og þaðan er göngustígurinn fylgt því sem næst meðfram Glerá og sem leið liggur niður í miðbæ Akureyrar. Kort er af hlaupaleiðinni á hlaup.is.

Hlaupaleiðin er virkilega skemmtileg, mismunandi undirlag er á leiðinni, s.s. moldarstígar, mýri, klappir, snjór, urð og grjót. Útsýnið á leiðinni er ægífastur þar sem Akureyri, Glerárdalurinn og Eyjafjörðurinn skarta sínu fegursta.

Það má enginn hlaupari láta þetta spennandi hlaup fram hjá sér fara. Nú er bara taka 13. október frá og skrá sig í Súlur Vertical, opnað verður fyrir skráningar á næstu dögum á hlaup.is.

Sjá nánar um Súlur Vertical á hlaup.is og runningiceland.com.



VOLCANO TRAIL RUN:

# Þórsmerkurævintýri hlauparans

Varla er til fegurri staður á landinu en Þórsmörk og því er utanvega- og fjallahlaup-ið Volcano Trail Run, sem fram fer í Þórsmörk, stórkostleg upplifun fyrir þá sem njóta þess að hlaupa úti í náttúrunni. Hlaupið fer fram laugar-daginn 15. september og er ræst kl. 13 í skála Volcano Huts í Húsadal í Þórsmörk. Hlaupið endar á sama stað.

Hlaupið er 12 km langt og er hlaupaleiðin eftirfarandi: Hlaup-inn er svokallaður Tindfjallahringur. Hlaupið hefst við skála Volcano Huts í Húsadal í Þórsmörk og er hlaupið inn Húsadalinn áleiðis upp Lauga-veginn. Þegar komið er upp úr Húsa-

dal er beygt af leið til hægrri í áttina að Langadal og farið af stígum upp á Slippugilshrygg og meðfram honum þar til stigurinn liggur niður í Slippugilið. Þá er beygt til vinstri áleiðis að Tindfjallasléttu og svo niður Stangarháls að Stóraenda. Þaðan er hlaupið eftir Krossáraumum að Langadal og stefnan tekin upp Valahnúk (275 m hækkun) og niður aftur að vestanverðu að endamarki í Húsadal.

Allir þátttakendur fá þátttöku-pening að hlaupi loknu og veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í karla- og kvennaflokki.

Brautarverðir verða á völdum stöðum á leiðinni. Stigur er greinileg-

ur mestan hluta leiðarinnar og með stikum. Engar drykkjastöðvar verða en vatn rennur í lækjum hér og þar meðfram leiðinni þar sem hægt er að fylla á brúsa.

## Rútuferðir frá BSÍ

Rútur frá Reykjavík Excursions fara til og frá BSÍ á hlaupadag og daginn eftir fyrir þá sem vilja gista í

Þórsmörk. Rúturnar stöðva á eftir-töldum stöðum og tímum:

- Frá BSÍ kl. 08:00
- Seljalandsfoss kl. 10:40
- Krossá kl. 11:50
- Rúta frá Húsadal kl. 17:00

Nánari upplýsingar um hlaupið eru á [hlaup.is](http://hlaup.is).



# MYRTI TUGI

■ Dagmar var hræðilegt illmenni sem sá ekki eftir neinu ■ Afkastar

Ung og óhamingjusöm móðir stóð fyrir utan íbúðina. Hún hét Karoline Aagesen og var 24 ára. Hún hafði bankað margoft en ekki verið svarað. Hún hafði beðið í stigaganginum, ráfað um garðinn og beðið. Hún þurfti að ná sambandi við Dagmar Overbye, konuna sem hafði tekið litlu stúlkuna hennar í fóstur þremur dögum áður. En Karoline sá eftir að hafa gefið stúlkuna frá sér og vildi nú fá hana aftur. Karoline grunaði ekki að hún hafði gefið afkastamesta raðmorðingja Danmerkur litlu dóttur sína, konu sem myrti tugi smábarna.

En Dagmar svaraði ekki. Karoline sneri sér til lögreglunnar og reyndi að fá aðstoð hennar en án árangurs. Þetta var árið 1920. Það var svo um fjögurleytið sem karlmaður opnaði dyrnar að íbúð Dagmar og hleypti henni inn. Í tveggja herbergja íbúðinni sat Dagmar við matarborðið en litla stúlkan var hvergi sjáanleg. Karoline var taugaóstyrk. Systir hennar hafði reynt að heimsækja litlu stúlkuna síðustu daga til að fullvissa sig um að hún hefði það gott en það hafði ekki tekist því í hvert sinn hafði Dagmar komið með einhverja afsökun fyrir að hún gæti ekki séð stúlkuna.

Dagmar sat þarna við matarborðið og ekkert barn var sjáanlegt, engin ummerki um barn. Hún sagði Karoline að daginn sem hún tók við stúlkunni hefði hún gefið ókunnugri konu hana en þá konu sagðist hún hafa hitt á



Istegade. Karoline trúði þessu ekki og hafði samband við lögregluna. Í ofni Dagmar fundu lögreglumenn

leifar af beinum dóttur Karoline. Þar með var málið um afkastamesta raðmorðingja Danmerkur

ur farið af stað þótt engan renndi í grun að hún hefði tugi morða á samviskunni.

Þegar réttað var yfir henni játaði hún að hafa myrt rúmlega 20 börn, sem hún hafði tekið að sér, á árunum 1912 til 1920. Hún var sakfelld fyrir átta morð og að hafa borið eitt barn út en ekki þóttu nægilega sterkar sannanir í hinum málunum.

Málið vakti að vonum mikla athygli í Danmörku enda einsdæmi og er það enn. Enginn afkastameiri raðmorðingja hefur komið fram á sjónarsviðið þar í landi síðan.

## Af hverju komst ekki fyrr upp um hana?

En hvornig gátu tugir lítilla barna bara horfið án þess að nokkur tæki eftir því? Þessarar spurningar var einnig spurt 1920 þegar upp komst um málið. Allir helstu fjölmiðlar Danmerkur fjölluðu um það og málið vakti að vonum mikinn óhug meðal almennings og miklar umræður.

Á árunum 1911 til 1921 fjölgaði Dönnum úr 2,7 milljónum í 3,3 milljónir. Þetta var mikil fjölgun á skömmum tíma og hafði hún ýmis vandamál í för með sér. Til dæmis var skráningu nýbura ábótavant og fæðingavottorð voru ekki gefin út fyrr en börn voru skírð. Börn sem fæddust utan hjónabands voru í slæmri stöðu þar sem það var ekki talið sæmandi að eignast barn utan hjónabands. Mæður þeirra áttu ekki rétt á félagslegri



Ofn Dagmar.



aðstoð og því urðu margar ungar, einstæðar mæður að auglýsa eftir fósturmæðrum í smáauglýsingum í dagblöðum.

Það var einmitt í gegnum slíkar auglýsingar sem Dagmar komst í samband við mæðurnar sem létu hana fá börn sín. Dagmar auglýsti einnig sjálf eftir börnum. Hún fékk greiddar 400 krónur með hverju barni en það var mikil upphæð á þessum tíma, svaraði til árslauna konu í hennar sporum.

Karoline Aagesen hafði sett auglýsingu í Aftenposten þar sem hún auglýsti eftir foreldrum sem vildu taka þriggja vikna dóttur hennar að sér en hún hafði eignast hana utan hjónabands og gat ekki annast hana sjálf. Dagmar svaraði auglýsingunni og þær sömdu um að hún tæki dóttur Karoline að sér. Þegar Karoline afhenti henni litlu stúlkuna grunaði hana ekkert misjafnt, Dagmar virtist glöð yfir að fá

Lækjarsbrekka



Alltaf sígild  
alltaf ljúf



Bankastræti 2  
101 RVK  
s. 551 4430



# SMÁBARNNA

Besti raðmorðingi Danmerkur hlaut dauðadóm fyrir voðaverk sín



Dagmar Overbye.

Þann 3. mars 1921 var Dagmar fundin sek um að hafa myrt 8 börn að yfirlögðu ráði og að hafa borið eitt barn út. Hún var dæmd til dauða. Mánuði síðar var dauðadómnum breytt í ævilangt fangelsi með þeim skilyrðum að hún fengi aldrei reynsulausn. Þetta var venjan á þessum tíma en síðasta aftaka konu í Danmörku fór fram árið 1861. Dagmar lést árið 1929, 42 ára að aldri.

### Málið hafði mikil áhrif á danskt samfélag

Mál Dagmar hafði mikil áhrif á danskt samfélag því í kjölfarið varð mikil umræða um þær slæmu aðstæður sem konur, sem eignuðust börn utan hjónabands, voru í. Árið 1923 voru sett lög sem kváðu á um eftirlit hins opinbera með börnum sem voru sett í fóstur og kveðið var á um að öll börn, sem fæddust utan hjónabands, ættu að falla undir sérstakt eftirlit. Árið 1924 voru síðan samþykkt lög sem kváðu á um að öll börn skyldu skráð í þjóðskrá.

### Hávaði frá nágretta truflaði nætursvefninn

Í febrúar á þessu ári réðst Rebar Hesso, 26 ára, á nágretta sinn, 21 árs konu, og stakk hana 130 sinnum. Konan lést af völdum áverka. Þau bjuggu bæði á sambýli



Herbergi Dagmar.



Auglýsing Karoline Aagesen í Aftonbladet.

### Dauðadómur í kjölfar atvinnuauðlýsinga

Richard Beasley, 53 ára, var dæmdur til dauða í Ohio í Bandaríkjunum árið 2013. Hann hafði auglýst eftir mönnum í vinnu á netsíðunni Craigslist, störf sem voru ekki til. Hann rændi þremur mönnum, 47 til 56 ára, sem svöruðu auglýsingunni og myrta þá. Hann reyndi einnig að myrða 49 ára karlmann sem einnig svaraði auglýsingu hans. Sá slapp lifandi frá Beasley og 16 ára samstarfsmanni hans, Brogan Rafferty, eftir að hafa verið skotinn í handlegg. Beasley nýtti sér aðstæður mannanna, sem voru atvinnulausir, til að lokka þá til sín og myrða en þeir vildu gjarnan fá vinnu enda vantaði þá peninga. ■

Þegar réttað var yfir henni játaði hún að hafa myrt rúmlega 20 börn, sem hún hafði tekið að sér, á árunum 1912 til 1920. Hún var sakfelld fyrir átta morð og fyrir að hafa borið eitt barn út en ekki þóttu nægilega sterkar sannanir í hinum málunum.

yfir henni kom fram að hún hafði oft verið undir áhrifum fíkinefna þegar hún myrta börnin, til dæmis kókaíns. Hún staðhæfði að hún hefði ekki myrt börnin vegna peninganna en gat engar skýringar gefið á ódæðisverkunum.

Hún sagðist hafa tekið þau að sér því „hún væri svo mikið fyrir börn“ og vildi vera góð við þau. Hún sagðist þó stundum hafa fundið hjá sér þörf til að drepa sum þeirra. Hún bar við minnisleysi þegar hún framdi morðin því hún hafi verið undir áhrifum vímuefna.

Við réttarhöldin kom fram að Dagmar ólst upp við slæm kjör, var talin lygin og hafði verið beitt kynferðislegu ofbeldi af stjúpföður sínum. Hún var þjófótt og vegna fátæktar fjölskyldunnar og erfðrar hegðunar var hún rekin að heiman 12 ára. 15 ára hlaut hún fyrsta dóm sinn fyrir þjófnað. Hún starfaði á veitingastað og eignaðist barn með þjóni sem starfaði þar. Þetta barn lést, hugsanlega við dularfullar kringumstæður. Á næstu árum eignaðist hún nokkur börn til viðbótar en það var síðasta barnið sem hún hlaut síðar dóm fyrir að hafa borið út.

Dagmar sagði sjálf að hún hafi aðeins viljað hjálpa börnum sem enginn vildi hafa. Hún virðist hafa talið sjálfri sér trú um að hún gerði samfélaginu greiða með því að taka börnin að sér en síðan hafi hún áttað sig á að hún réði ekki við verkefnið og þá var auðveldara að ryðja börnunum úr vegi.

stúlkuna og sagðist ætla að kveikja upp til að stúlkunni yrði ekki kalt. Á meðan vaggði hún henni blíðlega í fangi sér. En um kvöldið myrta hún hana. Hún afklæddi stúlkuna og setti hana á grúfu í barnavagninn, ofan á sæng. Hún tók síðan bandspotta og batt um háls hennar og setti lérefni ofan á stúlkuna. Hún settist síðan í sófann og beid eftir að litla stúlkan andaðist. Þegar hún var dáið setti hún hana í fléttukörfu og lét hana vera þar yfir nóttina. Næsta morgun setti hún líkið í ofninn og brenndi það.

### Undir áhrifum eiturfylfa

Dagmar myrta börnin yfirleitt skömmu eftir að hún fékk þau í hendurnar og oft notaði hún fyrrgreinda aðferð en hún drekkti líka sumum þeirra. Við réttarhöldin

Sturtuklefar með þaki, sporna gegn raka

Frábært verð og falleg hönnun  
Kíktu á sturta.is og skoðuðu úrvalið

sturta.is

# ☆ Framandi sól hjá Sumarferðum

JÓGA ☆ SPA ☆ SNORKL ☆ GÖNGUFERÐ ☆ STRANDPARTÝ ☆ SURF ☆ SKÚTUSIGLING ☆ HJÓLAFERÐ

## ÆVINTÝRAFERÐ TIL BALÍ

13.–26. NÓVEMBER

Balí er sönn paradís á þessari jörð og hefur upp á að bjóða ótrúlega frumskóga, hvítar strendur, tæran sjó og iðandi mannlíf. Komdu og upplifðu ævintýrið með okkur! Fararstjóri er Egill Fannar Halldórsson.

EINSTAKT VERÐ **339.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna. Verð frá 330.600 kr. á mann m.v. 3 fullorðna.



SJÓSKÍÐI ☆ KÖFUN ☆ SNORKL ☆ SEGLBRETTI ☆ GOLF ☆ SKÚTUSIGLING ☆ HJÓLAFERÐ

## VARADERO Á KÚBU FJÖLSKYLDUFERÐ

10.–17. NÓVEMBER

5 stjörnu gisting Ocean Vista Azul Varadero. Deluxe fjölskylduherbergi með **ALLT INNIFALIÐ!**

Varadero er þekktur ferðamannastaður, eða „resort“, með hvítum sandströndum og er eitt af þeim stærstu í Karíbahafinu. Svæðið er af mörgum talið „elite“ svæði á Kúbu og er tilvalinn áfangastaður fyrir fjölskyldur

VERÐ **249.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 eða 2 börn.

ICELANDAIR

ALLT  
INNIFALIÐ



ALLT  
INNIFALIÐ

BARNVÆNT

**ALMERÍA**  
MEDITERRANEO PARK ☆☆☆☆

FRÁ **129.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með **ALLT INNIFALIÐ**. Verð frá 155.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.  
Ferðatímabil: 9.–16. ágúst

**MALLORCA**  
SOL ALCUDIA CENTER ☆☆☆

FRÁ **99.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 148.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.  
Ferðatímabil: 12.–19. ágúst

**KANARÍ**  
BUNGALOWS PARQUE  
CRISTOBAL ☆☆☆


FRÁ **89.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í smáhýsi með 2 svefnherbergjum. Verð frá 113.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.  
Ferðatímabil: 14.–21. ágúst

VINSÆL  
GISTING

SKOÐAÐU  
FLEIRI  
VERÐDÆMI Á  
Sumarferdir.is

Innifalið í verði: Flug, flugvallaskattar, gisting, íslensk fararstjórn, ferðataska og handfarangur. Þjónustusími opin allan sólarhringinn. Bókaðu núna, fleiri verðdæmi og brottfarir á [www.sumarferdir.is](http://www.sumarferdir.is)



### TENERIFE

HG TENERIFE SUR ☆☆☆

FRÁ **66.700 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 88.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Ferðatímabil: 21.–29. ágúst

### BENIDORM

BALI ☆☆☆☆

FRÁ **73.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með HÁLFU FÆÐI. Verð frá 99.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Ferðatímabil: 23.–31. ágúst

HÁLFT  
FÆÐI

VINSÆL  
GISTING

### ALMERÍA

ARENA CENTER ☆☆☆☆

FRÁ **67.700 KR.**


Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíóíbúð. Verð frá 89.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Ferðatímabil: 23.–30. ágúst

Fáðu ferðaráðgjöf hjá  
Jenný sölufulltrúa

Sími 514 1400 | [sumarferdir@sumarferdir.is](mailto:sumarferdir@sumarferdir.is)



SUMAR  FERÐIR

...eru betri en aðrar

Sími 514 1400 | [sumarferdir@sumarferdir.is](mailto:sumarferdir@sumarferdir.is)

# Helgarkrossgátan

	→	ögnin	2 eins		bág	hlutverk		
		ófaar		1				
		stafur		2 eins kvendýrið				
		2 eins		muldur				
	Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð	↓		skítugt		taða	3	
		snúast búsáhalð						
krossgátugerð: Bjarni sími: 845.2510	↓	þéttara	ásmegin	2 eins	vefnaður	7	beitan	
tortryggðar					spotta			
trjákvöða			örbirgð mjög			áttund		
númruskið					rikja	fjall	óðagot 2 eins	
	↓	5	fallegan				spriklar	4
númer					málminn hrjá			
2 eins			litaða stafrænt			dýrahljóð		iðnaðar- menn
vællirt			fól		útlímur vönkuðu			
			mjög			peninga		
illgresi		6			samið 2 eins	8	viðbjóð	skrifaða
			ytt stryið			gruna urpt		
	↘							
tungl					vaður	af væla		
planta				nagaðar				
	fugl	2	grastopp líffæri	9	fengur	flenna	áni	gunga
ella				töfrar dýrahljóð				
			varðandi geimvera		hverfa 2 eins			til
krydd						sæg		
klína				51	aga			

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

# Sudoku

## Auðveld

	8			6	4	9	1	5
5		9			1			
4								8
		7	8	2			5	1
	4	2			5		9	
8				7		3	6	
					3	6	8	
9	6	5						
								2

## Erfið


	7	5		8				6
				5			4	9
1	3						5	
2		7						
	5			1	8			2
	9			6				
				5			4	7
				3	9			8
	2						3	

# Verðlaunagáta

**Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.**  
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið [krossgata@dv.is](mailto:krossgata@dv.is)



Vinningshafi krossgátu 15. júní  
**Inga Dóra Konráðsdóttir**  
**Túngötu 42**  
**101 Reykjavík**  
Lausnarorðið var **NAGLASÚPA**  
Verðlaunabókin er **Hellis-  
búinn** eftir **Jorn Lier Horst**



Verðlun fyrir gátu blaðsins  
**22. júní er Konan í Glugganum**  
eftir **A.J. Finn**


Hvað sá konan í glugganum?  
Sálfræðingurinn Anna Fox hefur ekki stigið út undir bert loft í tíu langa mánuði; hún ráfar um stóra húsið sitt eins og vofa, týnd í minningum sínum og þokkalega góðu rauðvíni. Sambandinu við heiminn fyrir utan heldur hún með því að fylgjast með nágrönnum sínum út um gluggana, og þegar Russell-fjölskyldan flytur í húsið handan garðsins heillast hún undireins. Þau eru eins og spegilmynd af fjölskyldunni sem hún átti.  
Eitt kvöldið rýfur óhugnanlegt óp kyrrðina og Anna verður vitni að atviki sem enginn átti að sjá. En sá hún það í raun og veru? Og mun einhver trúa henni?  
Konan í glugganum er fyrsta skáldsaga A.J. Finn en á bak við það nafn dylst bandaríski bókaútgefandinn og ritstjórn Dan Mallory. Áður en sagan kom út á frummálinu hafði hún selst til nærri fjörutíu landa og kvikmynd er í undirbúningi.  
Fríðrika Benónýsdóttir þýddi.

# 2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi



- 495UL Excellent - 3.580.000 kr.
- 495UL Premium - 3.990.000 kr.
- 540UL Excellent - 3.970.000 kr.
- 540UFe Excellent - 3.990.000 kr.
- 560UL PREMIUM - 4.380.000 kr.
- 560LU Excellent - 3.890.000 kr.
- 560Kmf DeLuxe Edition - 3.950.000 kr.
- 650Kmf DeLuxe Edition - 4.300.000 kr

Verð skráð og með virðisaukaskatti. Athugið að verð eru með mikið af aukabúnaði. Öll með rafgeymakerfi.



**Optima Premium T 65 FL**  
Verð 10.990.000 með vsk




**Optima Premium T 70 F**  
Verð 11.850.000 með vsk

Nýir 2018 árgerðir með mikið af aukabúnaði: 16" álfelgur, Hjólagrind, Markisa, blindgárdinur, Loftkæling, bakk-myndavél, leiðsögukerfi og margt fleira. Einnig hægt að fá dráttarkúlu. Hef einnig fleiri gerðir til afgreiðslu fljótt.

B1 innflutningur bíla og hjólhýsa / boas@b1.is / Miðvangur 1-3, Egilsstöðum / Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma 777 5007



Sætoppur ehf. • Lónsbraut 6 • 220 Hafnarfirði • Sími 551 7170 • www.saetoppur.is



# SKEMMTISTAÐIRNIR SEM fuðruðu upp

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is




Skemmtistaðir á Íslandi eru dægurflugur. Þeir verða sjóðheilir í stuttan tíma en brenna svo út og aðrir taka við. Það er ekki í eðli þeirra að vera langlífir en sumir staðir öðlast þó goðsagnakenndan sess í sögu dægurmennningar, sérstaklega ef það kviknar í þeim. Einhverra hluta vegna virðast skemmtistaðir vera eldfimari byggingar en flestar aðrar. Hér verður rakin saga nokkurra staða, bæði víðfrægra og annarra sem fuðruðu upp en lifa áfram í minningu djammaranna.

## Glaumbær

Aðfaranótt 5. desember árið 1971 kom eldur upp í veitingahúsinu og skemmtistaðnum Glaumbæ við Fríkirkjuveg 7, hús sem í dag hýsir Listasafn Íslands.

Húsið var upprunalega reist árið 1916 sem ístökuhús fyrir Reykjavíkurtjörn en um miðja öldina hafði Framsóknarflokk-



urinn þar aðstöðu. Árið 1959 voru haldnir dansleikir í húsinu og tveimur árum síðar stofnaði stórkaupmaðurinn Ragnar Þórðarson, eða Ragnar í Markaðinum eins og hann var kallaður, þrjá veitingastaði í húsinu og varð Glaumbær sá þekktasti.

Ragnar seldi reksturinn um miðjan sjöunda áratuginn en þá var Glaumbær einn helsti tónleikastaður Reykjavíkur og öll is-

lensku Bítlaböndin tróðu þar reglulega upp.

Leigubílsstjóri frá Hreyfli varð fyrst við eld í húsinu um fjögurleytið þessa desembernótt árið 1971. Fyrstu slökkviliðsmennirnir sem komu að sáu eldtungur stíga út um glugga á efstu hæð og var þá allt tiltækt lið kallað til, milli 50 og 60 manns. Notuð var bæði froða og vatn og slökkvistarfið gekk hratt og vel en einn

slökkviliðsmaður slasaðist þegar stútur á háprýstisöngu slóst í andlit hans. Alls tók um 90 mínútur að ráða niðurlögum eldsins.

Alelda var á efstu hæð hússins og hún því gjörónýt og hinar tvær hæðirnar mjög illa farnar af vatns- og reykskemmdum. Eins og áður segir var Glaumbær vinsæll tónleikastaður og hljómsveitirnar þar heimakærar. Hljóðfæri tveggja hljómsveita, önnur þeirra var Náttúra, voru geymd þar og eyðilögðust í brunanum. Lögreglan hélt fólki frá brunastaðnum en einum manni var hleypt í gegn, Sigurði Rúnari Jónssyni eða Didda fiðlu, úr hljómsveitinni Náttúra. Hann mjög æstur í skapi samkvæmt Þjóðviljanum enda miklir fjármunir bundnir í hljóðfærunum.

Eldsupptök eru ókunn en staðurinn var mannlús þegar eldurinn kom upp. Aðsókn var mikil á staðinn og í október bárust fréttir um að á dansleikjum væru mun fleiri en staðurinn hefði leyfi fyrir. Þá hafði eigandinn, Sigurbjörn Ei-

ríksson, nýlega endurnýjað samning við Framsóknarflokkinn sem átti húsið. Sigurbjörn vildi endurbyggja Glaumbæ eins og margir innan Framsóknarflokksins, þar á meðal Ólafur Ragnar Grímsson. En nágrannar söfnuðu undirskriftum gegn því og var ákveðið að húsið færi undir listasafnið.



## Klúbburinn


Nafn Klúbbsins, sem staðsettur var í Borgartúni 32, er iðulega tengt við Guðmundar- og Geir-

## ERTU AÐ FARA Í FLUG?

ÞJÓNUSTUM ÞIG OG ÞÍNA Í MAT  
OG DRYKK



Hafnargata 19a Keflavík / S. 421 4601



## Grímsey fær vatn

Fram að hausti ársins 1973 höfðu Grímseyingar þurft að sækja vatn sitt í brunna eða safna rigningarvatni. Margsinnis hafði verið svo þurrt í eyinni að sækja þurfti vatnsbirgðir í land.

Um sumarið þetta ár kom tíu manna hópur frá Dalvík til þess að leggja vatnsveitu í eyinni með átta tíu lesta geymi. Vatnið kom úr borholum sem voru boraðar sjö árum áður.

„Þetta er geysilegur munur fyrir íbúa Grímseyjar, ekki síst eftir þetta sumar, sem hefur verið ákaflega þurrt,“ sagði Alfred Jónsson, oddviti í eyinni, í samtali við Vísi þann 27. október. „Á veturna frýs stundum í brunnunum.“

Íbúar Grímseyjar voru 86 talsins þegar vatnsveitan var lögð. Þeir eru nú um 90 talsins og sveitarfélagið var sameinað Akureyri árið 2009.



## Eyðilönd, framandi plánetur og Afghanistan:

# Ísland í sjónvarpi og kvikmyndum

## Öllu tjaldað til í nafni leyndar við tökum á síðustu seríu Game of Thrones

Tómas Valgeirsson  
tomas@dv.is



Nú ríkir heljarinnar leynd yfir nýjustu og jafnframt síðustu þáttaröð Game of Thrones, en heimildir DV herma að tökulið sé stutt á Íslandi um þessar mundir og hafi lagt undir sig Þingvelli. „Lög-reglumótorhjól loka stóru svæði og tökuliðið hefur hent upp stóru, svörtu tjaldi yfir gjánna við Þingvallaveg. Það var rosalega mikið af krúu þarna og þeir voru að færa snjó af fjallinu inn í gjána til þess að skreyta leikmyndina. Þetta lið mætir hingað árlega og yfirleitt er ekki eins mikil leynd, en nú er bókstaflega búið að tjalda öllu til og enginn fær að vita neitt,“ segir ónefnd heimildarmanneskja sem varð vitni að tökunum.

Það hefur ekki leynt sér að stórir kvikmynda- og sjónvarpsframleiðendur eru duglegir að slást um náttúruumhverfi Íslands og mætir hingað ár hvert hver risaframleiðslan á fætur annarri. Á undanfórnum árum hefur verið aldeilis blómstrandi tíð í flakki framleiðenda og tökuliða til þess að festa íslenskt landslag á filmu. Þá þýðir ekki annað en að skoða aðeins hvað annað hefur brugðið fyrir á klakanum góða síðustu árin. ■



### Khal Drogo talar bjagaða íslensku

Hingað til er ofurhetjusamkoman Justice League dýrasta framleiðsla sem hefur nokkurn tímann sent tökulið til Íslands. Hins vegar var þetta ekki í fyrsta skiptið sem kvikmynd með Leðurblökumanninum var tekin upp hér á landi, nema jú, þetta er fyrsta skiptið sem öllum feluleik eða blekkingum er sleppt og landið fær að njóta sín eins og það er. Til að innsigla heiðurinn sést Bruce Wayne (Ben Affleck) heilsa upp á Aquaman (Jason Momoa) á Djúpvík. Ingvar E. Sigurðsson dúkkar þarna upp sem grafalvarlegur bæjarstjóri og reynir meira að segja Vatnsmennið eftir bestu getu að spreyta sig í íslensku tungunni, með afleitum árangri. Íslenskum statistum virtist þó vera skemmt í ljósi hláturskróltsins sem heyrðist í framhaldi af háfleygum íslenskufrasa hetjunnar.



### Dystópía og sambandsslit

Aldeilis fór lítið fyrir stórmyndinni Oblivion við frumsýningu og má segja að heildaraðsókn hafi ekki mætt væntingum aðstandenda. Fram að þessari framtíðar-dystópiu-mynd með Tom Cruise hafði engin erlend kvikmynd nýtt sér landslag Íslands í jafnstóru burðarhlutverki. Tökum stóðu yfir í júní 2012 og var mest megnis tekið upp á tveimur stöðum, annars vegar við fjallgarðinn Jarlhettur við Eystri Hagafellsjökul í Langjökli, og hins vegar við gíginn Hrossaborg á Mývatnsöræfum. Tökurnar voru þó að öllum líkindum ógleymanlegar fyrir aðalleikarann sjálfan enda þótti það vera sögulegt slúður þegar fyrrverandi eiginkona hans, Katie Holmes, skildi við hann á meðan á tökum stóð. Síðasta myndin sem náðist af fyrrum stjórnuparinu var við Laugavegin þetta sumar.



### Svartur spegill og lestarteinar

Hin stórvinsæla sjónvarpsþáttasería Black Mirror gaf út heilan þátt – Crocodile að nafni – sem var allur tekinn upp á Íslandi. Umhverfið leyndi sér ekki og fékk bæði höfuðborgin og landsbyggðin að njóta sín til fulls. Hins vegar hefur ímyndaði hliðstæðuheimur Black Mirror eitthvað rænt Íslandi frá rótum sínum og einkennum, þar sem götuheitin voru öll erlend og visuðu öll merki á að hér væri um spegilmýnd að ræða, en samkvæmt þessum þætti eru lestarbrautir daglegt brauð í umhverfinu.



### Allt tóm

Kvikmyndin Bokeh frá 2017 er mörgum ókunn, en í þeirri mynd njóta tvær ungar stjórnur samverunnar á eyðilegu Íslandi. Með aðalhlutverkin fara Maika Monroe og Matt O'Leary og segir myndin frá bandarísku pari sem ákveður að fara til Íslands í frí. Skömmu eftir komu hingað bendir allt til þess að annað fólk sé horfið af yfirborði jarðar. Reykjavíkurborg fær þarna að njóta sín ásamt Bláa lóninu og fleiri stöðum, þó raunsæi virðist ekki alveg stemma við draumakennda andrúmsloftið, sérstaklega þegar engisprettur fara að láta í sér heyra.



### Umdeilt verk Íslandsvinar

Fjölmargir Íslendingar komu að gerð kvikmyndaþinginnar Noah um sumarið 2012. Biblíuepik leikstjórans Darren Aronofsky var svo sannarlega ekki allra, en í forgrunni sást hreinræktuð náttúra Íslands í allri sinni dýrd. Tökum áttu sér stað á Djúpvatnsleið, við Sandvíkurklöf, Lambhagaheiði, í Svartaskógi og fleiri stöðum. Fer því ekki á milli mála að Aronofsky er sannur Íslandsvinur í orðsins fyllstu merkingu. Þess má einnig geta að Russell Crowe varð háður íslenska skyrinu á meðan á tökum stóð.

Jóhann keyrði aftan á bíl og  
tognaði á hálsi.

Hann fékk 3,7 m.kr. í bætur.

Lifðu lífinu - Við sækjum bæturnar.

SLYSABÆTUR.IS







**Snöggir og snar** Bílablæti og hamagangur sameinaðist með þrýði í *Fast & Furious 8*. Árið 2016 mætti tökuliðið til þess að skjóta tryllta og umfangsmikla hasarsenu þar sem Mývatn brá sér í gervi Rússlands. Íbúar á Akranesi fengu einnig mikla flugeldasýningu þegar aðstandendur myndarinnar sprengdu haug af spyrnuköggum í loft upp. Allt gekk vel fyrir sig á meðan tökuliðið og leikarar voru staddir í hasarnum, að undanskildu því þegar ofsaveður þeytti burt leikmyndum og búnaði, sem leiddi til þess að hestur lést í kjölfarið. Einnig sukku vinnuvélar í Mývatn eftir að ís brast undan þeim, en eins og landsmenn víta lætur náttúran ekki bjóða sér upp á hvað sem er.

**Dettifoss á breiðtjaldi**

Það er óhætt að segja að vísindaskáldsagnarinnar *Prometheus* hafi verið beðið með gríðarlegri eftirvæntingu á sínum tíma. Um er að ræða forsögu hinnar sígildu *Alien* frá Ridley Scott en *Prometheus* hlaut blendnar viðtökur við frumsýningu en gátu flestir verið sammála um mikilfenglega hönnun, umgjörð og þá ekki síður í landslaginu. Ísland spilaði stóra rollu sem aðskota-plánetan LV-223. Tökur fóru fram sumarið 2011 og var myndin tekin upp nálægt Heklu í Rangárvallasýslu. Það má heldur ekki gleyma stórglæsilegri innkomu við Dettifoss í byrjun myndarinnar.




**Krúnuleikarnir árlegu**

Löngu er orðið ljóst að framleiðendur *Game of Thrones* þáttana eru yfir sig hrifnir af Íslandi. Tökuliðið kom hingað fyrst í nóvember 2011 þegar önnur sería var komin í vinnslu og skaut atríði bæði á Vatnajökli og Mýrdalsjökli. Síðan þá hafa verið tekin upp atríði hér á hverju ári nema árið 2014. Mörg atríði voru tekin upp í Mývatnssveit, í Dimmuborgum, Hverfelli og Grjótagjá. Þá hefur einnig verið tekið upp á Þingvöllum, við Godafoss, í Hvalfirði og á Grundarfirði.

**Moró á Reyðarfirði**

Í sjónvarpsþáttunum *Fortitude*, sem hófu göngu sína árið 2014, var Reyðarfirði breytt í smábæ sem er talinn öruggasti bær heims, en það breytist allt þegar vísindamaður er myrtur og allir íbúar liggja undir grun. Talið er að framleiðsluteymi þáttanna hafi leitað til Kanada og Noregs áður en Ísland varð fyrir valinu. Þriðja og síðasta þáttaröðin var hins vegar tekin upp á Svalbarða.



**Út í geim og beint á klakann**

Ísland hefur alltaf þótt sérlega eftirsótt þegar risarnir í Hollywood eru í leit að umhverfi fyrir framandi plánetur. Með framtíðardramanu *Interstellar* var Svínafellsjökull mikilvægur þáttur í nokkrum spennandi hasarsenum. Þetta var ekki í fyrsta skiptið sem hinn virti leikstjóri Christopher Nolan naut góðs af þessu svæði, enda var sami tökustaður notaður fyrir *Batman Begins* tæpum áratugi áður.



**Ísland, Grænland og Afganistan**

Leikarinn og kvikmyndagerðarmaðurinn Ben Stiller heillaðist svo mikið af landinu góða að hann nýtti það til hins ítrasta í gamanmyndinni *The Secret Life of Walter Mitty* frá 2013. Í þeirri mynd ferðast titilpersónan meðal annars til Íslands og verður vitni að eldgosi auk þess að skoða landsbyggðina á fljúgandi ferð. Kvikmyndagerðin á bakvið *Walter Mitty* á sér þó ýmis leyndarmál. Atríði sem eiga að gerast á Grænlandi og í Afganistan voru einnig tekin upp hér á landi og er því sérstaklega ruglingslegt fyrir Íslendinga að horfa á myndina ef þeir þekkja til þeirra staða sem myndin sýnir. Stiller og félagar tóku upp í Stykkishólmi, á Grundarfirði, í Gardinum, í Hveradölum, við Þjórsárbrú og Skógafoss, á Breiðamerkursandi, Höfn, Seyðisfirði og í sjálfu Geirabakarí í Borgarnesi, sem dulbúið var sem pitsustaðurinn Papa Johns.



**Mátturinn með landanum**


Að undanskildri nýjustu *Star Wars* mynd myndabálsins, *Solo*, hafa allar þrjár nýju kvikmyndirnar átt í íslenskt umhverfi að sækja. Kvikmyndirnar eru *The Force Awakens*, *Rogue One* og *The Last Jedi*. Tökuliðið stóð vaktina meðal annars við eldgíginn Víti í Kröfllu og á svörtum Mýrdalssandinum. Fjöllin við Hjörleifshöfða komu jafnframt sérstaklega vel út í skuggalegri upphafssenu myndarinnar *Rogue One* og blésu þau miklu lífi í plánetuna Lah'mu.

**ÓSAL**

**Varahlutaverslun og þjónusta**

**ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN**

TANGARHÖFÐA 4 | www.osal.is  
110 REYKJAVÍK | osal@osal.is  
SÍMI 515 7200 | FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanívagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum. Bilanagreining í bremsukerfum vagna. Stilling á loftventlum. Sérpantnir á varahlutum.

# Veltur gengi Íslands á stjórnunum?

■ Naut og tvíburar eru fyrirferðarmestir í landsliðshópnum ■ Meyjan Gylfi leitar að fullkomnun

Ragna Gestsdóttir  
ragna@dv.is



H M í knattspyrnu er í algleymi og Ísland nánast nöttur af spennu. Framundan er ótrúlega mikilvægur leikur Íslands gegn Nígeríu og síðan enn mikilvægari leikur gegn Króatíu. Jafnvel þó að Íslandi gangi allt í mót gegn Afríkupjóðinni mun sigur gegn ógnarsterkum Króötum líklega koma íslenska liðinu í 16 liða úrslitin. En DV velti fyrir sér hvort stjórnunum landsliðsmanna spili inn í árangur liðsins. Er kostur að hafa kappsfullan og baráttuglaðan hrút í marki? Er æskilegt að hafa tvíbura í liðinu, þeir vita sjaldnast hvort þeir eru að koma eða fara. Hentar ljóninu, konungi frumskógarins, yfirleitt vel að vera í hóp-þrótt? Þetta eru ágengar spurningar sem erfitt er að ráða í.

Þegar 23ja manna leikhópur Íslands er skoðaður í heild má sjá að stjórnumerkin Naut og Tvíburar eru með flesta leikmenn, fjóra og fjóra. Steingeit, Hrótur, Krabbi, Vog og Meyja eiga sér bara einn fulltrúa hvert merki og sérstaka athygli vekur að enginn Bogmaður er í liðinu, merkið sem sér um veiðarnar, í þessu tilvik að sækja (veiða) mörk.

Þegar líklegt 11 manna byrjunarlið Íslands er skoðað má sjá að það er vel skipað og með gott jafn-



vægi. Nautið Hannes er í marki, en helsta einkenni nautsins er einbeiting og hæfileikinn til að útiloka það sem skiptir ekki máli. Nautið er þrjóskt og fast fyrir og ætti Hannes því ekki að eiga í neinum vandræðum með að sinna sínu hlutverki, fylgjast með boltanum og hindra að andstæðingurinn nái að koma honum í markið. Gulldrengurinn Messi er enn í sárum eftir viðureign sína við íslenska bolann.

Varnarmennirnir fjórir bæta hver annan upp, en tilheyra eigi að síður fjórum ólíkum merkjum. Sporðdrekinn Birkir Már er fastur fyrir og kvikur. Hann er einbeittur

og alvörugefinn. Tvíburingurinn Ragnar er fjölhæfur og finnst frábært að vera á mikilli hreyfingu. Tvíburingurinn veit stundum ekki hvort hann er að koma eða fara, sem telst líklega ókostur í hópboltaþrótt, en þegar hann er búinn að ákveða hvorn kostinn hann ætlar að velja, klárar hann verkið án tafa, helst í gær! Í vafa má líka alltaf gefa boltann á næsta leikmann. Vogin er, eins og nafnið gefur til kynna, dálítið í því að vega og meta alla hluti áður en ákvörðun er tekin. Það hljómar sem tímaflek iðja en sem betur fer tekur Vogin Kári Árnason skjótar og undantekningalaust réttar ákvarð-

anir! Vatnsberinn Hörður er fastur fyrir og félagslyndur, en vill þó vera óbundinn hópnur. Hörður hefur stundum átt það til að fara út úr stöðu sinni en með reynsluboltana Ragnar og Kára sér við hlið og gargandi nautið í markinu þá er sá veikleiki að engu orðinn.

Sama gildir um miðjumennina: fjórir leikmenn, fjögur ólík merki. Í stað ssporðdrekans Jóhanns Bergs mun fiskurinn Rúrik Gíslason líklega taka stöðu hans. Eins og æstir Instagram fylgjendur hafa komist að þá er Rúrik fegursti fiskurinn í sjónum en þeir eiga eftir að komast að því á næstunni að hann er frá-

bær fótboltamaður að auki. Það er skrifað í stjórnumar. Tvíburingurinn Birkir Bjarnasyni hentar vel að hafa nóg að gera og vinna hratt. Hann er orkumikill og bjartsýnn og hefur tröllatru á sjálfum sér og liðinu. Nautin eru þekkt fyrir stöðugleika, ákveðni og áreiðanleika, þess vegna henta þau vel í hópi. Nautið Aron Einar smellpassar í hlutverk fyrirliðans og miðjumannsins með eiginleikum sínum. Þá er oft talað um hryggjarsúlur liða og það verður ekki traustara en að hafa tvö naut, Aron Einar og Hannes þar. Meyjur eru þekktar fyrir fullkomunaráráttu sína og Gylfi Þór er þar engin undantekning, óaðfinnanlegur innan sem utan vallar. Hann hefur lagt mikið á sig til þess að ná fram því besta úr hæfileikum sínum.

Sóknarmennirnir tveir sem gætu byrjað gegn Nígeríu, Alfreð og Jón Daði eru eins og dagur og nótt, vatnsberinn Alfreð sem er fastur fyrir og tvíburingurinn Jón Daði, sem fer vel að vera með mörg verkefni í gangi í einu. Það er kannski ekki að undra þó að Jón Daði sé bæði frábær í vörn og sókn. Bæði merkin eru þó lítið gefin fyrir endurtekningu, Tvíburingurinn bjartsýnn og orkumikill og Vatnsberinn uppfinningasamur og gjarn á að finna nýjar leiðir. Saman gætu þeir, með stuðningi hinna, uppskorið sögulegan árangur Íslands á HM. ■



**HRÚTUR**

Ólafur Ingi Skúlason, 01.04.83



**NAUT**

Hannes Þór Halldórsson, 27.04.84  
Ari Freyr Skúlason, 14.05.87  
Aron Einar Gunnarsson, 22.04.89  
Arnór Ingvi Traustason, 30.04.93



**TVÍBURI**

Ragnar Sigurdsson, 19.06.86  
Birkir Bjarnason, 27.05.88  
Jón Daði Böðvarsson, 25.05.92  
Albert Guðmundsson, 15.06.97



**KRABBI**

Emil Hallfreðsson, 29.06.84



**LJÓN**

Sverrir Ingi Ingason, 05.08.93  
Hólmur Örn Eyjólfsson, 06.08.90



**MEYJA**

Gylfi Þór Sigurdsson, 08.09.89



**VOG**

Kári Árnason, 13.10.82



**SPORÐDREKI**

Birkir Már Sævarsson, 11.11.84  
Jóhann Berg Guðmundsson, 27.10.90



**BOGMAÐUR**

Enginn



**STEINGEIT**

Frederik Schram, 19.01.95



**VATNSBERI**

Rúnar Alex Rúnarsson, 18.02.95  
Hörður Björgvin Magnússon, 11.02.93  
Alfreð Finnbogason, 01.02.89



**FISKUR**

Samúel Kári Friðjónsson, 22.02.96  
Rúrik Gíslason, 25.02.88  
Björn Bergmann Sigurdarson, 26.02.91

LION  
technology

# GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili

# JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrönggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tínslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melbraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | [pon.is](http://pon.is)

**PON**  
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

Ragga Eiríks svarar lesendum:

# „Á ég kannski að sætta mig við að kynlífi mínu sé lokið?“

Hæ Ragga

Sæll Óli

Ég er giftur karlmaður í vanda. Eða kannski væri réttara að segja að við hjónin eigum í vanda. Við höfum ekki stund að kynlíf nema kannski tvisvar á síðustu tólf mánuðum, og það er of lítið að mínu mati. Ég er algjörlega kominn í þrot en hún virðist ekki þurfa meira.

Bakgrunnur okkar: Við kynntumst fyrir 22 árum og byrjuðum strax saman. Fljótlega kom fyrsta barnið undir og við giftum okkur fjórum árum eftir fyrstu kynni. Börnin eru þrjú núna, öll búa enn heima. Í byrjun var kynlífið fínt, og ég held að við höfum bæði fengið það sem við vildum. Við vorum samt aldrei neitt villt og líklega mundir þú telja kynlífið okkar ósköp venjulegt. Hvorki þá né núna höfum við rætt um kynlíf okkar – en með árunum höfum við lært að skilja hvort annað. Ég snerti hana og hún finnur að mig langar og svo koll af kolli. Frumkvæðið hefur alltaf verið mitt, en núna í seinni tíð, sérstaklega síðustu tvö árin, hefur hún nánast alltaf sýnt mér að hún vilji ekki snertingu, sem þýðir þá að hana langar ekki.

Ég stunda sjálfsfróun í einrúmi, en mér líður ekkert vel með það, og efast um að hún geri slíkt hið sama. Mig langar ofboðslega mikið í kynlíf og finn að ég er farinn að líta öðruvísi á konur í kringum mig. Konur sem vinna með mér kveikja allt í einu í mér og ég stend mig að því að dagdreyma um kynlíf með þeim. Samviskubitið er gríðarlegt, því ég hef aldrei haldið framhjá konunni minni og langar ekki að gera það.

Kæra Ragga, getur þú gefið mér einhver ráð um hvernig hægt er að laga ástandið? Á ég kannski bara að sætta mig við að kynlífi mínu sé lokið? Ég er samt alls ekki sáttur við það enda rétt kominn yfir fertugt og finn að orkan er ennþá mikil. Hvað get ég gert?

Bestu kveðjur,  
Óli

„Ég snerti hana og hún finnur að mig langar og svo koll af kolli. Frumkvæðið hefur alltaf verið mitt, en núna í seinni tíð, sérstaklega síðustu tvö árin, hefur hún nánast alltaf sýnt mér að hún vilji ekki snertingu, sem þýðir þá að hana langar ekki.“

Alveg er ég viss um að margir lesendur þekkja sig í frásögn þinni. Ástandið sem þú lýsir læðist aftan að fólki, og sambönd eins og ykkar, þar sem kynlífið er aldrei rætt, eru kannski í mestri hættu. Allt er í sóma og blóma í upphafi á meðan nýjabrumið blæs lífi í kynorkuna, en þegar frá líður hellist hinn banvæni hversdagsleiki yfir fólk. Við verðum eins og froskurinn í pottinum sem hefur ekki rænu á að bjarga lífi sínu ef vatnið er hitað smám saman í stað þess að vera sjóðheitt frá byrjun. Hann slakar á í hlýjunni en fyrr en varir er vatnið komið að suðumarki og froskurinn steindauður. En ekki örvænta elsku Óli minn. Ef það ríkir ennþá hlýja, virðing og ást á milli ykkar má vel vera að hægt sé að endurlífga það sem eitt sinn ríkti ykkar á milli.

Mér finnst skelfilegt að þú sért að íhuga að leggja kynlífsárar í bát á þínum aldri. Einhvern veginn þarf að leysa málið því þú ert ekki fullnægður, og greinilega ekki að lifa lífinu eins og þú helst vildir.

Að því sögðu vil ég líka nefna að órar þínir eru afskaplega eðlilegir og sjálfsfróunin sjálfsögð og nauðsynleg. Reyndar eru órar eðlilegir hjá öllum, líka fólki í einkvænissamböndum – munurinn er sá að þar hefur verið gefið loford um að óramir verði ekki færðir yfir í aðgerðir. Sjálfsfróun er líka holl og ætti að vera hluti kynlífs okkar á hvaða aldri sem er, óháð sambandsstöðu.

En til þess að hægt sé að vinna í málinu þarftu að nálgast konuna þína og opna umræðuna. Gættu þess að gera það ekki í ásökunartóni, og ekki gera það í rúminu. Talaðu um sjálfan þig og þínar tilfinningar í stað þess að reyna að lesa hennar. Hún þarf sjálf að tjá sína hlið. Ef grundvöllur reynist til að vinna í málunum og reyna koma kynferðislegu straumunum í gang á ný gæti verið sniðugt að ræða við ráðgjafa.

Bestu kveðjur,  
Ragga

Ragnheiður Eiríksdóttir  
er hjúkrunarfræðingur  
og kynlífsráðgjafi.  
raggaeiriks.com  
raggaeiriks@gmail.com

**ÓTRÚLEG TILBOÐ**

**STÓR ÚTSALAN ER HAFIN**

**30-60% AFSLÁTTUR**

**ROYAL LAYLA**

**30% AFSL**

Hágæða millistíft fimmsvæða skipt heilsurúm með áföstum 10cm mjúkum topp, millistífu pokagormakerfi, stífum kanti ásamt botni og fótum.

**KOMDU NÚNA!**

140x200 cm

**ÚTSÖLUVERÐ 108.664 kr.**

9.777 kr. \*á mánuði með kreditkortaláni.

FULLT VERÐ 155.233 kr.

160x200 cm

**ÚTSÖLUVERÐ 130.415 kr.**

11.653 kr. \*á mánuði með kreditkortaláni.

FULLT VERÐ 186.306 kr.

180x200 cm

**ÚTSÖLUVERÐ 157.509 kr.**

13.990 kr. \*á mánuði með kreditkortaláni.

FULLT VERÐ 225.013 kr.

**rekkjan**

HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík  
588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

\*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán\*\*. Einnig hægt að greiða með Netgiró.

FYRSTA GREIÐSLA Í SEPTEMBER.

# Ekki láta þitt eftir liggja -vertu **Pikk-UPP**

Okkar nánasta umhverfi skiptir okkur miklu máli.  
Við þurfum hvert og eitt okkar að taka ábyrgð,  
husa um umhverfið og henda rusli.  
Tökum skrefið lengra, teygjum okkur eftir ruslinu  
og hendum því í þar til gerð ruslaílát eða poka,  
þó það sé ekki okkar rusl.

## Hvað er Pikk-UPP?

- ▶ Það að vera Pikk-UPP snýst um að tína upp rusl á förnum vegi þar sem þú ert að ganga eða hreyfa þig.
- ▶ Píkka-Upp rusl um leið og þú nýtur útiveru með fjölskyldunni.
- ▶ Eða af því að þú ákveður að fara út og Píkka-UPP rusl.



Betri umgengni byrjar hjá þér!



# Sól, sumar og djass í Kansas City

■ Icelandair flýgur til Kansas City ■ Blaðamaður DV með í för

Aníta Estíva Harðardóttir  
anita@dv.is

**P**ann 25. maí síðastliðinn hóf Icelandair beint flug frá Íslandi til Kansas City í Bandaríkjunum. Í til efni þess var nokkrum fjölmiðlum boðið með í fyrsta flugið sem markaði tímamót í sögu Kansas. Flugvöllurinn í Kansas City var sá stærsti í Bandaríkjunum sem ekki bauð upp á beint flug til Evrópu þar til nú.

Mikil fagnaðarlæti brutust út og spennan leyndi sér ekki þegar fyrstu Íslendingarnir stigu út úr vélinni og var öllu tjaldað til.

Flugið frá Keflavíkflugvelli og alla leið til Kansas tók um sjö klukkutíma og dekrað var við farþega vélarinnar með kampavíni og makkarónum ásamt allri þeirri afþreyingu og mat sem Icelandair hefur upp á að bjóða.

## Viðræður um flug frá Íslandi hafa staðið yfir í mörg ár

Fljótlega eftir lendingu var hópnum skutlað á hótelið til þess að ná sér í góða hvíld fyrir annasama daga framundan. Yfirvöld í Kansas City skipulögðu þriggja daga sýningarferð um svæðið og komið var fram við okkur Íslendingana líkt og um stórstjörnur væri að ræða, enda



höfðu viðræður um flug frá Íslandi staðið yfir í mörg ár.

Kansas City liggur á mörkum tveggja miðríkja Bandaríkjanna, Kansas og Missouri. Á þessum slóðum er margt í boði og má þar helst nefna ögrandi grillmat,



dúndrandi djazzsveiflu, glæsilega garða og gáskafulla gosbrunna. Yfir 200 litlir og stórir gosbrunnar munu fanga athygli



en þau söfn sem við Íslendingar könnuðum við.

Eins og sönnum Íslendingum sæmir var einnig tekinn tími til þess að njóta góða veðursins en hópurnir var virkilega heppin með sólríka daga sem voru vel þegnir eftir rigningarsúldina sem gekk yfir Ísland í maí.

Fritíminn var einnig vel nýttur í að skoða verslanir og bari og má með sanni segja að enginn hafi farið svekktur heim úr þessari ferð. Til gamans má geta þess að þegar allir þeir Kansasbúar sem hópurnir hittu áttaði sig á því að um Íslendinga var að ræða snerist umræðan strax um þá miklu eftirvæntingu og gleði yfir því að Icelandair væri að hefja flug til borgarinnar. Það var því umtalað í þessari stóru borg að Íslendingar væru á svæðinu sem gerði heimssóknina ennþá skemmtilegi.

**Mikil fagnaðarlæti á fótboltaleik** Heppnin var með hópnum en á sunnudeginum var farið á stóran fótboltaleik þar sem Kansas var að keppa. Setið var í hverju sæti á vellinum sem tekur um 18 þúsund manns og var stemningin alveg eftir því.

Einnig fengum við að kynnst jazz og kokteilmænningu Kansas sem fór fram úr öllum vonum.

Heimferðin var notaleg en flogið var heim seint að kvöldi til og lent á Íslandi snemma morguns í grenjandi rigningu og roki. Hópurinn fór því fljótt inn í raunveruleikann aftur og lifir minningin um glampanði sumarsól, kokteila og jazz nú í hugum okkar með von um að heimsækja Kansas aftur í náinni framtíð. ■



KJÓLL  
2.290 kr.

next

KRINGLUNNI

# HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum  
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir  
íbúðir í skammtímaleigu



# HNEYKSLIÐ UM HORFNU BÖRNIN

■ 794 barnslík hurfu sporlaust frá kaþólsku barnaheimili á Írlandi

Kristján Kristjánsson  
ritstjorn@dv.is



Eins og svo oft áður voru Barry Sweeney, 10 ára, og Frannie Hopkins, 12 ára, að spila fótbolta á grasbletti þar sem kaþólska Tuam barnaheimilið á Írlandi hafði verið til húsa. Þetta var 1975. Í grasinu var steyppt plata á stærð við sófaborð. Eins og ungra drengja er von þá voru þeir forvitnir og lyftu plötunni uppi. Þetta reyndist vera hlemmur og undir honum sáu þeir hrúgu af beinagrindum af börnum. Þeir sögðu sárafáum frá þessu en þó einhverjum og yfirvöld voru látin vita. Þau brugðust ekki við og leyndu þessu enda voru ítök kaþólsku kirkjunnar mikil á Írlandi á þessum tíma.

Frannie Hopkins sagði síðar að prestur hafi haldið tölu yfir beinagrindunum sem voru síðan huldur á nýjan leik. Þar, sem bjó á svæðinu, gætti þess síðan næstu 35 árin. Þau sáðu grasi og plöntuðu blómum og reistu minnismerki um látnu börnin. Þarna hafði barnaheimilið Mother Secours Mother and Baby Home (yfirleitt kallað St. Mary's eða The Home) verið til húsa. Þar réðu kaþólskar nunnur ríkjum. Barnshafandi konur, sem ekki voru giftar, gátu leitað til heimilisins og fengið húsaskjól fyrir sig og barn sitt. Konurnar fengu



Tuam í dag. MYND/DAILY BEAST

síðan að dvelja áfram þar eftir að þær höfðu alið börn sín en þeim var haldið aðskildum í sitt hvorum helmingi hússins. Mörg barnanna voru síðan gefin til ættleiðinga og nunnurnar lugu að mörgum mæðranna og sögðu þeim að börn þeirra væru látin þrátt fyrir að þau væru á lífi.

Það var ekki fyrr en á síðasta ári sem málið tók að skýrast af alvöru en þagnarhjúpur hafði verið sveipaður um það. Það var

vegna þrjósku sagnfræðingsins Catherine Corless sem málið komst í hámmæli. Í grein í tímaritinu Journal of the Old Tuam Society fjallaði hún fyrst um málið og börnin 796. Grein hennar vakti ekki mikla athygli nema í Tuam.

Fram kom að frá 1925 til 1961 voru 796 dauðsföll skráð á „The Home“ í Tuam. Árið 2012 hafði Corless tekist að grafa fæðingar- og dánarvottorð barnanna upp auk ýmissa annarra upplýsinga.

Á dánarvottorðunum kom fram að ýmsir sjúkdómar, ónóg gæsla og umönnun barnanna drógu þau til dauða, auk vannæringar. En afhjúpunum Corless var ekki þar með lokið. Hún sá að aðeins tvö af þessum börnum höfðu verið jarðsett í kirkjugarðinum í Tuam. Engar upplýsingar lágu fyrir um hvað hafði verið gert við hin 794 börnin. Corless var sannfærð um að þau hefðu verið grafin nærri heimilinu. Það var síðan 2014 að Barry Sweeney skýrði The Irish Times frá því hvað hann og vinur hans höfðu fundið. Þetta var tveimur árum eftir að Corless hafði skýrt frá því sem hún hafði fundið.

„Beinagrindum hafði verið hent niður í steypukassa. Þær lágu út um allt, þær voru ekki í neinu og það voru engar kistur. En það voru engar 800 beinagrindur þarna. Ekki nærri því. Ég veit ekki hvaðan sú tala kemur,“ sagði hann.

Þegar málið var kannað árið 1975 töldu menn að holan eða tankurinn, sem piltarnir fundu, hefði verið rotþró eða hluti af holræsakerfi. Ekki er enn vitað hvort tankurinn var í notkun þegar líkin voru sett þar niður. Á síðasta ári lauk uppgreftri á svæðinu en hann hófst eftir að sérstök rann-



Frannie Hopkins á staðnum þar sem hann fann beinagrindurnar ásamt vini sínum Barry Sweeney. MYND/LEMONDE

sóknarnefnd var skipuð til að rannsaka málið ofan í kjölinn. Við uppgreftinn fannst rotþró en engar beinagrindur voru í henni. Um 20 steinsteypt neðanjarðar-rými fundust og í þeim mikið af beinagrindum.

Breska dagblaðið The Guardian hefur eftir Corless að hún telji að flest börnin hafi verið grafin á svæði þar sem nú er búið að útbúa stórt leiksvæði í tengslum við íbúðarhverfi sem var byggt eftir að barnaheimilið var rífið. Börnin hafa líklegast fengið útför að kristnum sið. Hugsanlegt er talið að svæðið hafi ekki verið merkt sem kirkjugarður eða krossar settir á leiðin til að koma í veg fyrir að fólk sem kom til að ættleiða börn sæi ekki sæg af krossum. Rannsóknir benda til að börnin hafi dáið frá 35. viku meðgöngu til þriggja ára aldurs. Flestar beinagrindanna eru frá sjötta áratugnum.

Bon Secure reglan, sem rak barnaheimilið í Tuam, hefur ekki verið sérlega samvinnuþýð við rannsókn málsins en hefur margoft neitað að vita nokkuð um fjöldagröf.

Í samtali við The Guardian árið 2015 sagði Corless að reglan hafi talið sig hafna yfir lög á sínum tíma og telji enn. ■

# DÝÑNU DAGGAR



20%  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM DÝÑNUM  
OG SVAMPI

Vogue  
FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík  
Hofsbót 4 - Akureyri



Catherine Corless, sagnfræðingur í Tuam. MYND/PA





# Brexit teygir sig út í geiminn

Bretum hent út úr stóru geimverkefni

Kristján Kristjánsson  
ritstjorn@dv.is



Galileo er nafnið á stóru Evrópsku verkefni sem felst í að senda 30 gervihnetti á braut um jörðina. Þessi gervihnettir eiga að keppa við hið bandaríska gps-kerfi sem flestir þekkja. Verkefnið er dýrt en áætlað er að það kosti sem nemur á annað þúsund milljörðum íslenskra króna. Bretar hafa tekið þátt í þessu verkefni en nú kemur Brexit aftan að þeim því þeim hefur nú verið kastað út úr verkefniinu. Þetta eru Bretar ósáttir við og hóta að fara eigin leiðir og búa til sitt eigið gervihnattakerfi.

Það skiptir bresk fyrirtæki miklu máli að Bretar taki þátt í Galileo því aðeins þá geta þau boðið í ýmsa verkþætti þess. Þau eru núna útilokuð frá að bjóða í næsta hluta verkefnisins og ekki nóg með það heldur missir breski herrinn aðgang sinn að lokuðum hernaðarhluta kerfisins.

Allt á þetta rætur að rekja til væntanlegrar útgöngu Breta úr ESB á næsta ári en þá verður Bretland „þriðja land“ í augum ESB.

Galileo-verkefnið er þó ekki beint á vegum ESB heldur Evrópsku geimferðastofnunarinnar (ESA) sem er ekki hluti af ESB. Það er til

dæmis ekki skilyrði að ríki séu aðilar að ESB til að geta tekið þátt í starfi ESA, til dæmis er Sviss aðili að ESA. En ESB-ríki ráða miklu innan ESA og ESB hefur lagt mikið af mörkum til Galileo-verkefnisins. Bretar hóta nú að hefja vinnu við eigið gervihnattakerfi, hugsanlega í samvinnu við Ástralíu. Bretland er mikilvæg miðstöð öryggis- og tæknigeirans í Evrópu. Einnig er hægt að færa rök fyrir því að leyniþjónustur landsins og her séu þeir öflugustu í Evrópu. Bretar geta því hnyklað vöðva í tilraunum sínum til að fá að vera með í samvinnu um gervihnetti og ekki síður öryggismál.

The Times hefur eftir heimildarmanni innan stjórnkerfisins að hin ríkin segi áhyggjur af öryggismálum vera ástæðuna fyrir að Bretar fá ekki að vera með. Þetta telja Bretar vera yfirskin enda geta fyrirtæki frá öðrum ESB-ríkjum nú boðið í verkefnið án þess að þurfa að keppa við bresk fyrirtæki. Þetta getur reynst Bretum dýrt því hætt er við að hámenntaðir starfsmenn í þessum geira leiti úr landi ef næga vinnu er ekki að fá. Þetta gæti því skaðað geimvöld landsins sem stjórnmöld vilja efla og styrkja á næstu árum.

### Hárnákvæmt kerfi

Galileo-kerfið á að vera enn nákvæmara en bandaríska gps-kerfið. Nákvæmni verður upp á nokkra sentimetra á svæðum sem margir gervihnettir

svífa yfir. Í bæjum og borgum með háum byggingum verður auðveldara að ná sambandi við kerfið og kerfið mun ná betur til norður- og suðurskautanna en gps-kerfið.

Kerfið samanstendur af almennum hluta og harðlukuðum hernaðarhluta. Það er vegna leyndarmála í síðarnefnda hlutanum sem bresk fyrirtæki eru útilokuð frá þátttöku. Bretar hafa nú þegar greitt um einn áttunda af kostnaðinum við kerfið og eru að vonum ósáttir við að hafa borgað háar fjárhæðir fyrir eitthvað sem þeir munu ekki hafa neitt gagn af.

ESB segir að Bretar fái að nota upplýsingar úr lokaða hlutanum en Bretar segja það ekki nóg, þeir geti ekki byggt hernaðaraðgerðir á kerfi sem þeir hafa ekki fullan aðgang að. Bretar hafa benti á að það skaði ESB einnig ef þeir verða útilokaðir frá Galileo því þá muni gangsetningu kerfisins seinka um þrjú ár og kostnaðurinn aukast um 1 milljarð evra.

David Davis, Brexit-ráðherra bresku ríkisstjórnarinnar, sagði í síðustu viku á fundi hjá framkvæmdastjórn ESB að hún kæmi heimskulega fram í þessu máli. Það

væri eins og framkvæmdastjórnin ætlaði að skjóta sig í fótinn eingöngu til að sýna að byssan væri í lagi. Hann benti einnig á að kerfið væri að hluta byggt á móttöku- og sendistöðvum á bresku landsvæði en þar á hann við Falklandseyjar við strendur Argentínu og Ascension í miðju Suður-Atlantshafi.

Deilurnar endurspeglar að mörgu leyti Brexitviðræðurnar og afstöðu ESB sem segir að það eigi að skipta máli hvort ríki eru aðilar að ESB eður ei. Ekki sé hægt að leyfa „þriðju ríkjum“ að njóta allra kosta aðildar að sambandinu. ■



David Davis  
Brexitráðherra.

## ERTU TENGDUR FYRIR HM?

### SJÓNVARPSLOFTNET FYRIR HEIMILIÐ, HÚSBÍLINN OG SUMARBÚSTAÐINN

## ÞEGAR ÞÚ VILT SJÁ MEIRA

Dalvegi 16b / S. 510 0500


# Fregnir af fræga fólkinu



## Ljósmyndari DV á forsíðumynd frægasta manns Íslands á Instagram

**M**íðjumaður íslenska landsliðsins, Rurik Gíslason, hefur heillað heimsbyggðina, þó kannski aðallega kvenpeninginn, enda einstaklega myndarlegur maður. Fylgjendum hans á Instagram hefur fjölgað gríðarlega síðan HM byrjaði. Fyrir leik Íslands gegn Argentínu voru þeir aðeins 30 þúsund. Þegar þetta er skrifað 4 dögum síðar eru fylgjendur Rúriks orðnir 705 þúsund og fer bara fjölgandi. Á Coolbet.com má meira að segja veðja á hvort að fylgjendur fara yfir 1 milljón áður en mótið er úti.

Til gamans má geta þess að forsíðumynd Rúriks á Instagram tók enginn annar en ljósmyndari DV, Hanna Andrésdóttir, en myndina tók hún á Laugardalsvelli á æfingu sem opin var fyrir fjölmiðla til viðtals og myndatöku þann 24. maí síðastliðinn.



## Sálfræðingur í vafasömum viðskiptum í bílastæðahúsi

**E**lsa Bára Traustadóttir sálfræðingur skrifaði skemmtilega færslu á Facebook síðu sína fyrir í vikunni: „Skrapp að sinna erindi í hádeginu og þegar ég kom í bílastæðahús var ég að vandræðast með að finna greiðsluvél og spurði næsta mann sem ég sá hvar hún væri. Sá hinn sami heilsaði mér innilega og sagði: „Djöfull er ég glaður að sjá þig, ég skulda þér alltaf 10.000 kall!“ um leið og hann rétti mér skælbrosandi peninginn sem hann hélt á. Með því skemmtilegra sem ég hef lent í á förnun vegi í bílastæðahúsum.“

Nokkrir vina Elsu Báru fölluðust að sjálfsögðu eftir upplýsingum um hvar þetta bílastæðahús væri að finna, með von um að fá uppgerðar skuldir greiddar þar.

„Kona á miðjum aldri þiggur greiðslu frá manni á förnun vegi,“ lagði einn vinur Elsu Báru til sem fyrirsögn. Þegar blaðamaður DV sagðist vel geta orðið við því lagði Elsa Bára sjálf til fyrirsögnina og botnaði með „alveg á pari við klósettskandal George Michael hér um árið – miðað við höfðatölu!“.

## Þórhallur vs. Sonja: Hvort klæðir það betur?

**V**ið höfum líklega flest séð greinar þar sem bornar eru saman tvær myndir, tveir einstaklingar í sama/svipuðum fatnaði og spurt: Hvara/hvorn klæddi það betur? Þetta er algengt með til dæmis frægar söng- eða leikkonur sem voga sér að láta sjá sig á almannafæri í eins kjól og einhver samkeppnisdíván.

Vinur uppistandarans Þórhalls Þórhallssonar ákvað að bregða á leik á Instagramsíðu sinni og setti saman mynd af Þórhalli og Sonju Valdin fyrirverandi söngkonu Áttunnar og nú er spurningin: Hvort klæðir það betur?

„Nýjasta Instagram rassamódel Íslands er þorhallur83,“ segir Þórhallur í gríni um mynd vinarins.



## Úr FIFA dómarasætinu í forsetastól



**S**igurður Óli Þorleifsson, sölustjóri hjá Ísfell og knattspyrnuþjálfari, hætti fyrir þremur árum sem sérhæfður aðstoðardómari FIFA. Síðastliðinn miðvikudag, 20. júní, settist hann hins vegar í fyrsta sinn á forsetastól, sem forseti Bæjarstjórnar Grindavíkur, en þá var fyrsti fundur nýrrar bæjarstjórnar haldinn. Sigurður Óli var oddviti Framsóknarfélags Grindavíkur í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum og mun örugglega láta til sín taka með glæsibrag á nýjum leikvelli.

## ERT ÞÚ AÐ SMÍÐA PALL?



Pallinn upp á einfaldari hátt með jarðvegsskrúfum

**ALYAK**



## Ísdrottningin breytir um útlit

**Á**sdís Rán Gunnarsdóttir athafnakona mætti til Sofíu í Búlgaríu ásamt dóttur sinni, Viktoríu Rán, miðvikudaginn 20. júní. Póstuðu þær mæðgur myndum af sér á Facebook þar sem báðar eru komnar með bleikt hár, auk þess sem Ásdís Rán er sjálf klædd í bleikt. Skrifuðu nokkrir aðdáendur ísdrottningarnar athugasemdir við myndina og báðu hana um að halda í ljósa hárið. Líklegt er hins vegar að um filter á Instagram sé að ræða, enda þarf að finna sér eitt-hvað til að drepa tímunn við á 15 klst. ferðalagi.



**saman**



**&**



Gómsætir veislubakkar,  
sem lífga upp á öll tilefni.  
Er kannski heilsuáttak  
framundan?



Ávextir í áskrift kosta um 550 kr.  
á mann á viku og fyrirhöfn fyrirtækisins  
er engin.



**AVAXTA-  
ABILLINN**

*Avaxtaðu betur*

[www.avaxtabillinn.is](http://www.avaxtabillinn.is) • [avaxtabillinn@avaxtabillinn.is](mailto:avaxtabillinn@avaxtabillinn.is) • 517 0110

# „Ekki sjálfgefið að fá aftur tækifæri“

■ Hamingjusöm í brúðkaupsferð á Grikklandi ■ Þakklátur og vill láta gott af sér leiða

Ólafur Gottskálksson og Snjólaug Þorsteinsdóttir gengu í það heilaga þann 10. júní síðastliðinn. Ólafur var á tímabili einn þekktasti knattspyrnumaður landsins en hann stóð í marki Keflavíkur, KR og ÍA auk þess sem hann varð atvinnumaður erlendis, meðal annars með Hibernian og Brentford á Bretlandi við góðan orðstír. Ólafur er einn besti markvörður sem Ísland hefur átt. Ólafur missti síðar tókin á afengi og leiddist út í fíkniefnaneyslu. Ólafur ákvað fyrir tveimur árum að setja tappann í flöskuna eins og frægt er orðið. Í dag leikur lífið við hin nýbökðuð hjón.

Aðspurður um hvernig hann kynntist Snjólaugu svarar Ólafur: „Ég sá hana fyrst árið 2006 en við náðum saman fimm árum síðar. Það hefur ekki slitnað á milli okkar síðan,“ segir Ólafur. Saman eiga hjónin tvö börn, sex ára strákur og sjö ára stelpu. „Eftir sjö og hálfis árs samband gengum við í heilagt hjónaband þann 2. júní. Við fórum í brúðkaupsferð til Krítar þann 15. júní og verðum á Krít á Grikklandi

í tíu daga. Þetta er fyrsta fríð okkar barnlaus.“

Ólafur tjáði sig einnig á Facebook um þá miklu breytingu sem orðið hefur á lífi hans.

„Hve heppinn er ég eftir allt sem ég hef komið mér í, margt allveg frábært og gott. Ég var margfaldur meistari með öllum flokkum Keflavíkur í körfubolta, mörg ár viðriðinn A-landsliðið í knattspyrnu og spilaði marga leiki fyrir mína þjóð. Ég fékk drauminn uppfylltan og hafði atvinnu af fótbolta í sjö ár og á fullan kassa af frábærum minningum frá íþróttaverlinum. Og svo hvað? Ég lét undan sjúkdómnum, alkóhólisma, sem kom út hjá mér sem fíkn í efni sem gengu næstum af mér dauðum og hefur tekið ófá lífin frá góðu fólki.“ Um þá baráttu opnaði Ólafur sig á einlægum hátt í fjölmiðlum eftir að hafa ekið undir áhrifum með barn í bílnum. Ólafur ákvað á þessum tímupunkti að snúa við blaðinu. Hann vildi breyta lífi sínu og var staðráðinn í að láta gott af sér leiða. Það gekk eftir. Ólafur segir:

„Það er ekki sjálfgefið að fá tækifæri eftir tækifæri til að koma


sér á rétta braut og vera í þeirri stöðu sem ég er í dag, eiga konu sem elskar mig eins og ég er, eiga fjögur heilbrigð yndisleg börn, eiga þak yfir höfuðið og geta fært mat á borðið okkar alla daga.“

Í sólinni og rólegheitunum í Grikklandi upplifði Ólafur gríðarlegt þakklæti þegar hann bar saman líf sitt í dag og þegar hann var í fjötrum Bakkusar. Hann fann fyrir þakklæti fyrir að eiga fjölskyldu og hafa fengið tækifæri og stuðning frá starfsmönnum HS Orku. „Eftir að hafa misstigið mig illilega fyrir tveimur árum fékk ég ómetanlegan stuðning frá hverjum einasta starfsmanni þar, veit ekki hvar ég væri án þeirra allra,“ bætir Ólafur við. Aðspurður hvort hann hafi séð lið Íslands etja kappi við Argentínu og hvort hann ætli að

horfa á leik Íslands og Nígeríu á morgun svarar landsliðsmarkvörðurinn fyrrverandi:

„Við horfðum á Ísland gera jafntefli við Argentínu með stórum hópi Íslendinga þar sem Hannes heillaði mig einu sinni enn upp úr skónum, gamli boltastrákurinn

minn úr KR. Á morgun ætjum við Íslendingarnir hér á Krít að hittast aftur á Milos café og horfa á okkar stráka vinna Nígeríu,“ segir hinn hamingjusami fyrrverandi landsliðsmarkvörður að lokum, fullur þakklæti. ■



Ólafur og Snjólaug innileg á brúðkaupsdaginn.



Ólafur Gottskálksson og Snjólaug Þorsteinsdóttir.

## No Bake hnetusmjörs hafraklattar að hætti Sylvíu Haukdal

Sylvía Haukdal Brynjarsdóttir er menntaður pastry chef úr Le Cordon Bleu og starfar hún í Sætum Syndum. Sylvía er einnig lífsstílsbloggari á síðunni Ynjur.is þar sem hún er dugleg að deila með lesendum sínum girnilegum uppskriftum.

Þessi uppskrift er af svo kölluðum No bake hnetusmjörs hafraklöttum.

### Innihald:

- 120 gr smjör
- 4 dl sykur
- 100 ml mjólk
- 4 msk kakó
- 1 dl hnetusmjör (creamy)
- 1 tsk vanilludropar

- 6 1/2 dl gróft haframjöl
- Hvítt súkkulaði og sjávarsalt til skreytingar

### Aðferð:

Smjör, sykur, mjólk og kakó sett í pott. Leyft að sjóða í ca. 1 mín. Hnetusmjöri og vanilludropum hrært saman við. Blöndunni hellt yfir haframjölíð og hrært vel saman. Sett á bökunarpappír í mót og inn í frysti í 10-15 mín. Tekið úr frysti og skreytt með hvítu súkkulaði, sjávarsalti stráð yfir. Sett aftur í frysti í 10-15 mín. Athugið: Geymist í kæli eða frysti.

Hægt er að fylgjast með Sylvíu á Snapchat: shaukdal





**VILTU KAUPA FASTEIGN  
Á SPÁNI?**

**MASA INTERNATIONAL  
BÝÐUR ÞÉR Í SKOÐUNARFERÐ TIL  
COSTA BLANCA Í JÚNÍ & JÚLÍ Á  
29.900 KR.**

ÞAR SEM DRAUMAEIGNINNA ÞÍNA GÆTI  
VERIÐ AÐ FINNA



**masainternational.is / S. 555 0366 - Jón Bjarni & Jónas**

# Íslenska kísilsteinefnið sem slegið hefur í gegn

GEOSILICA ÓSKAR STRÁKUNUM Á HM GÓÐS GENGIS

Nýtt frá  
GeoSilica



## Kísill Íslenskt kísilsteinefni

Kísill er okkur lífsnauðsynlegur og hefur oft verið kallaður hið gleymda næringarefni en hann er eitt algengasta steinefni jarðar. Steinefni gegna mikilvægu hlutverki í myndun og styrkingu bandvefs en bein, sinar, brjósks og hár eru dæmi um bandvef. Kísilsteinefni geoSilica er unnið úr 100% náttúrulegum jarðhitakísli úr hreinu íslensku vatni og inniheldur því engin aukaefni.



## Recover Fyrir vöðva og taugar

geoSilica Recover styrkir allan bandvef líkamans, t.d. brjósks, sinar og liðbönd og getur þannig dregið úr tíðni meiðsla hjá íþróttafólki og þeim sem stunda reglulega hreyfingu. **geoSilica Recover** er að auki magnesíumbætt, en wmagnesíum er lífsnauðsynlegt steinefni sem dregur úr þreytu, gefur aukna orku og styður við eðlilega starfsemi taugakerfisins. Fáðu hraðari endurheimt með **geoSilica Recover**.



## Renew Fyrir húð, hár og neglur

geoSilica Renew getur grynnað ör-hrukkur og lagað húðskemmdir af völdum of mikils sólarljóss. **geoSilica Renew** er sink- og koparbætt, en hvoru tveggja eru lífsnauðsynleg steinefni sem geta stuðlað að styrkingu nagla og hárs auk þess að minnka hárlas og kloffna enda. Bætum heilsuna innan frá með geoSilica.



## Repair Fyrir bein og liði

**geoSilica Repair** inniheldur kísilsteinefni og mangan, og getur þannig styrkt bein og bandvef svosem liðbönd, brjósks og sinar. Mangan á svo ríkan þátt í að viðhalda eðlilegum beinvexti, s.s myndun brjósks og liðvökva og er nauðsynlegt heilbrigði tauga- og ónæmiskerfis. **geoSilica Repair** var sérstaklega hönnuð fyrir liði og bein.

**Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.**

Nánari upplýsingar má finna á [www.geosilica.is](http://www.geosilica.is)

ICELAND

# Vel tekið í söfnun fyrir Axel Frey - „Það er ykkur að þakka að við komumst með barnið okkar út“

Ragna Gestsdóttir  
ragna@dv.is



Byrjun mars sögðum við frá Axel Frey Hafsteinssyni, fjögurra ára dreng, sem er með sjaldgæfan ónæmissjúkdóm sem nefnist ADEM og útleggst á íslensku sem bráða-, dreifð heila- og mænu-bólga og söfnun sem hrundið var af stað til að koma honum undir læknishendur í Bandaríkjunum. Safnaðist nóg fyrir Axel og foreldra hans, Ölmú Rut Ásgeirsdóttur og Hafstein Frey Gunnarsson, til að þau kæmst til Bandaríkjanna.

„Það er magnað hvað fólk er yndislega hjartahlytt og gott, það er með ólíkindum,“ segir Alma í samtali við DV. „Íslendingar eru svo falleg og góð þjóð,“ en víðtal birtist við hana í DV í nóvember í fyrra. „Ég mun aldrei geta fundið orð yfir það hversu þakklát ég er. Þvílík samstaða, þvílík góðmennska, þvílík hjálpssemi og kærleikur,“ segir Alma.

„Við stóðum frammi fyrir því að eiga ekki pening, enda búin að borga mjög mikið síðustu tvö ár, kostnaðurinn við það að vera með langveikt barn er ekkert grín,“ segir Alma, en fyrir eiga þau synina Viktor, fæddan 2001, og Sindra, fæddan 2004. „Við töluðum við sjúkratryggingar og fleira og sáum fram á að við myndum sjálf þurfa að dekla hluta kostnaðar og leggja út fyrir sumum hlutum. Við áttum ekki þann pening og höfum ekki fjárhagslega sterkt stuðningsnet nálægt okkur þannig að við ákváðum að reyna að safna á Facebook og náðum að safna fyrir ferðinni út.“



Reikningur Axels er enn opin og verður það sem á honum er notað til að greiða ferðina og gleraugun.

„Reikningurinn er notaður til að kaupa og borga það sem þarf fyrir Axel, enda fáum við ekki fullar umönnunarbætur og höfum til þessa fengið synjun við öllum beiðnum um hjálpartæki.“

Reikningur: 0370-13-001580,  
kennitala: 240382-5639.

ur hann verið mjög takmarkað á leikskóla, því þó hann sé með 100 prósent stuðning þar þá hefur hann svo lítið þol og er oft þreyttur og

orkulaus á nokkrum lyfjum og fær oft stera í æð og ónæmisbælandi meðferðir.“

Fjölskyldan býr í íbúð sem hentar vel fyrir Axel. „Við fluttum hingað í þessa íbúð áður en Axel varð veikur og erum í raun mjög heppin að búa hér því þessi íbúð hentar mjög vel fyrir hann út af sjóninni; ekki þröskuldar og slíkt.“

Við fundum hóp á Facebook með foreldrum barna með adem og fólk sem var sjálft með adem. Í hópnum eru rétt undir 1000 manns, enda er þetta mjög sjaldgæft og afar fáir með adem. Út frá hópnum fundum við sérfræðinga úti og lyf sem við ræddum við lækninn okkar um hvort myndu vera góð fyrir Axel, við erum að reyna þau og hafa þau náð sjóninni upp um nokkur prósent en svo fer hún aftur niður. Við rædd-



um við okkar lækni um að setja sig í samband við lækninn úti sem hann gerði og þeir tóku ákvörðun um að við myndum fara út til að hitta hann.“


Þrátt fyrir að safnast hafi fyrir ferðinni á skömmum tíma, þá þurfti að bíða eftir dagsetningu og „go“ frá lækninum erlendis, sú bið er nú loksins á enda og fjölskyldan komin með farmiða í hendurnar og á leiðinni út í lok júní.

Á meðan að fjölskyldan beið eftir að komast út sá Alma gleraugu sem heita esight. Axel fékk gleraugu til að prófa og henta þau honum fullkomlega. Gleraugun eru ekki flokkuð sem hjálpartæki hér á landi og því ekki niðurgreidd og ákvað hún að reyna að safna fyrir þeim líka, en þau kosta eina milljón auk gjalda við að koma

þeim hingað til lands. „Ég ákvað að safna fyrir þeim með því að tala við listamenn og hafa uppboð á málverkum og með því, auk framlaga frá einstaklingum, náðum við að safna fyrir gleraugunum,“ segir Alma.

„Takk yndislega þjóð, ég mun svo gera allt til að gera eitthvað gott á móti og hjálpa eins og ég get þegar betur stendur á hjá okkur og lífið okkar kemst í réttan farveg. Þá mun ég gera allt sem ég get til að hjálpa þeim sem þurfa, með einhverju móti á einhvern hátt. Það er ykkur að þakka að við komumst með barnið okkar út, það er ykkur að þakka og engum öðrum.“

Í Facebookhópnum Axel og Adem, má fylgjast með fréttum af Axel og fjölskyldu hans. ■





**HM VEISLAN  
ER HÉRNA,  
INNI OG ÚTI.  
HM BJÓRINN  
Á TILBOÐI**

GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK \* 00354 456 4040 \* [WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS](http://WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS)


# Borgarstjóri á ferð og flugi milli Reykjavíkur og Rússlands

Undanfarnir dagar hafa verið annasamir hjá Degi B. Eggertssyni, borgarstjóra Reykjavíkur. Hann flaug til Moskvu og fylgdist með leik Íslands og Argentínu um síðustu helgi en hélt síðan beint aftur heim til Íslands til þess að vera viðstaddur fyrsta borgarstjórnarmfund kjörtímabilsins. Með Degi í för var aðstoðarmaður hans, Pétur Ólafsson. Í svari Reykjavíkurborgar við fyrirspurn DV kemur fram að borgarstjóri og aðstoðarmaður hans hafi greitt fyrir ferðina úr eigin vasa og að Dagur muni ekki gegna neinum opinberum embættisverkum ytra.

Dagur staldraði síðan stutt við á Íslandi því hann flaug utan til Volgograd í gær, fimmtudag, þar sem hann hyggst vera viðstaddur leik Íslands og Nígeríu. Þaðan verður förlinn haldið áfram til Rostov þar sem Dagur mun vera viðstaddur lokaleik riðilsins milli Íslands og Króatíu. Þessi síðari ferð er hluti af sumarfrí borgarstjórnans og með honum í för er bróðir hans og synir þeirra. Reykjavíkurborg ber því engan kostnað af ferðum borgarstjórnans til Rússlands.

Íslenskir skattgreiðendur sleppa þó ekki alveg við að borga

undir fyrirmenni til Rússlands. Fjölmíðlar höfðu greint frá því að forsetaembættið hefði greitt undir ferð forsetafrúarinnar Elizu Reid og sona hennar til Rússlands þar sem hún var viðstödd leik Íslands og Argentínu. Fram kom að ekki hefði verið um opinbera ferð að ræða en að ferðin félli undir „verk og verksvið forsetafrúarinnar. Meðal annars verkefnið „Team Iceland““ eins og kom fram í svari embættisins. Þá greindi Kjarninn frá því að forsetaembættið hefði að auki greitt undir för annars embættismanns til þess að fylgja Elizu Reid út. ■



## Frí kynlífstæki ef Ísland vinnur

Leikur Íslands og Nígeríu gæti reynst þeim sem vilja fjölbreytni í kynlífi mikil búbót en það fer þó eftir úrslitum leiksins.

Verslunin Adam & Eva, sem selur hjálpartæki ástarlífsins, heitir á viðskiptavini sína ef Ísland ber sigur úr bítum gegn Nígeríu á heimsmeistararamótinu, þá fái þeir sem keyptu vörur dagana 21. og 22. júní allt endurgreitt í formi inn eignar í versluninni.

Þeir sem keyptu sér til dæmis kynsandi undirföt, rólu eða göndul hafa því ærna ástæðu til að styðja landsliðið af fullum krafti á föstudag.



## Pírati mættur í heiminn

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, og Inga Auðbjörg Straumland, athafnastjóri hjá Siðmennt,

eignuðust sitt fyrsta barn þann 6. júní síðastliðinn. Gullfallegur drengur kom í heiminn sem er enn í svólíttilli nafnaleyti að sögn foreldra. Tíu dögum síðar tók Inga sér örstutt frí frá móðurhlutverkinu og fór í Hörpu þar sem hún útskrifaðist með meistaragráðu í verkefnastjórnun. Við óskum nýbökðu foreldrum innilega til hamingju með nýja hlutverkið.

Inga Auðbjörg og Helgi Hrafn giftu sig í júlí 2016, en Inga Auðbjörg bað Helga Hrafn og vakti bónorðið mikla athygli. Bónorðið átti sér stað í Rieneck-skátakastalanum í Þýskalandi og fékk Inga Auðbjörg yfir hundrað manns til þess að taka þátt í svokallaðri „flash mob“ en það er enska heitið á stórum hópi fólks sem gerir eitt-hvað óvænt meðal almennings.



Ég ætla sko að stunda kynlíf í Dag!

Loki

**Sjáðu öll tilboðin á byko.is**

**ÁFRAM ÍSLAND**  
Tilboð til 27. júní

Tilboð gilda til 27. júní eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um innsláttar-/prentviltur og öðra myndbreyngi.

**Einhell®**

**Tilboðsverð**

**31% afsláttur**

**Rafmagnsslátuvél**  
GE-EM 1030. Hágæða og kraftmikil rafmagnsslátuvél. Vélin er frábær í að slá minni garða. Með kraftmiklum 1000 W rafmótor.

**8.995**  
74830020

Almennt verð: 12.995

**Tilboðsverð**

**Sólstóll Svartur.**

**4.995**  
41613415

Almennt verð: 7.995

**38% afsláttur**

**Tilboðsverð**

**Ferðagasgrill**  
Blátt eða svart.

**12.995**  
50632099

Almennt verð: 24.995

kilóvött 2,93 brennarar 1

**Broil King®**  
Great Barbecues Every Time

**Tilboðsverð**

**Gasgrill**  
ROYAL 320 með þremur ryðfríum brennurum, og grillgrindum úr pottjárni sem hægt er að snúa við.

**33% afsláttur**

**39.995**  
50657512

Almennt verð: 59.995

kilóvött 2,93 brennarar 1

## HVAÐ KOSTAR PALLURINN?

Fáðu tilboð í pallinn hjá okkur á byko.is

Sjá nánar á byko.is

**BYKO**

GERUM PETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land